26

Eitt stærsta safn Massey Ferguson-dráttarvéla á landinu

28

Óumdeild arfleifð Álfadísar

32–33

„Hef lagt mest upp úr að vera gagnrýninn, heiðarlegur og að segja fólki sannleikann“

Bændablaðið

11. tölublað 2022 • Fimmtudagur 9. júní • Blað nr. 612 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Kúabændur leyfðu landsmönnum að skyggnast inn í dagleg störf sín á alþjóðlega mjólkurdeginum í byrjun mánaðarins. Skemmst er frá því að segja að myndir og myndbönd frá búum kringum landið hafi slegið í gegn. Ein af fyrirsætum dagsins var garðkálfurinn frá Hátúni í Skagafirði, sem undi sér vel innan um garðabrúðu og blágresi. *– Sjá nánar á bls. 7*

Mynd / Helga Sjöfn Helgadóttir

Ógnarástand

Vegna ógnarástands á erlendum mörkuðum virðist hráefni til fóðurframleiðslu á Íslandi að vissu leyti vera ótryggt. Fóðurframleiðandi segist enga tryggingu hafa fyrir því að fá næg hráefni til fóðurframleiðslunnar út þetta ár.

Einhverjir hnökrar hafa þegar komið upp varðandi afgreiðslu á pöntunum fóðurframleiðenda.

Almenningur finnur nú vel fyrir matvælaverðshækkunum og bændur ekki síður fyrir verðhækkunum á aðföngum – ekki síst innfluttu fóðri sem hefur í ákveðnum tilvikum hækkað um nálægt 50 prósent frá síðasta hausti.

Dvínandi framleiðsluvilji

Íslenskar búgreinar í eggja- og kjötframleiðslu eru allar háðar innfluttu fóðri, þó mismikið sé. Bændur hafa þurft að takast á við miklar verðhækkanir á aðföngum frá því í lok síðasta árs, einkum sögulegar áburðarverðshækkanir í byrjun árs.

Þótt fæðuöryggi Íslendinga sé líklega ekki ógnað alveg í bráð virðist framleiðsluvilji bænda hafa dvínað mjög að undanförnu og er staðan víða orðin grafalvarleg.

Bændur þurfa að taka ákvörðun um hvort þeir ætli að borga með framleiðslunni með tekjum utan bús. Nautakjötsframleiðendur eru margir hættir að setja gripi á og sauðfjárbændur munu draga verulega saman í ásetningi í haust. */smh*

Sjá nánari á blaðsíðum 20–21.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði:

Aðstaða bænda og fyrirtækja í landbúnaði á Íslandi er lakari en í öðrum ríkjum Evrópu

Rúmlega tuttugu íslensk fyrirtæki sem tengjast landbúnaði og matvælaframleiðslu hafa stofnað Samtök fyrirtækja í landbúnaði.

„Markmið samtakanna er meðal annars að stuðla að því að íslenskum landbúnaði og fyrirtækjum í landbúnaði verði búin svipuð starfsaðstaða og gerist í Evrópusambandinu og Noregi,“ segir Sigurjón Rafnsson, formaður nýju samtakanna.

„Við erum enn að fullmóta stefnu og formleg markmið samtakanna og hvernig þau munu koma til með að starfa en við vitum hverjar lykilláherslurnar eru.“

Sigurjón segir að í dag halli verulega á íslenska bændur og fyrirtæki í landbúnaði í aðstöðu og samanburði við þá umgjörð sem landbúnaður í Evrópu býr við.

„Á síðustu tveimur áratugum hefur umhverfi íslenskra bænda og íslenskra landbúnaðarfyrirtækja versnað mjög mikið í samanburði við þá aðstöðu og umgjörð sem sambærilegum aðilum er búin annars staðar í Evrópu.

Þetta er líklega þvert á þá almennu skoðun sem ríkir í þjóðfélaginu. Þegar lagðar eru saman víðtækar undanþágur frá samkeppnislögum, aðlögun reglugerða að aðstæðum hvers ríkis, beinn stuðningur tengdur framleiðslu, tollvernd, tollaeftirlit, stuðningur sem tengist ekki framleiðslu, svo sem vegna byggðamála og grænna lausna í landbúnaði, tollasamningar við önnur ríki og markaðsinngrip, svo eitthvað sé nefnt, þá er óhætt að fullyrða að Ísland rekur lestina þegar kemur að því að skapa landbúnaðinum sambærilega umgjörð og þau ríki sem við viljum bera okkur saman við. Reiknaður stuðningur, eins og tollvernd, hefur hrapað á síðustu árum vegna samninga sem gerðir hafa verið við önnur ríki og eru okkur óhagstæðir.

Ef skoðuð er framkvæmd tollaeftirlits á Íslandi og undanþágur frá samkeppnislögum, sem eru mjög víðtækar í Evrópusambandinu og í Noregi, þá kemur upp sorgleg mynd sem sýnir að aðstaða íslenskra bænda og landbúnaðarfyrirtækja er mun verri en í öðrum ríkjum í Evrópu.

Þessi mismunur og staðreyndir um hann hefur að okkar mati aldrei náð upp á yfirborðið hér á landi og því gætir iðulega mikils misskilnings í umræðunni um landbúnað og greininni alls ekki sinnt sem skyldi.“

Að sögn Sigurjóns eru ástæðurnar fjölmargar breytingar sem hafa átt sér stað í samfélaginu og að einnig hafi samtök bænda og fyrirtæki í landbúnaði og stjórnvöld sofnað á verðinum undanfarin ár. Úr þessu þarf að bæta og færa rekstrarskilyrði íslensks landbúnaðar til samræmis við rekstrarskilyrði í Noregi og í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Öll helstu fyrirtæki í landbúnaði

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins er fyrirmynd samtakanna dönsk samtök sem kallast Landbrug & Fødevarer, auk þess sem horft er til Bondelaget í Noregi.

Hér er um að ræða samtök sem koma fram fyrir hönd virðiskeðja í landbúnaði, nánar tiltekið frá „jörð til borðs“, eins og það er orðað í Danmörku, eða frá „bónda til borðs“ eins og það er orðað í Evrópusambandinu.

Meðal fyrirtækja sem koma að stofnun nýju samtakanna eru Auðhumla, Mjólkursamsalan, Mjólkursamlag KS, Sölufélag garðyrkjumanna, Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjarnafæði/Norðlenska, SAH afurðir, Ísfugl, Norðlenska matborðið, Matfugl, Síld og fiskur, Sláturhús KVH, Kjötafurðastöð KS, Stjörnugrís og Fóðurblandan, auk annarra sem átt er í samræðum við.

Samhliða stofnun nýju samtakanna munu mörg fyrirtækjanna ganga úr Samtökum iðnaðarins.

/VH

Framhald á næstu síðu.

FRÉTTIR

Eggjaframleiðsla:

Dönsk egg voru til sölu í verslun

– Kanna vankanta á regluverki vegna innflutnings



Lífræn dönsk egg voru til sölu í verslun hér á landi nýverið. Til þessa hefur einungis verið leyfður innflutningur á gerilsneyddum eggjamassa en ekki hráum eggjum.

„Satt best að segja brá mér þegar ég fékk upplýsingar um að hægt væri að kaupa lífræn egg frá Danmörk hér á landi,“ segir Halldóra Kristín Hauksdóttir, eggjabóndi hjá Grænegg á Svalbarðsströnd og stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands. Halldóra segist líta það alvarlegum augum út frá sjúkdómavörnum að hægt sé að kaupa innflutt hrá egg á Íslandi.

Halldóra bendir á að íslenski varpfuglastofninn sé laus við sjókdóma og að íslenskir eggjaframleiðendur fylgi ýtrustu heilbrigðiskröfum, bæði á búum sínum og við innflutning á eggjum til kynbóta. Hún bendir einnig á að einungis er leyfilegt að flytja inn frjó egg í gegnum einangrunarstöð Stofnunga á Hvanneyri.

„Það hlýtur að skjóta skökku við að nú sé hægt að kaupa innflutt hrá lífræn egg,“ segir hún.

Halldóra veltir því fyrir sér hvort ekki sé eitthvað athugavert við regluverkið. Vernd í íslenskum landbúnaði, þar á meðal í eggjaframleiðslu, er annars vegar í formi tolla og hins vegar á grundvelli sjúkdómavarna.

„Það er alveg ljóst að ef þessi vernd væri ekki til staðar þá værum við ekki með íslenska eggjaframleiðslu. Svo að mínu mati er mikilvægt að vera á verði gagnvart þessu.“

Kanna hvort eftirliti sé ábótavant

Auknar kröfur voru nýlega settar á innflutning á eggjum og þarf sem dæmi að fylgja heilbrigðisvottorð um að eggin séu laus við salmonellu. Halldóra segir stöðu eggjaframleiðenda, til þessa, hafa verið nokkuð góða enda séu egg vinsæl og góð matvara og seljist vel. Sumarið í ferðaþjónustu fari vel af stað, en hótel og veitingastaðir eru stórkaupendur eggja.

Halldóra K. Hauksdóttir, eggjabóndi hjá Grænegg á Svalbarðsströnd.

„Útlitið er að því leyti til ágætt, þrátt fyrir að ákveðnar áhyggjur af stöðunni séu til staðar. Hækkanir á aðföngum undanfarið eru miklar, m.a. á fóðri, sem er stór liður í okkar rekstri,“ segir hún.

Fjárfest fyrir milljarða

Eggjaframleiðendur hafa síðastliðin ár fjárfest fyrir marga milljarða króna vegna reglugerðarbreytinga sem snúa að aðbúnaði alifugla.

Að sögn Halldóru er um það bil tíu eggjabú eru í rekstri hér á landi um þessar mundir fyrir utan þá sem halda hænur til heimilisins. Halldóra hefur spurnir af því að rekstri verði hætt á tveimur minni búum, m.a. vegna nýrra reglugerðarbreytinga.

„Það er margt sem hefur verið okkur andsnúið undanfarið, heimsfaraldurinn hafði vissulega slæm áhrif og ofan í hann bætist svo stríð í Úkraínu sem bætir gráu ofan á svart.“ /MÞÞ



Meðal fyrirtækja sem koma að stofnun nýju samtakanna eru Auðhumla, Mjólkursamsalan, Mjólkursamlag KS, Sölufélag garðyrkjumanna, Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjarnafæði/Norðlenska, SAH afurðir, Ísfugl, Norðlenska matborðið, Matfugl, Síld og fiskur, Sláturhús KVH, Kjötafurðastöð KS, Stjörnugrís og Fóðurblandan.
Mynd / Bbl

Samtök fyrirtækja í landbúnaði:

Ísland rekur lestina

– Samhliða stofnun nýrra samtaka ganga fyrirtæki úr Samtökum iðnaðarins

„Greiningarvinna fyrirtækja í landbúnaði og Bændasamtaka Íslands síðustu tveggja til þriggja ára hefur skýrt þessa mynd og það er hlutverk okkar að koma henni á framfæri, íslenskri þjóð til hagsbóta. Margir halda að á Íslandi sé enn í gildi sjóða- og millifærslukerfi í landbúnaði, sem hefur ekki verið til staðar í fjöldamörg ár,“ segir Sigurjón Rafnsson formaður nýrra samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

Hann fullyrðir að á Íslandi sé ríkjandi gagnsæjasta stuðningskerfi við landbúnað sem fyrirfinnist í Evrópu. „Hér er í gildi einn búvörusamningur milli bænda og ríkisins sem er opinbert plagg. Þannig er því ekki farið innan Evrópusambandsins þar sem stuðningur við landbúnað er ógegnsær og ekki nema á færi þeirra sem hafa aðgang að stjórnsýslunni og með mikilli vinnu að fá aðgang og upplýsingar um hver stuðningurinn raunverulega er.

Hitt er svo annað mál að við megum horfa mun meira til þess hvernig Evrópusambandið og Noregur hlúa að sínum landbúnaði og tengja hann fæðuöryggi, byggðamálum og félagslegum þáttum. Lífið er aldrei bara hvítt eða svart. Þvert á móti gera bæði Noregur og Evrópusambandið sér grein fyrir því að framleiðsla landbúnaðarafurða sé ekki raunhæfur kostur nema með aðkomu ríkisvaldsins og sér þess merki í allri laga- og reglugerðarsetningu. Íslensk stjórnvöld þurfa að tileinka sér sömu aðferðafræði til að gera rekstrarskilyrði íslenskra bænda sambærileg þeim sem gilda í Noregi og á meginlandi Evrópu. Það þarf að jafna aðstöðumun milli íslenskra bænda annars vegar og norskra og evrópskra bænda hins vegar, eins og boðað hefur verið í drögum að nýrri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Við verðum líka að horfa til þess að gagnrýni frá aðilum sem tengjast landbúnaði og matvælaframleiðslu gagnvart versluninni hér er alls ekki sanngjörn. Þótt hagsmunasamtök verslunarinnar tali stundum af vanþekkingu um landbúnaðarmál, þá finnst mér að stjórnendur stóru verslanakeðjanna hér á landi hafi oft meiri skilning á landbúnaðarmálum en stjórnvöld. Þeir skilja mikilvægi íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og við þurfum að vinna mun þéttara með versluninni í að auglýsa íslenskan landbúnað. Við megum heldur ekki gleyma því að á Íslandi er framlegð verslunar af innlendri landbúnaðarframleiðslu sú langminnsta í hinum vestræna heimi og líklega þótt víðar væri leitað samanburðar.“

Sigurjón Rafnsson, formaður nýrra samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

Beina aðild að Samtökum atvinnulífsins

„Þeir sem standa að Samtökum fyrirtækja í landbúnaði telja að samtökin eigi að hafa beina aðild að Samtökum atvinnulífsins eins og aðrar lykilstarfsgreinar samfélagsins, eins og til dæmis Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu og Samtök iðnaðarins. Það eitt og sér er mjög mikilvægt til að greinin fái þá rödd og sess sem henni ber sem einni af mikilvægustu atvinnugreinum þjóðarinnar.

Stofnun samtakanna er því liður í því að koma umræðunni um landbúnað á þann stað í samfélaginu sem hún á skilið. Það má ekki gleyma því að einungis tvær atvinnugreinar hafa fylgt þjóðinni frá landnámi, sjávarútvegur og landbúnaður. Í því sambandi þarf að rétta hlut landbúnaðar. Samstaða þeirra sem standa að samtökunum er mikil enda gera þeir sér grein fyrir því að það er komið að úrslitastund um það hvort ákveðnar greinar landbúnaðarins leggist hreinlega af, eins og nautakjötsframleiðsla og dilkakjötsframleiðsla, svo alvarleg er staðan,“ segir Sigurjón.

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins er fyrirmynd samtakanna dönsk samtök sem kallast Landbrug & Fødevarer, auk þess sem horft er til Bondelaget í Noregi. Hér er um að ræða samtök sem koma fram fyrir hönd virðiskeðja í landbúnaði, nánar tiltekið frá „jörð til borðs“, eins og það er orðað í Danmörku, eða frá „bónda til borðs“ eins og það er orðað í Evrópusambandinu.

Meðal fyrirtækja sem koma að stofnun nýju samtakanna eru Auðhumla, Mjólkursamsalan, Mjólkursamlag KS, Sölufélag garðyrkjumanna, Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjarnafæði/Norðlenska, SAH afurðir, Ísfugl, Norðlenska matborðið, Matfugl, Síld og fiskur, Sláturhús KVH, Kjötafurðastöð KS, Stjörnugrís og Fóðurblandan, auk annarra sem átt er í samræðum við. Samhliða stofnun nýju samtakanna munu mörg fyrirtækjanna ganga úr Samtökum iðnaðarins.

Samtal við Bændasamtökin

„Við höfum þegar hafið viðræður við Bændasamtökin um það hvort við getum sameiginlega unnið að lykilhagsmunamálum landbúnaðarins og BÍ hefur tekið vel í það. Tilgangur SAFL er ekki að fara inn á starfssvið Bændasamtakanna, þar sem þau hafa sínum tilgangi að sinna, bæði félagslega og gagnvart ríkinu. Við sjáum fyrir okkur að gera samstarfssamning við Bændasamtökin til að vinna sameiginlega að hagsmunamálum.

Við erum sterkari saman, Bændasamtökin og Samtök fyrirtækja í landbúnaði, þar sem við komum sameiginlega fram fyrir allt framleiðsluferli landbúnaðarvara – fyrir alla virðiskeðjuna eins og þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Einn lykiltilgangur Samtaka fyrirtækja í landbúnaði er að tryggja að bændum og fyrirtækjum í landbúnaði verði búin svipuð starfsaðstaða og gerist annars staðar í Evrópu, auk þess að stuðla að aukinni fræðslu um málefni landbúnaðarins í samfélaginu,“ segir Sigurjón. /VH

Styrk stoð undir íslenskan landbúnað

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að árið 2020 hafi verið samþykkt á Búnaðarþingi að skoða möguleika á að skapa aðra stoð undir íslenskan landbúnað ásamt Bændasamtökunum, sem væru fyrirtæki sem tengjast landbúnaði og matvælaframleiðslu.

„Fram til þessa hafa ekki verið til nein formleg samtök fyrirtækja í landbúnaði sem Bændasamtökin hafa getað rætt við og það hefur þurft að ræða við tæplega þrjátíu aðila hver í sínu lagi um málefni sem að þeim lúta, í stað þess að geta rætt við þau undir einum hatti.“ Að sögn Gunnars mun samstarf við samtökin hafa í för með sér möguleika til samtals um hagsmuni landbúnaðarins í heild sinni þegar kemur að öllu sem snertir allt regluverk í landbúnaði, upplýsingaöflun, söfnun hagtalna og samvinnu um að minnka kolefnisspor íslensks landbúnaðar í gegnum alla virðiskeðjuna en ekki bara hjá frumframleiðendum.

can-am ski-doo LYNX SEA-DOO

BRP HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ

Stærri og enn betri aðstaða að Vínlandsleið 1, Grafarholti.
Glæsilegur sýningarsalur með úrvali tækja,
fatnaði og fylgihlutum ásamt stærra verkstæði.

Komdu og kynntu þér ný ævintýri!

BRP ELLINGSEN
415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR

Nýir starfskraftar hjá Bændablaðinu

Í næstu tölublöðum munu lesendur Bændablaðsins verða varir við nýja starfskrafta.

Ástvaldur Lárusson hefur verið ráðinn í starf blaðamanns. Ástvaldur er búfræðingur og stjórnmálafræðingur að mennt. Hann var kosningastjóri Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi sl. haust og hefur einnig starfað sem lögreglumaður og ísbílsstjóri.

Að undanförnu hefur hann sinnt sölu og faglegri ráðgjöf á sviði fóðrunar hjá Líflandi og er sérstakur áhugamaður um tæki og tækni í landbúnaði.



Ástvaldur Lárusson.

Þá hefur Hulda Finnsdóttir verið ráðin til starfa við vefumsjón og efnisöflun í sumar. Hulda er viðskipta- og tölvunarfræðingur með meistarapróf í upplýsinga-stjórnun. Hún hefur m.a. starfað hjá hestatímaritinu Eiðfaxa, bæði sem blaðamaður og ritstjóri, en er einnig hrossaræktandi og rekur ásamt fjölskyldu sinni hrossaræktarbúið Vesturkot.

Hulda Finnsdóttir.

Nýir efnisþættir hefja göngu sína í blaðinu. Á bls. 18 munum við birta með reglulegum hætti upplýsingar um helstu hagtölur sem tengjast landbúnaði lesendum til glöggvunar.

Ljósmyndarinn og fuglaáhugamaðurinn Óskar Andri Víðisson mun fegra blaðið með fallegum myndum og skemmtilegum fróðleik um fugla

Óskar Andri Víðisson.

Þá ætlar Skógræktin að fræða okkur um tré landsins í nýjum dálki. Matarkrókurinn verður leiddur áfram af þremur mætum mönnum. Mataráhugamaðurinn og ljósmyndarinn Hari, Haraldur Jónasson, ásamt feðgunum og verðlaunakokkunum Hafliða Halldórssyni og Halldóri Hafliðasyni munu hvetja lesendur til dáða við fyrsta flokks matreiðslu á íslenskum hráefnum.

Feðgarnir Hafliði og Halldór.

Hin vinsæli efnisþáttur Nytjar hafsins mun einnig fá til sín aukinn mannafla en í sumar ætla Arthur Bogason og Brynjólfur Sigurgeir Kristgeirsson að munda pennann á því sviði, en þeir hafa áður skrifað nokkra pistla á þessum vettvangi.

Um leið og þau eru boðin velkomin til starfa er þeim Hirti L. Jónssyni og Bjarna Gunnari Kristinssyni þakkað fyrir ómetanlegt framlag sitt til blaðsins á undanförnum árum. Hjörtur hefur sett svip sinn á blaðið í Vélabásnum og með fróðlegum greinum um öryggismál og Bjarni Gunnar hefur deilt gómsætum uppskriftum í Matarbásnum. */ghp*

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Íslensk nautgriparækt glímir við mikinn rekstrarvanda. Mynd / smh

Rekstrarvandi íslenskrar nautgriparæktar:

Nautakjötsframleiðendur í mjög erfiðri rekstrarstöðu

Verulega kreppir að innlendri nautakjötsframleiðslu, sem virðist sú íslenska búgrein sem býr við einna verstu rekstrarskilyrðin þessi misserin. Þrír rekstrarþættir hafa þar afgerandi áhrif; lágt afurðaverð, hár breytilegur kostnaður og slæm samkeppnisstaða gagnvart innfluttu kjöti.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, bóndi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði og formaður deildar nautgripabænda innan Bændasamtaka Íslands, samsinnir því að hljóðið sé mjög dauft í bændum í nautakjötsframleiðslu. „Greinin er enda í feikna erfiðri stöðu. Einhverjir hafa dregið úr framleiðslunni meðan önnur bú hafa einfaldlega ákveðið að hætta framleiðslu nautakjöts.“

Kúabændum fækkar líka

Rekstrarhorfur í mjólkurframleiðslunni hafa einnig versnað, eins og fram kom í úttekt Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um stöðuna í greininni í febrúar síðastliðnum.

Einhver fækkun hefur orðið meðal kúabænda á undanförnum árum en þar hefur orðið samþjöppun á mjólkurkvóta og bú stækkað. Í þeirri grein á verðlagsnefnd búvöru að tryggja það að afurðaverð til bænda fylgi eftir almennu verðlagi og notar

Herdís Magna Gunnarsdóttir, bóndi á Egilsstöðum og formaður deildar nautgripabænda innan Bændasamtaka Íslands. Mynd / Aðsend

til þess tiltekinn verðlagsgrundvöll, sem Herdís hefur haft efasemdir um að þjóni tilgangi sínum nægilega vel í dag.

Herdís segir þó að samkvæmt upplýsingum frá Auðhumlu hafi þó ekki fækkað mikið að undanförnu í hópi kúabænda.

Verðhækkanir á kjarnfóðri vega þyngra fyrir kúabændur

Miklar verðhækkanir hafa orðið á undanförnum mánuðum á fóðurhráefnum á erlendum mörkuðum, sem hefur leitt til þess að tiltekin hráefni hafa hækkað um nærri 50 prósent frá síðasta hausti. Í byrjun árs þurftu bændur að takast á við allt að 120 prósenta áburðaverðshækkanir.

Herdís segir að í samantekt, sem deild kúabænda hefur unnið um áhrif verðhækkana á aðföngum á nautgripabændur, komi skýrt fram að áhrif kjarnfóðurhækkana vegi þyngra í mjólkurframleiðslunni en á móti vegi áburðarhækkanir meira í kjötframleiðslunni.

Fóðurkostnaður vegna innflutts fóðurs sé að meðaltali 37 prósent af breytilegum kostnaði mjólkurframleiðenda en að meðaltali 29 prósent á nautakjötsbúum.

Áburðarkostnaður sé að meðaltali 22 prósent af breytilegum kostnaði hjá nautakjötsframleiðendum en 14 prósent hjá mjólkurframleiðendum.

„Gríðarlegar aðfangahækkanir síðustu misseri reynast auðvitað öllum landbúnaðinum gríðarleg áskorun, sem greinarnar eru svo misvel í stakk búnar til að takast á við.

Staðan er ekki eins slæm í mjólkurframleiðslunni og nautakjötsframleiðslu en uggur er í kúabændum yfir stöðu mála,“ segir Herdís. */smh*

Bolungarvík:

Mjólkurvörur frá Örnu til Bandaríkjanna

Nýlega skrifuðu forsvarsmenn Örnu í Bolungarvík og forsvarsmenn Reykjavík Creamery mjólkurvinnslu í Pennsylvaníu undir viljayfirlýsingu um samstarf á milli fyrirtækjanna um framleiðslu og sölu á mjólkurvörum Örnu í Bandaríkjunum.

„Ég og við hjá fyrirtækinu erum mjög ánægð og stolt með þennan samning, það er frábært að komast inn á Bandaríkjamarkað með vörunar okkar,“ segir Hálfdán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnu í Bolungarvík.

Samningurinn felur í sér framleiðslu og sölu á laktósafríu mjólkurvörum Örnu, sem þekktar eru og seldar hér á landi. En auk þess er ætlunin að framleiða próteinríka hafrajógúrt, sem Arna ætlar sér að

Hálfdán með nýja vöru Örnu, próteinvatn í áldósum. Mynd /MHH

setja á markað á Íslandi í sumar. Gert er ráð fyrir að flytja út vörur frá Íslandi í fyrstu, en síðar mun Reykjavík Creamery framleiða vörurnar í nýrri verksmiðju sinni í Pennsylvaníu.

„Það er blússandi gangur í fyrirtækinu, vörunar okkar seljast mjög vel á Íslandi og markaðurinn hefur tekið okkur opnum örmum. Við erum 44 í fyrirtækinu í dag og það er allt sem bendir til að þess að okkur eigi eftir að fjölga og fjölga,“ segir Hálfdán.

Próteinvatn í bauk

Það er ekki nóg með það að Hálfdán og hans fólk í Bolungarvík, sé að hefja útflutning á vörum fyrirtækisins til Bandaríkjanna því fyrirtækið var líka að setja splunkunýja vöru á markað. Það er próteinvatn í áldósum, vatnið er uppleyst í mysupróteini en í hverjum bauk eru 14 grömm.

Hálfdán segir vöruna alveg upplagða fyrir þá sem þurfa að bæta á próteintankinn og svala þorsta. */MHH*

Búðu þig undir sumarstörfin

N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki

Dunlop gúmmískór Wellie

Vinsælir í matvælavinnslu.

Stærðir: 37-46.

Vnr. 9655 B370411

Farangursteygja

Farangursteygja 100 cm með krókum
2 stk í pakka.

Vnr. 948 2002923

Tork WC rúlla permium mjúkur 3 faldur pappír T4

Mjúkur hvítur 3ja laga WC pappír. Hver rúlla er 35 m á lengd og 248 blöð.

Vnr. 6487 84810120

C-11 þvottaduft umhverfisvænt - 10 kg

Gott og drjúgt þvottaefni í allan alhliða þvott.

Vnr. A674 111310

Hleðslustöð Zaptec Go

Sama hvert þú keyrir eða hvert þú ert að fara, Zaptec Go er öruggasta leiðin til að knýja ferðina þína. Byggð á leiðandi Norskri grænni tækni, var búin til minnsta 22kW hleðslustöð (sem er hámarksafl), sem er jafn snjöll að innan sem hún er einföld að utan. Getur hlaðið alla rafbíla.

Vnr. 100005195

Grillkol fyrir rekstraraðila - 10 kg

Kol sem endast vel og halda miklum hita lengi.

Vnr. 079 1002

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
Höfn s. 440 1462 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0318 – **Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is − Sími smáauglýsinga: 563 0300 – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Traust og „chill“

Það hlýtur að heyra til undantekninga að landbúnaðarmiðaður prentmiðill sé sá stærsti meðal fréttamiðla hjá einni þjóð.

Lestrartölur sýna, svo ekki verður um villst, að Bændablaðið er leiðandi miðill sem lesinn er um allt land, í reynd sá víðlesnasti á landsbyggðinni og í öðru sæti yfir mest lesnu prentmiðla á landsvísu. Lesturinn hefur aukist verulega innan borgarmarkanna, svo að Vesturbæingar jafnt sem Vestfirðingar virðast skófla efni blaðsins í sig.

Varla er hægt að nefna starfsvettvang sinn án þess að lenda í stórskemmtilegum og vel þegnum samræðum um hið mæta Bændablað.

Þetta kemur ekki af sjálfu sér. Inntak og ímynd blaðsins byggir á mannauðinum sem að því stendur og Bændablaðið hefur verið svo heppið að hafa sannkallaða hamhleypu í brúnni. Það er mikill sjónarsviptir af Herði okkar Kristjánssyni í starfsmannahópnum. Hann hefur haldið vel utan um okkur sem hér vinnum, verið bæði fyrirmyndarleiðtogi og traustur vinur. En um leið og hann er yfirmáta dagfarsprúður þá gegnir öðru máli við ritstörfin; hann mundaði skarpan penna og tókst gjarnan að varpa einstakri sýn á málefni með slíkum hætti að fáir gátu leikið það eftir.

Í viðtali hér í blaðinu segist Hörður hafa lagt mest upp úr því að beita gagnrýninni hugsun á öll viðfangsefni og umfram allt að vera heiðarlegur og segja fólki sannleikann með skrifum sínum og efnistökum.

„Ég hef forðast að elta skrif annarra fjölmiðla og upplýsa frekar um áhugaverða hluti sem aðrir leggja sig ekki eftir, eða nenna ekki að sinna. Ég held að þetta sé lykillinn að velgengni Bændablaðsins undanfarin ár. Slíkt gerist þó ekki nema að allt starfsfólkið rói í sömu átt,“ segir Hörður.

Það er varla hægt að fylla í fótspor Harðar. Í ræðu minni í kveðjuhófi fráfarandi ritstjóra óskaði ég eftir áskrift að „chillpillunni“ sem hann virðist eiga botnlausan forða af. En við vinnslu á þessu fyrsta blaði mínu sem ritstjóri þá átta ég mig á að „pillan“ er í raun það frábæra fólk sem vinnur hér á blaðinu.

Á undanförnum árum hefur Bændablaðið leitt umræður um brýn málefni sem varða okkur öll. Hér má nefna fæðuöryggi í landinu, orkumál, umhverfis- og auðlindamál sem og heilbrigðisógnina sem fylgir sýklalyfjaónæmi. Lengi vel var blaðið nær eitt um að fjalla um þessi viðfangsefni af þekkingu og gagnrýni. En allt eru þetta mál sem hafa á síðustu misserum komist í sviðsljós almennrar fjölmiðlaumræðu og ekki að ósekju. Þetta eru mál málanna. Þau tengjast grunnþáttum lífsins og lífsgæða okkar. Þetta eru málefni sem allir ættu að láta sig varða.

Auðmjúk tek ég því við starfi Harðar og mun af heilindum vinna að því að halda áfram á þeirri vegferð sem hann hefur leitt í yfir áratug.

Við munum halda áfram að fjalla um grunnstoðir samfélagsins á gagnrýninn hátt, byggja upplýsingar á okkar trausta þekkingarbrunni og leitast eftir því að varpa skýrri og skiljanlegri sýn á fjölbreytt efnistök okkar. Ætlun okkar er að stunda áfram metnaðarfulla upplýsingagjöf sem mark er á takandi og tilgangurinn er ávallt að lesandi Bændablaðsins geti myndað sér upplýsta skoðun að lestri loknum.

/ghp

Íslenskur landbúnaður grunnstoð fæðuöryggis

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Í upphafi þessa leiðara vil ég koma á framfæri þökkum til Harðar Kristjánssonar, fráfarandi ritstjóra Bændablaðsins til 15 ára, fyrir vel unnin störf.

Hörður hefur stýrt ritstjórn blaðsins með miklum sóma og gert okkar blað bænda að eftirsóttu lesefni fyrir alla landsmenn.

Einnig vil ég bjóða velkomna í stól ritstjóra Guðrúnu Huldu Pálsdóttur, sem tekið hefur við sem ritstjóri og er þetta fyrsta blað á hennar ábyrgð.

Fæðuöryggi

Talsverð vinna hefur farið fram á skrifstofu Bændasamtakanna í að fylgjast með þróun markaða með aðföng til bænda og einnig þær aðgerðir sem nágrannalönd okkar eru að gera til að tryggja fæðuöryggi sinna þjóða í samningum við bændur.

Nú hefur ráðherra matvæla skipað svokallaðan spretthóp til að móta tillögur til ráðherra um aðgerðir vegna þróunar á mörkuðum.

Ég vil fagna því að ráðherra skipi þennan hóp en hann fær ekki marga daga til að skoða þessi mál, sem eru ansi umfangsmikil.

Vinnan sem fram hefur farið af okkar hálfu nýtist vonandi inn í þessa umræðu og tekið verði tillit til þeirra atriða sem við höfum haft mestar áhyggjur af. En við sem framleiðendur verðum einnig að leita allra leiða til að hagræða í rekstri í flóknu umhverfi aðfangakerfisins.

Þar er af mörgu að taka; olíuhækkanir, umbúðahækkanir, flutningshækkanir, fasteignaskattshækkanir og svo mætti lengi telja, svo ekki sé talað um verðbólgu og vaxtahækkanir, en allt þetta hefur áhrif á afkomu íslenskra bænda. En enn og aftur þá er ábyrgð okkar sem frumframleiðendur mikil.

Kýrnar á Daufá. Mynd / Guðrún Björg Egilsdóttir

Bændur og búalið

Ég tel að bændur séu nokkuð bjartsýnir þrátt fyrir allt og ekki skemmir tíðarfarið, sem hefur verið með eindæmum gott meira og minna um allt land. Þetta kemur upp á móti hækkandi áburðarverði þar sem uppskera virðist stefna í sæmilegar afurðir.

En sumarið er nú ekki búið en nauðsynlegt að horfa á það jákvæða í þessari stöðu.

Annað verkefni sem við höfum verið að vinna að er í samstarfi við laxeldisbændur sem ætla sér að framleiða lax á landi.

En það er hvernig við getum nýtt þeirra afurðir sem falla til við framleiðsluna í hringrásarhagkerfi Íslands.

Það er mjög athyglisverð nálgun á þeim vettvangi sem mikilvægt er að við sem bændur komum að til að nýta þau verðmæti sem falla til við þessa framleiðslu.

GAMLA MYNDIN

Bændaskólinn í Ólafsdal

Torfi Bjarnason skólastjóri á tröppunum en Áskell Ingimundarson við húsgaflinn. Myndin er tekin milli 1905 til 1910. Ólafsdalsskólinn var fyrsti bændaskóli á Íslandi og tilgangur með stofnun hans að kenna bændum verklega og bóklega jarðrækt. Torfi Bjarnason, sem síðar var skólastjóri skólans, fór til Skotlands til að læra jarðyrkju fyrstur Íslendinga og hafði hann meðferðis til baka búfræðiþekkingu frá Skotlandi. Skólinn var settur i fyrsta sinn 1. júní 1880 og hófu fimm ungir menn þar nám. Námsárið var frá vori til vors og námstíminn tvö ár. Áhersla í námi var á notkun hestaverkfæra við jarðræktarstörf og heyskap og komu nemendur jafnframt að smíði á verkfærum. Bókleg kennsla var í reikningi, efnafræði, grasa- og jarðræktarfræði, hagfræði og teikningu, húsdýrafræði og eðlisfræði. /VH

LÍF & STARF

Alþjóðlegi mjólkurdagurinn:

Kúabændur slógu í gegn á samfélagsmiðlum

Alþjóðlegi mjólkurdagurinn var haldinn hátíðlegur í 21. skipti um víða veröld þann 1. júní síðastliðinn.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) stóð að stofnun dagsins og var tilgangur framtaksins að vekja athygli á og viðurkenna mikilvægi mjólkur, næringarlegan, félagslegan og efnahagslegan ávinning mjólkur og mjólkurafurða í heiminum, en mjólkurframleiðsla styður við lífsafkomu eins milljarðs manna um veröld alla.

Ákveðið þema er tekið fyrir hverju sinni og í ár var dagurinn tileinkaður þeim fjölmörgu verkefnum sem eru í gangi í mjólkurframleiðslunni til að hraða loftslagsaðgerðum og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Í tilefni af deginum hvöttu Bændasamtökin íslenska kúabændur til að leyfa landsmönnum að skyggnast inn í dagleg störf þeirra með því að vera virkir á samfélagsmiðlum ásamt því að segja frá þeim aðgerðum sem bændur hafa stigið í átt að loftslagsvænni landbúnaði. Á Instagram-síðu Bændasamtakanna (@baendasamtokin) var, og er enn, hægt að skoða myndirnar og hlusta á myndskeiðin sem þangað rötuðu í tilefni af deginum.

Uppátækið var afar vel heppnað, bændur tóku þátt og landsmenn höfðu gaman af því að fylgjast með kúabændum landsins. */GBE*

Kvígan Svandís fæddist nýlega á Egilsstaðabúinu. Hún er nefnd eftir matvælaráðherra. Svandís varð fyrst til þess að fá DNA sýnatökumerki en Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi og eigandi Svandísar, sýndi áhorfendum hvernig farið er að við slíka merkingu. Mynd / HMG



Birnir Sigbjörnsson á Egilsstöðum heilsar upp á vinkonu sína. Mynd / Herdís Magna



Spes frá Daufá var forvitin. Mynd / GBE

Milli mjalta og messu í Hátúni, Skagafirði. Mynd / Helga Sjöfn Helgadóttir



Úti í sólarlaginu í Skagafirði. Mynd / Helga Sjöfn Helgadóttir

Mjallhvít frá Ytri-Hofdölum lætur sig dreyma um sól og sumar. Myndin er tekin í vetur. Mynd / Þórdís Halldórsdóttir

Nýtt lausagöngufjós með mjaltaþjóni var tekið í notkun árið 2019 á Daufá. Með bættum aðbúnaði eykst framleiðsla og vellíðan kúnna. Mynd / Guðrún Björg Egilsdóttir

MÆLT AF MUNNI FRAM 299

Með þessum fyrsta vísnaþætti júnímánaðar fylgja mínar kærustu þakkir til Harðar Kristjánssonar, fráfarandi ritstjóra Bændablaðsins. Samstarf okkar Harðar hefur verið fádæma farsælt og ánægjulegt. Um leið fagna ég ráðningu Guðrúnar Huldu Pálsdóttur í ritstjórastarfið og ber þá von í brjósti að geta átt með henni samstarf, svo lengi sem ég endist og umburðarlyndi hennar gagnvart mér varir. Ég hef dregist á það að duga eitthvað lengur, en öllu er þó markaður tími. En meðan efni berst mér frá velunnurum þáttarins og enn tírir á skarinu er mér engin vorkunn að halda eitthvað áfram vísnaverkum.

Fyrstu vísur þáttarins eru eftir **Björn Schram**:

Skulda fara að skerðast bönd,
skatnar hjara betur,
seldi bara hendi hönd
hver einn þar, sem getur.

Undrun jók það öllum hér,
að svo mikið snemma dvíni:
Sauðárkrókur kortur er
af kaffi, sykri og brennivíni.

Finnst mér hentugt, faldabrík
fá þig spennta í náðum,
eg hef kennt, að eru lík
element í báðum.

Benedikt Gíslason, Hofteigi kveður:

Margur hló og hafði ró,
hvar sem bjó og fór hann,
átti þó sinn auðnuskó
ekki nógu stóran.

Indriði á Fjalli *orti:*

Og þótt harðni heljartök,
höfum við í draumi
einhvers staðar auða vök
ofan að lífsins straumi.

Eitt sinn gekk **Jón í Garðsvík** til hárskera. Allur varð hann uppnuminn því kona klippti hann þetta sinnið:

Luktur faðmi fram sinn veg
fann ég skærin klifa.
Bak við hnakkann heyrði ég
hjartans klukkur tifa.

Við útför einstæðings orti **Ólína Jónasdóttir**:

Það er ekki þys né ys,
þröng né fjölmennt erfi,
þó að lítið, fölnað fis
fjúki burt og hverfi.

Í svipaðan máta orti **Heiðar Geirdal:**

Röltir fólk með ríkra ná,
raunir þjaka sinni.
Þegar snauður fellur frá
fylgdin verður minni.

Heimildir svo greina, að **Gestur Kristinsson** í Ytra-Dalsgerði hafi keypt heilt hey af **Kristni Jakobssyni** á Espihóli. Gestur var þá í þingum við konuefni sitt, **Jakobínu Sigurvinsdóttur** á Völlum. Þá kvað **Jóhannes Þórðarson** frá Miðhúsum, tengdafaðir Kristins:

Gestur Kristins Gerðum frá
gleypti stóra heyið,
vaskur síðan vatt sér á
Valla-stelpu greyið.

Orð lék á, að **Stefán Jónsson** fréttamaður hefði komið of nærri móður **Ragnars Arnalds**, en þeir tveir, Stefán og Ragnar voru í framboði í Norðurlandskjördæmunum árið 1971. Um höfund næstu vísu er ekki getið – en Stefán sjálfur þó stundum nefndur:

Til Akureyrar skrapp ég fyrir skömmu
og skaust á fundi eins og vera ber,
og blessunin, sem barnaði hana mömmu
er bráðum kominn inn á þing með mér.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

FRÉTTIR

Pálmi Einarsson með hluta af hampuppskeru Geisla Gautavík. Mynd / Aðsend

Geislar Gautavík:

Iðnaðarhampur verðlaunaður

Ábúendur í Gautavík við Berufjörð í Múlaþingi hljóta viðurkenningu Verðlaunasjóðs iðnaðarins að þessu sinni fyrir tilraunaræktun á iðnaðarhampi. Verðlaunin verða afhent 15. júní næstkomandi.

Hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir, bændur í Gautavík í Berufirði, hófu ræktun á iðnaðarhampi fyrir þremur árum og hafa unnið af krafti síðan þá að ræktuninni og kynningu á henni. Auk þess sem þau hafa unnið ýmiss konar vörur úr hampi og selja nú hampte í öllum helstu matvöruverslunum landsins.

Tilgangurinn með ræktuninni, sem er bæði utan- og innandyra, er fyrst og fremst að koma á vitundarvakningu um notagildi hamps og möguleikum hans til að stórauka sjálfbærni á fjölmörgum sviðum. Annars vegar í gegnum ræktunina sjálfa og hins vegar með því að gera tilraunir með að framleiða ólíkar vörur úr honum, eins og trefjaplötur sem efnivið í vörur sem þau framleiða, steypu, pappír, smyrsl, te og krydd. Í fyrrasumar sóttu hátt í þúsund manns þau heim til að fá fræðslu um hamp í gegnum leiðsögn þeirra um ræktunarsvæðin og fræðslusetur um iðnaðarhamp og samrækt.

Oddný Anna segir um verðlaunin að þau séu mikil viðurkenning á þeirra starfi sem og allra þeirra sem hafa barist fyrir viðurkenningu hampsins í samfélaginu á undanförnum árum.

„Áhrifin eru þau að svokölluð hampbylting hefur orðið í samfélaginu þar sem fólk keppist við að hampa hampi og hefur komið auga á þau fjölmörgu tækifæri sem ræktun og nýting hans getur haft fyrir íslenskt samfélag. Það er því sérstaklega ánægjulegt að verðlaunin komi frá sjálfum iðnaðinum sem með þeim staðfesti að þau séu sannarlega til staðar.

Stærstu skrefin voru stigin þegar reglugerð var breytt vorið 2020 og svo lögum 2021, sem varð til þess að hampur var ræktaður á um 150 hekturum sumarið 2021 hringinn í kringum landið og fjöldi tilraunaverkefna fór af stað. Útlit er fyrir áframhaldandi aukningu í ræktun og úrvinnslu vara úr hampi í ár.“ /VH

Samstarf Bændasamtaka Íslands og Matís:

Stofnræktun á útsæðiskartöflum

Bændasamtök Íslands og Matís hafa gert með sér samkomulag um vefjaræktun á stofnútsæði kartaflna. Í samkomulaginu felst að Matís framkvæmi verkþætti sem snúa að vefjaræktun kartaflna, meðal annars að taka vaxtarsprota, vefjaræktun, spírun þeirra og veiruprófun.

Axel Snæland, formaður deildar garðyrkjubænda innan Bændasamtaka Íslands, segir að samkomulagið feli í sér að Matís taki að sér að sjá um vefjaræktun á stofnútsæðiskartöflu.

„Deild garðyrkjubænda innan Bændasamtakanna stóð fyrir gerð samningsins við Matís, sem felur í sér vefjaræktunarhluta stofnræktunar útsæðiskartaflna. Verkefni Matís felur í sér að skila af sér vefjaræktuðum útsæðiskartöflum, Premier, Gullauga, Helga og Rauðar íslenskar, sem eru lausar við veirur og sjúkdóma, eins og til dæmis kláða og hringrot. Auk þess sem kartöflurnar eru valdar með tilliti til útlits.“

Tilgangurinn með vefjaræktun á kartöflum er að tryggja að við eigum áfram hér á landi sjúkdómsfríar kartöflur.

„Því miður er það svo að víða um heim eru sjúkdómar í kartöflum landlægir og margir þeirra sjúkdóma geta borist hingað til lands og valdi miklum skaða ef við gætum þess ekki að hafa vaðið fyrir neðan okkur,“ segir Axel.

Yrki í almennri ræktun

Guðrún Birna Brynjarsdóttir, sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, segir að fjögur yrkin sem um ræðir séu þau yrki sem hafa verið í stofnútsæðisræktun og almennri ræktun hér á landi.

„Stofnútsæðisræktendur hér á landi eru þrír, Birgir Hauksson í Sigluvík og Einar Grétar Jóhannsson, Eyrarlandi við Eyjafjörð og Bjarni Hákonarson í Dilksnesi við Hornafjörð. Vinna við verkefnið er hafið þrátt fyrir að seinkanir hafi orðið, til dæmis á afhendingu ræktunarklefa.“

Frá undirskrift samningsins um stofnræktun á útsæðiskartöflum. Guðrún Birna Brynjarsdóttir, sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, Oddur M. Gunnarsson, forstjóri Matís og Sæmundur Sveinsson, sérfræðingur hjá Matís. Mynd / Ísey Dísa Hávarsdóttir.

Stofnútsæðisbændur velja gæðakartöflu

Í heild tekur stofnræktunarferlið þrjú ár og fer þannig fram að stofnútsæðisbændurnir velja bestu kartöflurnar úr sinni stofnrækt og afhenda sérfræðingum Matís, sem síðan sjá um að taka vefjasýni til áframræktunar í húsnæði Matís.

„Næsta vor taka fyrrnefndir stofnræktunarbændur við um það bil 2.300 vefjaræktuðum hnýðum frá Matís til framhaldsræktunar og er miðað við að hnýðin séu að meðaltali 15 grömm. Það er síðan í þeirra höndum að fjölga þeim næstu árin og reiknað er með að þær verði í boði fyrr almenna kartöflubændur árið 2026,“ segir Axel.

Vefjaræktun á æti

Sæmundur Sveinsson, sérfræðingur hjá Matís, sér um verkefnið fyrir hönd Matís.

„Eftir að kartöflurnar, sem vonandi eru smitfríar, komu í mínar hendur, lét ég þær spíra og tók svo spírurnar og sótthreinsaði þær og drap allar örverur sem voru utan á þeim. Því næst voru spírurnar skornar í nokkra bita með brumi og bitarnir settir á æti í glerflöskum sem inniheldur plöntuvaxtarhormón eins og auxin, giberalín og kínetín. Á þessu skeiði eru plöntuvísarnir aldir í glerskáp með lýsingu og þannig er verkefnið statt í dag. Næsta skref verður síðan að skipta plöntunum upp og athuga hvort þær séu ekki örugglega lausar við veirusmit og fjölga þeim í þann fjölda sem samningurinn gerir ráð fyrir. Ég skila svo af mér litlum plöntum í næringarhlaupi í áframræktun til stofnkartöfluræktenda til gróðurhúsaræktunar í mold næsta vor ef allt gengur eftir,“ segir Sæmundur. / VH



Vefjaræktunarklefi Matís. Mynd / Sæmundur Sveinsson.

Spírur á æti. Mynd / Sæmundur Sveinsson.

Spretthópur skipaður til að bregðast við afkomuvanda bænda

Síðastliðinn föstudag var tilkynnt um það í matvælaráðuneytinu að Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefði skipað „spretthóp“ til að bregðast við afkomuvanda bænda.

Hópurinn á að skila tillögum til að bregðast við slæmu ástandi varðandi síhækkandi verðlag á aðföngum til íslenskra bænda sem geti haft þær afleiðingar að matvælaframleiðsla dragist saman.

Hópurinn á að skila af sér tillögum 13. júní og verður niðurstaða vinnunnar kynnt fyrir ríkisstjórn 14. júní.

„Verð á helstu aðföngum hefur hækkað gríðarlega í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og litlar líkur eru á að þær hækkanir gangi til baka á næstu mánuðum eða jafnvel misserum. Þessi þróun mun, að öllu óbreyttu, kippa stoðum undan rekstri bænda, m.a. flestra sauðfjár- og nautgripabúa. Þannig kunni framboð á innlendri vöru að dragast verulega saman næstu misseri með tilheyrandi áhrifum á fæðuöryggi,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Greina valkosti í stöðunni

Í tilkynningunni segir að það liggi fyrir að áhrif innrásarinnar í Úkraínu verði langvinn og því ljóst að taka verði stöðuna alvarlega. Formaður hópsins verður Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi ráðherra, en auk hans sitja í hópnum Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Saga Guðmundsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Matvælaráðuneytið verður hópnum til aðstoðar. Hópurinn skal greina einstaka valkosti í stöðunni. Huga þarf sérstaklega að fæðuöryggi, verðlagi og hagsmunum neytenda og bænda í þessu samhengi.



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, situr í spretthópnum.

„Framtíð matvælaframleiðslu á Íslandi er björt, þrátt fyrir að nú þurfum við að yfirstíga tímabundnar áskoranir sem leiða af stríðsrekstri Rússa í Úkraínu“, er haft eftir Svandísi af þessu tilefni. /smh

Donaldson®
FILTRATION SOLUTIONS

REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Skemmuvegur 46 200 Kópavogur
Sími: 562 2950 www.reki.is
Netfang: elfar@reki.is, kristinn@reki.is, tryggvi@reki.is

BLUE LAGOON ICELAND
Arion banki
ICELANDAIR
LANDSTÓLPI
BOLI
SS fremst fyrir bragðið
66° NORTH
olís

FRÉTTIR

Kjarnafæði Norðlenska:

Lambakjötsvörur upprunamerktar

Kjarnafæði Norðlenska hefur nú, fyrst kjötafurðastöðva, markaðssett lambakjötsvörur með upprunamerki markaðsstofunnar Icelandic Lamb, „Íslenskt lambakjöt“.

Fram til þessa hafa einungis veitingastaðir og sérverslanir skartað slíku merki, en hefð hefur verið að Icelandic Lamb heiðri árlega þá staði sem þykja hafa sýnt íslenskum lambakjötsafurðum tilhlýðilegan sóma sem hráefni á sínum matseðlum.

Upprunamerktar lambalærissneiðar.

Merkja hluta framleiðslunnar til að byrja með

Kjarnafæði Norðlenska samstæðan varð til við sameiningu Kjarnafæði, Norðlenska og SAH afurða sumarið 2021. Andrés Vilhjálmsson, markaðsstjóri Kjarnafæði Norðlenska, segir vel hafi tekist að kynna upprunamerkið, bæði fyrir innlendum viðskiptavinum sem og erlendum ferðamönnum og öðrum.

„Við teljum afar mikilvægt að upplýsa viðskiptavini eins vel og okkur er kostur um uppruna og eðli þeirrar vöru sem við setjum á markað. Allt það lambakjöt sem við seljum er íslenskt, framleitt af íslenskum bændum, afurð í heimsklassa, þannig hefur það verið og þannig verður það áfram.

Varðandi notkun upprunamerkisins þá á það í raun heima á öllum lambakjötsvörum félagsins en við byrjum rólega, meðal annars vegna umbúðamála, og merkjum til að byrja með hluta framleiðslunnar en munum svo í nánustu framtíð merkja fleiri og fleiri vörur með þessu upprunamerki.“

Íslenska verndaða afurðaheitið lítið þekkt

Í byrjun árs 2018 skráði Matvælastofnun afurðaheitið Íslenskt lambakjöt, fyrst íslenskra afurða, sem verndað afurðaheiti á Íslandi – með vísan til uppruna. Tveimur árum síðar fékk íslenska lopapeysan sama sess.

Umsókn um þekkt upprunamerki í umsóknarferli

Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic Lamb, segir að upprunamerkið „Íslenskt lambakjöt“ sé búið að sanna sig á fyrstu fimm árum sínum. „Það leitar í reynslu sannreyndra erlenda fordæma þar sem upprunamerki standa fyrir tryggan uppruna afurða og úrvinnslu þeirra frumframleiðendum og neytendum til heilla.“

Hann segir að kjötafurðastöðvar, sem sannarlega selji upprunamerkt íslenskt lambakjöt, geti einnig notað merkið „Verndað afurðaheiti á Íslandi“ á sínar vörur.

„Það merki er hins vegar lítið þekkt af almenningi og við höfum ekki notað það mikið. Heldur horfum til þess að þessi áfangi gefur okkur heimild til umsóknar á evrópskri, afar vel þekktri upprunamerkingu, „Protected Designation Of Origin“ (PDO).

Umsókn okkar um PDO er í afgreiðsluferli.“ */smh*

Viðar frá Skör hlaut 9,12 fyrir hæfileika og 8,89 fyrir sköpulag. Knapi er Helga Una Björnsdóttir. Myndir / Nicki Pfau

Kynbótasýningar hrossa:

Heimsmet slegin

Kynbótasýningar hrossa eru hafnar víða um heim en hér á landi verða haldnar ellefu vorsýningar fyrir Landsmót.

Fjórar sýningar fara fram nú í vikunni og í næstu viku. Mikið hefur komið fram af nýjum og efnilegum hrossum og er flokkur fjögurra vetra stóðhesta gríðarlega sterkur. Tvö heimsmet hafa verið slegin og tvö hross hafa hlotið yfir 9,00 fyrir hæfileika og nokkur eru því nærri.

Álfamær frá Prestsbæ hlaut einkunnina 10 fyrir skeið. Knapi er Árni Björn Pálsson.

Helga Una Björnsdóttir og Viðar frá Skör áttu stjörnusýningu á þriðjudaginn 7. júní á Hellu. Þau slógu fjögurra ára gamalt heimsmet Þráins frá Flagbjarnarholti þegar Viðar hlaut 9,04 í aðaleinkunn. Fyrir sköpulag hlaut hann 8,89 og fyrir hæfileika 9,12. Viðar er átta vetra undan Hrannari frá Flugumýri II og Vár frá Auðsholtshjáleigu en ræktandi Viðars er Karl Áki Sigurðsson og eigendur eru þau Gitte og Flemming Fast. Viðar er nú hæst dæmda íslenska hrossið en yfirlit er á föstudaginn og á hann enn möguleika á að hækka einkunn sína.

Fyrr í vor mældist stóðhesturinn Gandi frá Rauðalæk 157 cm á herðakamb og er það hæsta kynbótahross sem hefur komið fram á sýningu.

Hæst dæmda hryssa ársins er Álfamær frá Prestsbæ. Álfamær hlaut 9,02 fyrir hæfileika þar af 10 fyrir skeið. Hún á ekki langt að sækja skeiðhæfileikana en báðir foreldrar hennar hafa hlotið 10 fyrir skeið en hún er undan Spuna frá Vesturkoti og Þóru frá Prestsbæ. Álfamær hlaut fyrir sköpulag 8,59 og í aðaleinkunn 8,87. Árni Björn Pálsson sýndi hryssuna.

Tían sem hún hlaut fyrir skeið var fyrsta tía ársins sem gefin var fyrir eiginleika í hæfileikum en þrjú hross hafa hlotið 10 fyrir eiginleika í sköpulagi, þrjú fyrir prúðleika; Grettir frá Ásbrú, Sindri frá Lækjamóti og Blesi frá Heysholti og ein fyrir höfuð, Valdís frá Auðsholtshjáleigu. */HF*

Iðnaðarhampur:

Samdráttur í sölu á fræi

Samkvæmt lauslegri könnun Bændablaðsins er búið að flytja inn rúm tvö tonn af fræi iðnaðarhamps það sem af er þessu ári.

Auk þess sem eitthvað er enn til af fræjum frá því á síðasta ári. Langmest er flutt inn af yrkinu Finola.

Stærri innflytjendur segja söluna minni en á síðasta ári og vísa til þess að mesta nýjabrumið við ræktunina sé liðið og að samdrátturinn komi ekki á óvart.

Sigurður Hólmar Jóhannesson, hjá Hemp Living, segir að hann hafi átt 250 kíló á lager frá í fyrra en að það hafi selst upp í vor. Sigurður segir að samkvæmt upplýsingum frá Mast hafi ellefu fyrirtæki og nokkrir einstaklingar fengið leyfi til að flytja inn fræ af iðnaðarhampi á þessu ári.

Iðnaðarhampsyrkið Finola er langvinsælasta yrkið í ræktun hér á landi. Mynd / Fóðurblandan

Landstólpi flutti inn 700 kíló

Rúnar Skarphéðinsson sölumaður segir að Landstólpi hafi flutt inn 700 kíló af hampfræi í vor miðað við 1,2 tonn á síðasta ári og fræin séu svo gott sem uppseld hjá þeim

„Satt best að segja áttum við von á samdrætti í ár frá síðasta ári en þá var nýjungagirnin mikil og margir keyptu tvö og þrjú kíló af fræi bara til að prófa ræktunina og eiga enn þá fræ.“

Yrkið Finola, sem er finnskt, hefur reynst vel hjá okkur og við fluttum inn 350 kíló af því. Finola er fremur fljótsprottið og það tekur 100 til 120 daga að ná fullum þroska. Það er frekar lágvaxið, eða um 1,6 til 1,8 metrar að hæð, og þolir því haustveður nokkuð vel.

Að sögn Rúnars er Finola með gott CBD innihald og hentar vel til teframleiðslu, en þar sem yrkið er lágvaxið hentar það yrki síður til trefja- eða hálmframleiðslu.

„Svo erum við að prófa yrki sem kallast Férimon og við fluttum líka inn 350 kíló af því. Férimon er hávaxnara en Finola og hentar því betur til trefja- og hálmframleiðslu.“

Eitt og hálft tonn á lager

Fóðurblanda flutti inn 1,5 tonn af Finola-fræjum í vor og er það sama magn og á síðasta ári. Halldór Gunnarsson innkaupastjóri segir að megnið af fræjunum sem flutt voru inn á þessu ári sé enn óseld. „Viðtökurnar í fyrra voru mjög góðar og ræktunin gekk vel og satt best að segja er ég hissa á því hversu dræm salan hefur verið fram til þessa í ár.“

Sala undir væntingum

Lífland vildi ekki gefa upp hversu mikið af fræi fyrirtækið hefði flutt inn á þessu ári. Jóhannes Baldvin Jónsson vöruþróunarstjóri sagði að magnið hafi verið „slatti“ af Finola og að búið væri að selja tæp 140 kíló og að það væri minna en væntingar hafi staðið til miðað við að 200 kíló hafi selst á síðasta ári. */VH*

ZiPWAKE Svansson ehf



ZipWake er bylting í stöðugleikabúnaði fyrir báta.
Búnaðurinn sjálfvirkur og virkar 5 til 10 sinnum hraðar en hefðbundnir flapsar og er með innbyggðum gíró og GPS.

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Uppsetning á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar

VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sessu
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLÖMPUM

Fást einnig í:
Betra Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

FRÉTTIR

Áburðarvörur á markaði þurfa, samkvæmt nýju reglugerðinni, að fara í samræmismat þannig að varan verði stöðluð.

Reglugerð um áburð og moltu:

Nýjar öryggiskröfur

Í sumar innleiðir Ísland nýja reglugerð Evrópusambandsins (ESB) um framleiðslu á moltu og lífrænum áburði. Reglugerðin tekur gildi í ESB 16. júlí og miðar að grunni til að því að allar áburðarvörur skuli vera CE-merktar.

Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri áburðarmála hjá Matvælastofnun, segir að reglugerðin breyti ekki reglum um notkun á dýraafurðum, eins og húsdýraáburði. „Hún setur fyrst og fremst öryggiskröfur varðandi áburð, bæði ólífrænan og lífrænan," segir Valgeir.

Allar vörur verði staðlaðar

Valgeir segir að ekki megi nota seyru né annað skólp til áburðar- eða moltuframleiðslu samkvæmt nýju reglugerðinni. „Hún gerir ráð fyrir að allar áburðarvörur á markaði þurfi að fara í samræmismat þannig að varan verði stöðluð sérstaklega með þeim hætti að varan sé örugg, án óæskilegra efna eða örvera sem geta verið hættulegar mönnum, dýrum, plöntum og umhverfi," segir hann.

„Það er verið að gera umgjörð um verslun með áburðarvörur, hvort sem þær eru lífrænar eða ólífrænar, þannig að aðeins öruggar vörur séu á markaði. Það er verið að opna fyrir frjálst flæði þessara vara innan Evrópska efnahagssvæðisins," bætir Valgeir við.

Valgeir tekur fram að aðeins megi nota sérflokkað efni til þessarar moltugerðar, einungis matarleifar og til dæmis gróðurleifar úr görðum – ekki blandað heimilissorp.

/smh

Búnaðarsambönd á Norðausturlandi:

Sameining af borðinu

Ekkert verður að sinni úr sameiningu þriggja búnaðarsambanda á norðaustanverðu landinu.

Tillögur hafa verið lagðar fram í þremur samböndum, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga og Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga. Tvö hin fyrst nefndu samþykktu sameiningu, en hún var felld á fundi hjá Búnaðarsambandi Norður-Þingeyjarsýslu og því verður ekki neitt úr sameiningu.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga hefur óskað eftir því að kúasæðingar verði sameinaðar í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu og tók það fyrirkomulag gildi um nýliðin mánaðamót.

/MÞÞ

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hliðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000

Til sölu jörðin Kanastaðir í Rangárþingi eystra.
Um er að ræða myndarlegt kúabú í fullum rekstri.

Helstu upplýsingar

Húsakostur jarðarinnar er töluverður m.a. 10.302 m2 fjós frá árinu 2008. Í fjósinu eru tveir mjaltaþjónar, 120 legjubásar og öll önnur nauðsynleg aðstaða. Öll aðstaða í fjósinu er góð til mjólkurframleiðslu. Einnig er á jörðinni myndarlegt tveggja íbúða hús samtals rúmir 300 m2 í allgóðu ásigkomulagi.

Allur húsakostur og þá sérstaklega nýja fjósið býður upp á mun meiri framleiðslugetu. Landgæði eru umtalsverð og því auðvelt að auka framleiðslu til muna þess vegna. Jörðin er talin vera rúmir 370 hektarar og er megin hluti þess lands vel nýtanlegur.

Ræktað land er um 115 hektarar og gæti verið umtalsvert meira. Framleiðsluréttur er nú 381.585 þúsund lítrar. Áhugaverð jörð sem gefur mikla möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu vegna landgæða og húsakosts.

Jörðin selst með bústofni vélum og framleiðslurétti. Bústofns-, véla- og tækjalistar og nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000
eða magnus@fasteignamidstodin.is

Tölur Hagstofu Íslands:

Búum fækkar en tekjur standa í stað

– Samantekt yfir afkomu fimm greina landbúnaðarins

Hagstofa Íslands birti á dögunum samantekt með upplýsingum um rekstur og efnahag í fimm greinum landbúnaðar; sauðfjárbúa, kúabúa og annarra nautgripabúa, garðræktar, plöntufjölgunar og loðdýraræktar.

Tölurnar ná yfir rúman áratug, eða frá árunum 2008 til 2020.

Samanlagt hefur búum fækkað í öllum þeim geirum nema garðrækt, þar sem búum fjölgaði um átta frá árinu áður og voru árið 2020 alls 216 talsins.

Í árslok 2008 var samanlagður fjöldi búa 2.795 í landbúnaðargreinunum fimm en tólf árum síðar hafði þeim fækkað um 375 og voru 2.421 talsins, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Í fregn stofnunarinnar kemur fram að rekstrartekjur landbúnaðarins hafi nánast staðið í stað síðan 2016.

„Mældust samanlagðar tekjur greinanna árið 2020 þær sömu og árið 2015 (á föstu verðlagi).

Tekjurnar hækkuðu einungis um tæpt 1% á milli ára 2020 og 2019 og reyndust um 47,7 milljarðar króna. Aukning var í veltu hjá öllum greinum að undanskildum sauðfjárbúum og loðdýrarækt. Árið 2016 fóru tekjur hæst í tæplega 49 milljarða króna en lægstar voru þær um 41 milljarður króna árið 2009."

Langtímaskuldir lækka

Þrátt fyrir dræma afkomu árið 2020 batnaði efnahagur greinanna þegar á heildina er litið.

„Langtímaskuldir lækkuðu á milli ára um tæpa tvo milljarða króna (3% lækkun) og eiginfjárstaðan vænkaðist um 1,1 milljarð króna (14% aukning). Í árslok 2020 var eigið fé jákvætt í öllum greinum nema loðdýrarækt og algjör viðsnúningur var orðinn á eiginfjárstöðu kúabúa.

Mest var eigið fé hjá sauðfjárbúum og í garðrækt og plöntufjölgun. Eiginfjárhlutfall þeirra var 24% og 33%."

Samdráttur hjá sauðfjárbúum

Samdráttur var í afkomu sauðfjárbúa. Árið 2008 voru tekjur sauðfjárbúa rúmir 13,47 milljarðar króna en árið 2020 voru þær tæp 12,38 milljarðar.

Sauðfjárbúum fækkaði frá 1.716 árið 2008 í 1.429 bú árið 2020. Fækkunin hefur haldist nokkuð jöfn á milli stærðarflokka og hefur meðalstærð sauðfjárbúa því haldist tiltölulega óbreytt þar sem yfir 40% búa eru smá með fjölda sauðfjár undir hundrað.

Árið 2008 framleiddu búin 8.930 tonn af kjöti en árið 2020 voru tonnin 9.477.

„Tap var á rekstri sauðfjárbúa upp á 92 milljónir króna árið 2020, langtímaskuldir lækkuðu um rúmar 300 milljónir króna í 11,7 milljarða króna og eigið fé, sem var jákvætt um 4,6 milljarða króna, lækkaði um rúmlega 250 milljónir króna frá fyrra ári. Eiginfjárhlutfall var 24%."



Búum hefur fækkað í flestum landbúnaðargeirum á síðustu tólf árum. Hér má sjá þróun fjölda í fjórum greinum samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Kúabúum fækkar en stækka

Alls voru 660 starfandi kúabú árið 2020. Á tólf árum hefur þeim fækkað um 61 bú.

Meðalstærð búa hefur heldur vaxið á tímabilinu, þannig voru stærri bú (með yfir 50 mjólkandi kýr) alls 34% allra kúabúa samanborið við 22% hlutdeild árið 2008.

„Samanlagðar tekjur kúabúa jukust um rúmar 400 milljónir króna árið 2020 og voru tæplega 26,5 milljarðar króna sem jafnframt var svipað gildi og undanfarin fimm ár miðað við fast verðlag. Aukning var á hagnaði á milli ára úr 54 milljónum króna í 414 milljónir króna sem samt sem áður var langt frá 3 milljarða króna meðalhagnaði 2010-2018. Eiginfjárstaðan batnaði hins vegar úr 359 milljónum króna árið 2019 í tæplega 1,4 milljarða króna árið 2020 enda batnaði skuldastaðan umfram eignaskerðingu (langtímaskuldir voru 38,7 ma. kr. árið 2020 eða 1,7 milljörðum króna lægri en árið 2019). Eiginfjárhlutfall var 3%," segir í frétt Hagstofunnar.

Þá hefur öðrum nautgripabúum einnig fækkað lítillega og eru í dag 88 talsins. Velta þeirra nam, árið 2020, 1,3 milljörðum króna og var nær óbreytt frá fyrra ári miðað við verðlag.

„Tap var á rekstri nautgripabúa upp á 82 milljónir króna sem var jafnframt svipuð afkoma og síðustu tvö árin á undan en almennt hefur reksturinn verið nokkuð sveiflukenndur frá 2008. Fjárhagsstaðan var að mestu óbreytt. Þó lækkaði eigið fé um 60 milljónir króna (í tæplega 450 milljónir króna) og langtímaskuldir jukust um sambærilega upphæð. Eiginfjárhlutfall var 17%."

Jákvæðar fregnir úr garðrækt

Fjöldi búa í garðrækt hefur aukist lítillega á tólf árum en almennt hefur orðið lítil breyting síðan 2008. Búum í ræktun á kartöflum hefur fækkað úr 55 í 40 en fjölgað um 16 í ræktun annarra nytjajurta.

„Tekjur árið 2020 jukust í nær öllum flokkum og alls um tæplega 300 milljónir króna. Sé miðað við fast verðlag árið 2020 var aukning um 11 milljónir króna í ræktun á aldingrænmeti og papriku (tekjur ársins námu 1,4 milljörðum króna), 100 milljónir króna í ræktun á kartöflum (tekjur einn milljarður króna) og blómarækt (tekjur 1,1 milljarður króna), 110 milljónir króna í ræktun annarra nytjajurta (tekjur 490 milljarðar króna) og ríflega 130 milljónir króna í plöntufjölgun (tekjur 535 milljarðar króna) en samdráttur um 176 milljónir króna í ræktun á öðru ótöldu grænmeti (tekjur 2,8 milljarðar króna).

Jákvæð afkoma og aukinn hagnaður var í öllum flokkum að undanskilinni ræktun á aldingrænmeti og papriku þar sem hagnaðurinn dróst töluvert saman, eða um 83 milljónir króna.

Alls nam hagnaður garðræktar og plöntufjölgunar um 540 milljónum króna, sem var hækkun um 200 milljónir frá fyrra ári. Eigið fé var jákvætt hjá öllum flokkum (minnst í blómarækt en þó í fyrsta sinn jákvætt á tímabilinu) og alls tæplega 500 milljónum krónum hærra en árið 2019 sem alfarið mátti rekja til hagnaðar ársins 2020 enda voru langtímaskuldir óbreyttar. Eiginfjárhlutfallið var 33%," segir í frétt Hagstofunnar.

Umfang loðdýraræktunar minnkar verulega

Loðdýrabúum hefur fækkað og samhliða hefur samdráttur orðið í afkomu þeirra. Loðdýrabúum hefur fækkað úr 41 árið 2010 í 28 árið 2020. Tekjur hafa dregist saman samfellt síðan 2015. Tekjur loðdýrabúa var árið 2008 alls 1.155 milljónir króna en árið 2020 aðeins 290 milljónir króna.

„Þá var tap á rekstrinum árið 2020 upp á 107 milljónir króna en loðdýrarækt var síðast arðbær árið 2013. Í samræmi við samfelldan taprekstur var eigið fé neikvætt um 200 milljónir króna í árslok 2020, langtímaskuldir 589 milljónir króna og eignir 777 milljónir króna (sem fóru hæst í tæpa 2,6 milljarða króna árið 2014)," segir í fregn Hagstofu Íslands en á vef þeirra má nálgast ítarlegri gögn.

/ghp

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT

Fer fremstur

CLAAS

Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

KUHN

Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland

Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer

Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB

Nýsköpun - metnaður - framsækni

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

Skýrsla starfshóps matvælaráðherra um starfsemi blóðmerabúskapar:

Blóðtaka úr fylfullum hryssum verður starfsleyfisskyld

– Lagt er til að framleiðsluhvetjandi hvatakerfi verði óheimilt

Blóðtaka úr fylfullum hryssum verður áfram leyfð hér á landi með skilyrðum, sem sett verða í nýrri reglugerð matvælaráðherra.

Aðdragandi hennar er nýútkomin skýrsla starfshóps á vegum ráðuneytisins sem fjallaði um blóðtökur úr fylfullum hryssum, regluverk og eftirlit með henni.

Starfshópurinn var skipaður í byrjun árs eftir að myndband svissneskra dýraverndarsamtaka var birt á vefnum, þar sem sjá mátti illa meðferð á hryssum í blóðtöku.. Í kjölfarið sköpuðust miklar umræður um blóðmerabúskap, tilgang blóðtökunnar og meðhöndlun hryssna sem nýttar eru í slíka starfsemi. Í vinnu sinni leitaði starfshópurinn umsagna og álits fjórtán hagaðila, s.s. fulltrúa dýraverndarsamtaka, dýralækna, hrossabænda, líftæknifyrirtækisins Ísteka og fleiri.

Vísindalegar sannreyndar rannsóknir á áhrifum blóðtöku á fylfullum hryssum, eins og hún er framkvæmd í dag, skortir að mati skýrsluhöfunda. Þar segir þó að starfsemin byggi á áratuga reynslu, eftirlit sé margþætt og sýni að heilsufar hryssnanna sé gott, framleiðslusjúkdómar séu nær óþekktir og afföll afar lítil.

Mynd / ghp

Reglugerð byggð á skilyrðum Matvælastofnunar

Í skýrslunni er rýnt í umfang starfseminnar, eftirlit, dýravelferð, löggjöf, sjónarmið hagaðila. Út frá þeim eru settar fram tillögur um framhald starfseminnar. Fram kemur að sjónarmið hagaðilanna séu ósamrýmanleg og skoðanir á báða vegu mjög afdráttarlausar. Valkostir um framhald málsins séu í meginatriðum tveir; að leyfa starfsemina áfram en með breyttum forsendum eða banna hana.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra fór að fyrri tillögu hópsins og hefur nú sett reglugerð um starfsemina sem gilda mun til þriggja ára. Í henni verður kveðið á um að starfsemin sé leyfisskyld og að skýrt verði kveðið á um hvaða skilyrði hún þarf að uppfylla.

Samkvæmt skýrslunni geta skilyrði reglugerðarinnar byggst á þeim sem Matvælastofnun setur nú þegar en auk þess leggur hópurinn til að þau verði aukin með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu hjá þeim aðilum sem starfshópurinn ræddi við.

„Setja þarf ítarlegri ákvæði um aðbúnað og aðstöðu, eftirlit með ástandi hrossa varðandi heilbrigði, hófhirðu og skapgerðarmat, vinnuaðferðir við blóðtökuna sjálfa og um innra og ytra eftirlit með henni. Þá telur hópurinn nauðsynlegt að óháður aðili, svo sem Tilraunastöðin á Keldum, sannreyni mælingar á blóðbúskap hryssnanna að minnsta kosti tímabundið. Nauðsynlegt er einnig að skilyrði verði sett um aldursbil hryssna í blóðtöku, hámarksfjölda í stóðum og hámarksfjölda sem dýralæknir má hafa umsjón með í blóðtöku. Þá er eðlilegt að aðstoðarmaður undir stjórn dýralæknis sé til staðar við hvern blóðtökubás til að geta brugðist skjótt við ef vandamál koma upp,“ segir í skýrslunni.

Lagt er til að framleiðsluhvetjandi hvatakerfi, sem geta stefnt dýravelferð í hættu, verði óheimil.

Samkvæmt gæðahandbók Ísteka frá árinu 2017 eru greiðsluflokkar fyrir blóð hryssu þrír, F, H og H2. Borgað er fyrir bestu heimtur. Til að lenda í hæsta greiðsluflokki (H2) þarf hryssa að gefa af sér 5 lítra átta sinnum á blóðtökutímabili. Inntökumörk í flokk H eru 25 lítrar yfir sumar að meðaltali. Aðrar fara í lægri greiðsluflokk – F.

Fjögur meginsjónarmið

Í skýrslunni er farið yfir meginsjónarmið þeirra hagaðila sem starfshópurinn ræddi við. Sex hagaðilar töluðu fyrir banni á starfseminni en átta vildu leyfa með skilyrðum.

Meginsjónarmið sem aðilarnir byggðu afstöðu sína á lutu að dýravelferð, efnahagslegum sjónarmiðum, ræktunarsjónarmiðum og rétt til atvinnu. Starfshópurinn dró fram heildarmynd hverra meginsjónarmiða þar sem dýravelferð fékk lengstu afgreiðsluna og ekki að ósekju, þar sem myndbandið sem varð til þess að umræða um starfsemina fór í gang beinir sjónum sínum sérstaklega að velferð dýranna.

Undir efnisflokknum er fjallað um útigöngu blóðmerastóða, blóðtöku, blóðmagn og tilgang blóðtökunnar.

Því er lýst að hross sem ganga úti allt árið verði ekki meint af því. Þvert á móti njóti þau þannig mest frelsis og hafa besta möguleika á að sýna sitt náttúrulega eðli, sem styður alþjóðleg sjónarmið um dýravelferð. Hins vegar þurfi að huga vel að fóðrun útigangshrossa og að þau séu í góðum holdum.

Aðgerð blóðtökunnar sjálfrar er enn fremur til umræðu en myndbandið sýndi að skelfileg atvik geti átt sér stað ef illa er að verki staðið við slíkar aðfarir. Fram kemur að blóðtakan sjálf sé íþyngjandi fyrir hryssur en þær jafni sig á tiltölulega skömmum tíma. Ekki hafi komið upp alvarleg frávik við blóðtöku við eftirlit Matvælastofnunar.

Ekki hægt að heimfæra rannsóknir á nagdýrum á hross

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvað fylfullar merar þola að missa mikið magn af blóði, bæði við hverja blóðtöku og yfir blóðtökutímabilið. Í dag getur blóðtakan numið allt að 5 lítrum vikulega í 8 vikur, eða allt að 40 lítrum yfir blóðtökutímabil.

Við umfjöllun um blóðmagnið fékk starfshópurinn til sín Xavier Mateca Vilanova prófessor, sem er fyrsti höfundur vísindagreinar sem talsvert var vísað til í umræðu um hvað eðlilegt magn geti talist í blóðtöku. Grein hans fjallar um blóðtöku úr nagdýrum og sagði hann við starfshópinn að ekki væri hægt að heimfæra þær niðurstöður á hross án fyrirvara því grundvallar líffræðilegur munur er á milli nagdýra og hrossa. Þessi eðlismunur er skýrður í skýrslunni.

Vísað er í aðra rannsókn þar sem staðhæft er að áhrifin af því að taka 25% af blóðmagni úr hrossi í einu væru tímabundin og innan viðmiðunarmarka er varðar heilsu og velferð sem settar eru fram.

„Blóðtaka sem nemur 20 mL/kg svarar því til 7,6–8,2 lítra sem er þriðjungi meira en tekið er úr hryssum hér á landi. Rannsóknin tekur ekki til endurtekinnar blóðtöku en fram kemur að flestir blóðþættirnir hafi endurnýjað sig á innan við viku. Þá var hún ekki framkvæmd á fylfullum hryssum og óvíst hvort það hafi einhver áhrif,“ segir í skýrslunni.

Jafnframt kemur fram að þrátt fyrir að vísindalega sannreyndar rannsóknir á áhrifum blóðtökunnar, eins og hún er framkvæmd í dag, skorti byggi starfsemin á áratuga reynslu. Eftirlitið sé margþætt og sýni að heilsufar hryssnanna sé gott, framleiðslusjúkdómar séu nær óþekktir og afföll afar lítil.

„Þá eru fyrirliggjandi mælingar á hemoglóbíni hjá 2.391 hryssu yfir 11 ára tímabil, sem gefa mynd af blóðbúskap hryssnanna viku eftir hverja blóðtöku. (...) Þær mælingar benda til þess að blóðtapið sé innan þeirra marka sem hryssurnar geta mætt með varabirgðum (til skamms tíma) og nýmyndun blóðs (til lengri tíma). Styrkur hemóglóbíns helst því innan viðmiðunarmarka allt blóðtökutímabilið,“ segir í skýrslunni.

Litlar ályktanir eru dregnar af umræðum um tilgang blóðtökunnar en að ekki sé hægt að réttlæta framleiðslu á hráefni í frjósemislyf sem notuð eru í þauleldi annarra húsdýra, ef aðstæður eldisdýranna séu ekki í samræmi við alþjóðleg viðmið um velferð dýra.

„Því verði að réttlæta hana á eigin forsendum, sem dýrahald í atvinnuskyni sem skapar eigandanum tekjur,“ segir í skýrslunni.

Erfitt að mæla áhrif á ímynd

Þá er velt upp möguleikum þess að banna starfsemina, en starfshópurinn telur að ekki sé hægt að gera það á grundvelli laga um velferð dýra. Til þess skorti málefnalegri sjónarmið.

„Ef banna á starfsemina á grundvelli dýravelferðar þyrfti auk þess að líta til jafnræðis milli mismunandi dýrahalds í atvinnuskyni en starfshópurinn fór ekki í slíkan samanburð. Að auki yrðu að koma til sterkari málefnaleg sjónarmið byggð á mögulegum breytingum á niðurstöðum eftirlits og rannsókna. Annar möguleiki væri að banna starfsemina á grundvelli óbeinna efnahagslegra hagsmuna, s.s. ímyndar íslenska hestsins og hugsanlegra neikvæðra áhrifa á hestatengda starfsemi í landinu.“

Hins vegar komi fram að erfitt sé að mæla eða sýna fram á slík áhrif en það yrði óhjákvæmilegt áður en ákvörðun yrði tekin með tilliti til slíkra sjónarmiða.

„Slík sjónarmið kunna að falla undir skilyrðið um að almannahagsmunir krefjist þess að starfsemi þessi verði bönnuð en slík ákvörðun verður að auki að samrýmast þeim kröfum sem gerðar eru til skerðingar á stjórnarskrárvörðum réttindum,“ segir í skýrslunni.

Í viðauka skýrslunnar kemur fram að blóðmerahald sé ekki bannað í dýraverndarlögum Evrópuríkja og ekki sé að finna ákvæði í almennri dýraverndunarlöggjöf Evrópuríkja þar sem lagt sé bann við blóðtöku úr fylfullum merum til framleiðslu á PMSG.

Þriggja manna starfshópur

Í starfshópnum voru Iðunn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, sem var formaður hópsins, Sigríður Björnsdóttir, yfirdýralæknir í hrossasjúkdómum hjá Matvælastofnun og Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands. */ghp*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS LEITA AÐ ÖFLUGUM HAGFRÆÐINGI

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði og úthald í áhugaverðum verkefnum.

Hagfræðingur er lykilstarfsmaður hjá samtökunum. Hagfræðingur heyrir undir framkvæmdastjóra og starfar náið með honum sem og formanni og öðru starfsfólki BÍ, félagsmönnum og aðildarfélögum þess.

Hagfræðingur BÍ ber m.a. ábyrgð á:
- Umsýslu og umsjón hagtalna sem snerta framleiðslu landbúnaðar.
- Hagrænum greiningum sem tengjast m.a. loftlagsmálum og fæðuöryggi.
- Gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Gagnagrunni BÍ, uppfærslu hans og öðrum tölfræðikerfum.
- Að veita aðildarfélögum BÍ upplýsingar og greiningar á stöðu og framvindu efnahagsmála.
- Almenn og fræðslutengd ráðgjöf.
- Gerð umsagna um þingmál á sínu sérsviði.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Meistarapróf í hagfræði er skilyrði.
- Marktæk reynsla af hagfræðistörfum.
- Þekking á starfsemi félagasamtaka.
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Góð þekking á töflureikni og reynsla af vinnslu gagnagrunna.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Færni til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði og metnaður.

Umsóknir, merktar: Umsókn um starf hagfræðings, berist eigi síðar en 30. júní nk. á netfangið vigdis@bondi.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bíladagar 2022

Flottasta jeppa og sportbílasýning ársins.

Í Boganum Akureyri, 17. júní.

Bílaklúbbur Akureyrar heldur árlega bílasýningu sína, Bíladaga, þjóðhátíðardaginn 17. júní. Bílabúð Benna lætur sig ekki vanta og sýnir úrvalslið sportbíla og jeppa frá Porsche og SsangYong.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

PORSCHE

Porsche Cayenne E-Hybrid Platinum

- 462 hestöfl
- 700 Nm tog
- 5.0 sek. 0-100 km.klst.
- Læst afturdrif
- Læstur millikassi
- 3.5 tonna dráttargeta

PORSCHE

Porsche Taycan 4S – 100% rafmagn

- 530 hestöfl
- 4.0 sek. 0-100 km.klst.
- 800 volta rafkerfi
- 250 km.klst. hámarks hraði

SSANGYONG

SsangYong Rexton - alvöru jeppi

- Byggður á grind
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- Hátt og lágt drif
- Læst afturdrif
- 3.5 tonna dráttargeta

PORSCHE

Porsche 911 GT3 RS

- 520 hestöfl
- 3.2 sek. 0-100 km.klst.
- 312 km.klst. hámarks hraði

benni.is

VIÐ KOLEFNISJÖFNUM PORSCHE OG SSANGYONG

Krókháls 9
110 Reykjavík
S: 590 2000
Opið virka daga frá 9:00 til 17:00

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

NYTJAR HAFSINS

Óttinn við frelsið

Landssamband smábátaeigenda (LS) var stofnað 5. desember 1985. Það sem rak menn til samstöðu var augljós ætlan löggjafans í náinni samvinnu við stórútgerðina að þurrka út smábátaútgerðina og það snarlega. Regluverkið utan um þá útgerð var lyginni líkust.

Árið 1984 var trillukörlum ætluð 8.300 tonn af óslægðum þorski og ekkert af öðrum tegundum. Smábátarnir voru þá rétt innan við 900. Það þarf ekki doktorsgráðu í kjarnorkueðlisfræði til að sjá ætlunarverkið.

Fyrsta stóra verkefni hins nýstofnaða félags var að fá þessa dómadagsdellu leiðrétta. Það tókst að hluta til strax og þáverandi sjávarútvegsráðherra viðurkenndi í sjónvarpsviðtali að útreikningar Fiskifélags Íslands (forvera Fiskistofu) hefðu verið kolrangir. Ef Fiskifélagið hefði reiknað hlut stórútgerðarinnar í þorski með sömu aðferð hefði hún fengið u.þ.b. 80 þúsund tonn til ráðstöfunar, en ekki yfir 210 þúsund tonn. Ég er ekki viss um að LÍÚ hefði setið þegjandi undir slíkri trakteringu.

Frelsisandi lifir enn

Mér er minnisstæð fyrsta alvöru fyrirsögnin sem birtist í fjölmiðli eftir stofnfund LS í Fiskifréttum., 13. desember 1985:

„Krefjumst frjálsra veiða!"

Þessi frelsisandi lifir enn, góðu heilli, meðal smábátaeigenda. Í millitíðinni, frá 1985, hefur sannarlega ýmislegt gengið á. Breytingar á fiskveiðilöggjöfinni og tengdum reglugerðum skipta hundruðum.

Barátta LS skilaði því smám saman að veiði smábátaflotans árið 2016 náði hæstu hæðum, eða tæp 96 þúsund tonnum í heildarafla og voru á síðasta fiskveiðiári yfir 85 þúsund tonn.

Þessi árangur smábátaeigenda er alger undantekning frá þeirri þróun sem almennt hefur verið í heiminum. Því fer fjarri að stórútgerðin hérlendis sé einhver undantekning í því að reyna að sölsa undir sig veiðiheimildir viðkomandi hafsvæða. Á heimsvísu hefur smábátaútvegurinn átt undir þung högg að sækja. Sú botnlausa della sem upp á íslensku heitir hagkvæmni stærðarinnar er keyrð af fullkomnu miskunnarleysi af ýmsum alþjóðlegum stofnunum. Um þessar mundir fer þar fremst í flokki WTO (Alþjóðaviðskiptastofnunin) og fyrir þá sem vilja fræðast nánar þar um, ráðlegg ég að fara á vefsvæði stofnunarinnar.

Í dag steingerast flestir stjórnmálamenn og skriffinnar við að nefnt sé frelsi varðandi fiskveiðar.



Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.
Mynd / Landssamband smábátaeigenda.

WTO hefur enga þolinmæði gagnvart smábátaútgerðinni, þrátt fyrir þá staðreynd að hún dragi úr sjó vel yfir helming þess próteins sem fiskveiðar leggja til við fæðuöflun mannkyns.

Hlutur fiskveiða í því sambandi er reyndar ekki hár miðað við aðra matvælaframleiðslu, eða innan við 8% af heildarpróteinframleiðslunni. Það er undarleg staðreynd í ljósi þess að yfir 70% yfirborðs jarðar eru höf og vötn.

Alþjóðasamtök strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF – World Forum of Fish Harvesters and Fish Workers) hafa gert alvarlegar athugasemdir við ferlið sem WTO telur sér sæmandi að stilla upp. Það er lyginni líkast að fylgjast með því hvernig þjóðlegar stofnanir hunsa kerfisbundið þá sem minnst mega sín.

Hvorki WFF né öðrum samtökum smábátaveiðimanna var boðið að samningaborðinu. Skömm WTO er alger. Þetta er sambærilegt því að eitthvert alþjóðlegt batterí efni til fundar um örlög og vinnuumhverfi lögfræðinga og hann sætu einungis bakarar og félagsfræðingar – og smábátasjómenn. Á sama tíma og WTO býður upp á framangreint efna Sameinuðu þjóðirnar (UN) til árs smábátaveiða og tilgreina sérstaklega handfæraveiðar. Það er útilokað að WTO viti þetta ekki og jafn útilokað að útspilið sé tilviljun.

Yfir í allt annað

Mér var boðið að flytja erindi á risaráðstefnunni Rio+20 í Rio de Janero í Brasilíu árið 2012.

Mér þótti sérstakt að Svíakonungur og Svíadrottning settust beint fyrir framan mig á fremsta bekk í sömu andrá og ég gekk í pontu. Ekki uppveðraðist ég vegna þessa. Í gegnum tíðina hef ég hitt góða handfylli af „fyrirfólki" en hef hingað til ekki séð að það sé neitt öðruvísi eða merkilegra en t.d. heiðurshjónin sem reka búðina og veitingastaðinn Skerjakolluna á Kópaskeri. (Innskot: þar smakkaði ég bestu fiskibollur allra tíma).

Ég ákvað, þar sem ég stóð í pontunni með allt þetta fínifólk fyrir framan mig að byrja ávarpið með eftirfarandi spurningu: „Hversu margir hér í salnum eru fiskimenn, fyrst allt þetta tilstand gengur út á að ákveða örlög þeirra?"

Ég tók eftir því að Svíakonungur hló ofan í bringuna á sér. Hann vissi greinilega hvers konar skrípaleikur allt þetta tilstand var.

Af troðfullum salnum, (u.þ.b. 500 manns), rétti einn upp hönd. Sá stóð við útidyrnar. Ég fór eftir athöfnina og ræddi við hann. Honum hafði ekki verið boðið. Sem sagt, boðflenna í partíi fyrirmenna sem þótti ekkert eðlilegra en að ráðskast með örlög hans.

Þetta lýsir í hnotskurn vandanum sem smábátaeigendur og -veiðimenn glíma við, ekki bara hérlendis, heldur alls staðar. Þeir eru ekki hafðir með í ráðum, þeirra þekking og skoðanir eru hunsaðar og undantekningarlítið gert sem minnst úr þeim.

Og þá er það þetta með frelsið

Í dag steingerast flestir stjórnmálamenn og skriffinnar við að nefnt sé frelsi varðandi fiskveiðar.

Á Íslandi gefa ákveðin stjórnmálaöfl sig út fyrir að vera fulltrúar einstaklingsfrelsisins, önnur að þau vilji standa vörð um jafnan rétt þegnanna, en það vinsælasta hjá þeim öllum er að kyrja frasann að „fylgja beri bestu vísindalegu þekkingunni".

Ég man vel þegar verið var að koma strandveiðikerfinu á koppinn. Á Alþingi voru höfð uppi stór orð um að með því að lögfesta slíkt kerfi myndu þúsundir manna flykkjast á vettvang og sprengja öll viðmið í tætlur.

Þessi ofsahræðsla við frelsið, ekki síst af þeim sem segjast standa vörð um það, var beinlínis pínleg. Skynsamasta fólk týndi sér í ímynduðum veruleika sem hefur ekki staðist nokkra skoðun.

Stöplaritið sýnir að áhyggjur þeirra sem héldu að „þúsundir báta" myndu streyma inn í hið nýja kerfi voru óþarfar. Það eru 10 ár síðan bátafjöldinn náði hámarki. Meðaltal þessara 12 ára er 659. Þetta er nú öll ógnin við þorskstofninn.



Fjöldi strandveiðibáta frá árinu 2010. Ástæða þess að ég sleppi árinu 2009 er sú að það ár stóðu veiðarnar frá júní–ágúst og kerfið sett á með svo stuttum fyrirvara að fæstir vissu hvaðan á þá stóð veðrið.

fastus.is

ÖFLUGAR IÐNAÐARÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR
FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Tilvalið fyrir:
Verkstæði
Fiskvinnslufyrirtæki
Hótel og gistiheimili
Íþróttafélög og sundlaugar
Heilbrigðisstofnanir
Efnalaugar og þvottahús
Slökkvistöðvar
Skóla

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

„Þegar stjórnvöld ákváðu að festa strandveiðikerfið í lög bar þeim að sjálfsögðu skylda til að tryggja því nægjanlegar veiðiheimildir. Geri þau það ekki er allt tal um „eflingu strandveiða“ marklaust hjal.

Strandveiðikerfið er í grunninn sóknarmark, en lýtur að auki lögmálum hins almáttuga kvótakerfis. Strandveiðiflotanum er ætlaður ákveðinn pottur af veiðiheimildum en undanfarin ár hafa stjórnvöld látið ráðast hvort þær dugi til að reglugerðarákvæði um rétt manna til 48 sóknardaga á strandveiðitímabilinu (maí-ágúst) dugi til. Þetta er hreinræktaður tvískinnungsháttur. Landinu er skipt upp í fjögur svæði vitandi vits að veiðin hefst á ólíkum tíma; þannig sitja svæðin fyrir sunnan og vestan við landið uppi með það að veiðin er best fyrir þann tíma sem maí-ágúst tímabilið telur og fyrir austan að veiðin byrjar seinna á tímabilinu. Á þetta hefur verið bent í fjölda ára en stjórnvöld daufheyrast.

Á síðasta ári hefði þurft að bæta við veiðiheimildir strandveiðiflotans innan við þúsund tonnum af þorski svo strandveiðimenn gætu lokið vertíðinni með sóma, hringinn í kringum landið. Það reyndist þáverandi stjórnvöldum ofviða.

Sem sagt, það þurfti að bæta við sem samsvaraði einum þúsundasta af því sem Hafrannsóknastofnun áætlar að sé stærð þorskstofnsins. Hafró hefur ekki farið leynt með að skekkjumörk stofnstærðarmælinga telur í tugum prósenta til og frá.

Stjórnvöld höfðu og hafa hvort í sinni hendi, einn þúsundasta af áætlaðri stærð þorskstofnsins og a.m.k. 7-8 hundruð störf við strandveiðar, hringinn í kringum landið – auk þjónustustarfa í landi.

Hvernig það vefst fyrir vel meinandi fólki hvort vegi þyngra er mér hulin ráðgáta.

Stórútgerðin hefur fundið strandveiðunum allt til foráttu og reyndar smábátaútgerðinni almennt, allt frá upphafsdögum kvótakerfisins. Gæði aflans vafasamur og slysahættan óskapleg.

Opinberar eftirlitsstofnanir hafa hrakið hið fyrrnefnda og hvað varðar hið síðarnefnda hvet ég til þess að nákvæmur listi yfir slys og óhöpp við fiskveiðar allra útgerðarflokka frá því strandveiðikerfið var sett á laggirnar verði birtur. Mig rennur í grun að strandveiðarnar komi ekki illa út í þeim samanburði.

Hinn 30. maí sl. ritaði Svandís Svavarsdóttir grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni „Hagkerfi snýst um fólk“. Þar hitti hún naglann lóðbeint á hausinn.

Stór hluti af hagkerfinu eru fiskveiðar og þær snúast svo sannarlega um fólk. Þær snúast um fiskimenn, þá sem leggja líf sitt og limi að veði til að framfleyta þjóðinni. Smábátaútgerðin er mannaaflsfrek miðað við afla úr sjó. Þegar strandveiðarnar fara af stað í byrjun maímánaðar kviknar líf í fjölmörgum höfnum landsins – á sama tíma og ferðamenn fjölmenna til landsins. Mannlífið glæðist og í loftinu liggur seiðandi vertíðarstemning sem á prýðilega við okkur Íslendinga.

Smábátaútgerðin lagði grunninn að öllu því sem sjávarútvegurinn státar af í dag. Hún á sögulegan rétt til þess að njóta forgangs.

Óttinn, hræðslan við frelsið, er óttastjórnun, vel þekkt verkfæri stjórnvalda í gegnum mannkynssöguna til að hræða almenning til hlýðni. Nú eru vísindin miskunnarlaust notuð til að brýna þetta verkfæri.

Það er kominn tími til að skera af sér þetta vistarband.

Arthur Bogason
Formaður Landssambands smábátaeigenda

Strandveiðar:

Aflamet slegin

Í nýliðnum maí lönduðu alls 611 strandveiðibátar samtals 3.672 tonnum og hefur afli í maí aldrei verið meiri frá upphafi strandveiða árið 2009. Þar af var þorskur 3.293 tonn, sem er aukning um 699 tonn milli ára.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að á öllum svæðum við landið hafi afli aukist á milli ára. Hlutfallslega mest á svæði D, Hornafjörður – Borgarbyggð, um 46% og munar þar mestu um góðan ufsaafla.

Þann 30. maí var landað alls 373 tonnum sem er dagsmet. Fyrra metið var 28. júní á síðasta ári, 367 tonn.

Áætlað aflaverðmæti er 1.347 milljónir króna og er það mikil hækkun frá síðasta ári þegar afli í maí gaf um 755 milljónir.

/VH

Þann 30. maí síðastliðinn lönduðu strandveiðibátar 373 tonnum, sem er dagsmet. Mynd / VH

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Þróun á kjötmörkuðum

Á þessari síðu er ætlunin að birta með reglulegum hætti upplýsingar um helstu hagtölur sem tengjast landbúnaði.

Bæði sem snúa að innlendri framleiðslu en ekki síður þróun á erlendum mörkuðum.

Að þessu sinni er áherslan á innlenda framleiðslu á kjötvörum og verðþróun á hráefnum til fóður- og áburðarframleiðslu.

Framleiðsla, sala og verðþróun á kjötvörum: Upplýsingar um framleiðslu og sölu eru fengnar af vef Mælaborðs landbúnaðarins. Upplýsingar um vísitölu, innflutning og útflutning eru fengnar af vef Hagstofu Íslands.

Innflutningsverð er reiknað meðalverð alls útflutnings í hverjum mánuði. Athygli er vakin á því að fyrir kindakjöt eru ekki birtar upplýsingar um innflutning heldur útflutt magn og útflutt verð.

Athugið að ekki er í öllum tilvikum sami skali á lóðrétta ásnum milli kjöttegunda.

Verðþróun á hrávörumörkuðum: Upplýsingar eru fengnar af vef Alþjóðabankans (worldbank.org). Á gröfunum hér fyrir neðan sýnir blár litur þróun síðustu tólf mánaða.

Rauður litur sýnir þróun sama tímabili árið á undan. /USS

Alifuglakjöt











Svínakjöt











Nautakjöt











Kindakjöt











Verðþróun á hrávörumörkuðum





vfs.is

Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI

Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 30. JÚNÍ 2022

KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

HAPPDRÆTTI
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu VERKFÆRATÖSKU

PEYSA eða BOLUR
Fylgja völdum vörum meðan birgðir endast!

Milwaukee
BÍLLINN
Á ferðinni um landið.
Prufaðu allt það nýjasta
þegar hann er nálægt þér.
Sjáðu dagskrána á vfs.is

TILBOÐS-BÆKLINGUR
Komdu í verslanir okkar og náðu þér í eintak.

HAPPDRÆTTI
Verslaðu Milwaukee vöru dagana 31. maí til 30. júní og þú ferð í pott.
Stórglæsilegir vinningar!
3 heppnir geta unnið glæsilegan uppblásinn Milwaukee heita pott.

DERHÚFA
Fylgir öllum kaupum meðan birgðir endast!

Sjáðu öll tilboðin á vfs.is

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Vélsmiðja Grundarfjarðar óskar G.Run hf innilega
til hamingju með nýtt húsnæði Netagerðar G.Run

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR

G.RUN

NETAGERÐ

FRÉTTASKÝRING

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Úkraínskur hveitiakur.

Mynd / Eugene - Unsplash

Miklar hækkanir á alþjóðlegum mörkuðum með fóðurvörur:

Framboð hráefna til fóðurframleiðslu á Íslandi ótryggt

– Ástandið er mikil ógn við íslenskar matvælaframleiðslugreinar

Ógnarástand er á erlendum mörkuðum með kornvörur og hráefni til fóðurgerðar. Verðhækkanir höfðu orðið nokkrar í lok síðasta árs – meðal annars samhliða hækkunum á jarðgasi og öðru jarðefnaeldsneyti – og eftir að stríðsátök brutust út í Úkraínu í lok febrúar hafa hækkanirnar stigmagnast.

Matvælaverð hefur sömuleiðis hækkað mikið í mörgum löndum sem ógnar lífsafkomu hinna fátæku þjóða – þeirra sem treysta mjög á innflutning á matvælum – og fátæku fólki hinna velmegandi þjóða.

Framboð á hráefni til fóðurframleiðslu virðist að vissu leyti vera ótryggt og einhverjir hnökrar hafa komið upp hjá íslenskum fóðursölum við afgreiðslu á þeirra pöntunum. Að sögn Hólmgeirs Karlssonar, framkvæmdastjóri Bústólpa, hefur komið upp sú staða hjá þeim nú þegar að ekki hafi fengist það hráefni sem ætlunin var að kaupa. Hann segir að bygg hafi til dæmis alveg verið ófáanlegt um tíma en það hafi verið hægt að leysa með breytingum á fóðuruppskriftum. Meira hafi hlutfallslega verið notað af hveiti til að spara byggið, sem var til á lager hjá þeim. Hann segir að þetta sé mögulegt upp að vissu marki, en hefur aukinn kostnað í för með sér þar sem hveiti er að jafnaði dýrara en bygg.

Óvissa með fóðurframboð næstu mánuði

Hólmgeir segir að fóðurframleiðendur hafi enga tryggingu fyrir að fá næg hráefni til fóðurframleiðslunnar út þetta ár. Margir óvissuþættir spili þar inn í, til dæmis hvað varðar þær birgðir af korni sem eru í Úkraínu núna. Eins hvort eitthvað verði opnað á viðskipti með nýja uppskeru í haust frá Úkraínu og Rússlandi.

Ef það gerist ekki sé ljóst að mikið vanti upp á það magn sem Evrópa þarf af korni.

Söguleg hækkun áburðarverðs komst í hámæli í byrjun árs þegar íslenskir bændur þurftu að takast á við allt að 120 prósenta hækkun og nú virðist sem verðhækkun á tilteknu fóðurhráefni sé farið að nálgast 50 prósent í einhverjum tilvikum frá því í haust. Mestar eru hækkanirnar á einstöku hráefni eins og byggi, hveiti, sojamjöli og maís, en algengustu og mest seldu kjarnfóðurblöndurnar hafa hækkað heldur minna. Snefilefni hafa í einhverjum tilvikum hækkað um 70 prósent í verði.

Styrking íslensku krónunnar á þessu ári hefur hins vegar hægt aðeins á verðhækkunum gagnvart íslenskum bændum.

Svigrúm er lítið til að hagræða hlutföllum og innihaldi í fóðurblöndum, þar sem verið er að sækjast eftir ákveðnum eiginleikum fyrir hvert og eitt hráefni.

Allar greinarnar háðar innfluttu fóðri

Helstu hráefnin sem notuð eru almennt í fóðurframleiðslu er bygg, hveiti, sojamjöl og maís ásamt innlendu fiskimjöli. Önnur lykilhráefni eru sykurrófuhrat, repjumjöl, melassi og ýmis snefilefni og vítamín.

Fóðursalar og -framleiðendur selja kjarnfóðurblöndur fyrir mjólkurbændur, nautgripabændur, sauðfjárbændur, eggjaframleiðendur og alifuglabændur. Svínabændum er seld hrávara sem þeir blanda á staðnum sem fóður í svínaeldinu. Bygg, hveiti og sojamjöl er uppistaðan í þessu fóðri.

Mjólkur- og nautgripabændur eru einnig háðir innfluttu kjarnfóðrinu til að halda uppi afurðamagni þó svo að gróffóður sé aðalfóðrið í þeim greinum.

Áætlað hefur verið að kjarnfóðurgjöfin í mjólkurframleiðslunni skili á bilinu 30-40 prósent af því mjólkurmagni sem framleitt er í dag. Mjólkurframleiðslan er nú um 150 milljónir lítra á ári og gerir ekki meira en að anna eftirspurn. Talið er að mikill skaði hlytist fyrir greinina ef þar yrði samdráttur.

Sauðfjárbændur nota hlutfallslega minnst af kjarnfóðri, en fóðrið er þeim þó mikilvægt á fengitíma og fyrst eftir burð ánna.

Fyrirboði um verri þróun

Telja má að þær hækkanir sem eru sýnilegar í dag séu aðeins fyrirboði um enn verri þróun, ef stríðsátökin halda áfram í Úkraínu – þar sem eitt stærsta ræktarland Evrópu er að finna. Vegna stríðsástandsins í landinu er nú þegar ljóst að framboð af korni frá Úkraínu á alþjóðlega markaði í haust verður lítið sem ekkert í samanburði við venjulegt ræktunarsumar, hvernig svo sem átökin þróast, en það er eitt allra helsta útflutningsland heims á kornvörum. Þá eru í gildi viðskiptaþvinganir á Rússland, annað stórveldi í kornrækt, sem torveldar þeim að markaðssetja sínar vörur í Evrópu.

Talið er að nálægt 25 milljónir tonna af korni frá uppskeru síðasta árs komist ekki á markaði frá Úkraínu. En fari ræktunin – uppskera og geymsla – forgörðum þetta árið bætast mögulega 50 milljónir tonna við.

Bandamenn Úkraínumanna vinna hins vegar að því nú sem mest þeir mega að finna lausnir til að koma korninu út úr landinu.

Þrengt að afkomu almennings og bænda

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankinn hafa áætlað að ástandið muni stigmagnast á næstu mánuðum og jafnvel árum. Uppskerubrestur hefur aukinheldur víða orðið í vanþróuðum löndum – til að mynda í Afríku – sem eykur enn á hættuna á alvarlegum fæðuskorti í heiminum og hungursneyð.

Á Íslandi finnur almenningur verulega fyrir matvöruverðshækkunum um þessar mundir, en frumframleiðendur matvæla ekki síður fyrir verðhækkunum á aðföngum – ekki síst kjöt- og eggjaframleiðendur fyrir verðhækkunum á innfluttu fóðri.

Í nýlegu minnisblaði matvælaráðherra var staðan metin þannig, að ekki væri talin hætta á matvælaeða vöruskorti á Íslandi á næstunni en vöntun á tilteknu hráefni til matvælaframleiðslu gæti orðið til lengri tíma.



Unnsteinn Snorri Snorrason, sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands og staðgengill framkvæmdastjóra. Hann segir að þær kostnaðarhækkanir sem bændur hafi þurft að taka á sig séu fordæmalausar. Mynd / smh

Íslenskur byggakur. Í tillögum matvælaráðherra til fæðuöryggis Íslands, sem lagðar voru fyrir ríkisstjórn fyrir skemmstu, kemur fram að ein af undirstöðum fæðuöryggis sé fjárhagsleg afkoma bænda. Markvissa flokkun landbúnaðarlands þurfi til að auðvelda sveitarfélögum ákvarðanatöku í skipulagsmálum, jafnframt því að styrkja þurfi undirstöður jarðræktar. Mynd / smh

Dregið úr framleiðsluvilja

Þótt fæðuöryggi Íslendinga sé líklega ekki ógnað alveg í bráð má telja líklegt að dregið hafi mjög úr framleiðsluvilja bænda í tilteknum búgreinum, eins og Bændasamtök Íslands (BÍ) hafa bent á.

Versnandi afkomuhorfur eru til dæmis hjá kúabændum og sauðfjárbændum þar sem afurðaverð hefur ekki haldið í við verðhækkanir á ýmsum liðum búrekstrarins.

Í flestum tilvikum eru svína-, eggjaframleiðendur og alifuglabændur algjörlega háðir því að fá innflutta fóðrið þar sem þessi dýr fá ekkert annað fóður. Örfáar undantekningar eru meðal svínabænda þar sem heimafengið fóður er hluti af fóðursamsetningunni. Bændur í þessum búgreinum hljóta því að vera mjög uggandi um framtíð sína – ef einhver óvissa er um fóðurframboð næstu mánaða.

Í tillögum matvælaráðherra til fæðuöryggis Íslands, sem lagðar voru fyrir ríkisstjórn fyrir skemmstu, kemur fram að ein af undirstöðum fæðuöryggis sé fjárhagsleg afkoma bænda. Markvissa flokkun landbúnaðarlands þurfi til að auðvelda sveitarfélögum ákvarðanatöku í skipulagsmálum, jafnframt því að styrkja þurfi undirstöður jarðræktar. Allt virðist þetta vera knýjandi mál á þessum ógnartímum.

Nautakjötsframleiðendur hættir að setja gripi á

Unnsteinn Snorri Snorrason, sérfræðingur hjá BÍ og staðgengill framkvæmdastjóra, segir að þær hækkanir sem nú þegar eru komnar fram séu fordæmalausar. „Ef við bara horfum á kostnaðarhækkun á fóðri og áburði þá eru þetta að lágmarki 6-7 milljarðar í hækkun milli ára.“

Hann segir að bændur hafi í gegnum tíðina orðið að taka á sig verðhækkanir eða lækkun á afurðaverði einfaldlega með því að lækka sín laun eða jafnvel borga sér engin laun. „Nú er hins vegar staðan sú að bændur þurfa að taka ákvörðun um að borga með framleiðslunni með tekjum utan bús.

Það er ljóst að það hefur enginn getu til þess til langs tíma. Enda finnum við það í samtölum við okkar bændur að nautakjötsframleiðendur eru hættir að setja gripi á og sauðfjárbændur munu draga verulega saman í ásetningi í haust.

Það sama má segja um alifugla og svínabændur. Þetta er alvarleg staða því það tekur langan tíma að ná framleiðslugetunni upp aftur.“

Framleiðslan flyst úr landi

Staða kjötframleiðenda er grafalvarleg, ekki síst í ljósi þess að dregið hefur verulega úr tollvernd á síðustu árum. „Innlenda framleiðslan mun gefa eftir og við tekur aukinn innflutningur á kjöti. Það má ekki gleyma því að bændur eru að framleiða afurðir sem fara í frekari vinnslu hér á landi. Það er gífurlegur fjöldi starfa í húfi upp alla virðiskeðjuna. Ef það verður samdráttur í kjötframleiðslu hér á landi, sem nemur tugum prósenta, þá erum við að sjá á eftir hundruðum starfa sem flytjast úr landi.

Við erum líka að horfa til þess að sú staða geti komið upp að ekki sé til nægt fóður fyrir þá framleiðslu sem er hér í gangi. Þar eru svína- og alifuglabændur í mjög erfiðri stöðu. Þær greinar eru þar að auki sérstaklega viðkvæmar fyrir þessari miklu hækkun fóðurverðs í ljósi þess að fóðurkostnaður er hlutfallslega hár kostnaður í þeirra framleiðslu,“ segir Unnsteinn Snorri.

Á föstudaginn skipaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra starfshóp sem mun vinna að tillögum til að bregðast við afkomuvanda bænda. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum 13. júní og í aðsendri grein í blaðinu í dag gerir hún grein fyrir ástæðum þess að vinna þurfi hratt. Þróunin á aðfangaverðshækkunum geti haft það í för með sér að matvælaframleiðsla á Íslandi kunni að dragast saman.

Það hafi hún áttað sig á eftir samtöl við fjölda bænda, auk þess sem þess sjáist merki, til að mynda í fækkun nautgripa og fækkun sauðfjárbænda.

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa. Mynd / Aðsend

Fóðurframleiðandinn Bústólpi á Akureyri. Mynd / Aðsend

Slæmt útlit er fyrir íslenska nautakjötsframleiðslu og eru bændur í mörgum tilfellum hættir að setja gripi á. Mynd / smh

FRÉTTIR

Heimsmarkaðsverð á korni á niðurleið

Í kjölfar árásar Rússlands á Úkraínu rauk heimsmarkaðsverð á korni upp og náði t.d. verð á einu tonni af hveiti upp í 435 evrur, sem gera um 60.000 íslenskar krónur.

Það var hæsta verð sem hefur verið skráð á hveiti en nýlegar tölur benda nú til að heimsmarkaðsverðið sé á niðurleið á ný.

Þetta eru góð tíðindi fyrir heimsbyggðina alla og samkvæmt dönskum fréttamiðlum telja þarlendir sérfræðingar að þegar kemur að uppskerutíma á hveiti síðar í sumar gæti verðið verið komið niður í um 200 evrur á tonnið, þ.e. um 27.000 íslenskar krónur, eða jafnvel enn lægra.

Skýringin á þessari spá um verðlækkun markaða á ný er margþætt en það er sér í lagi spá um góða uppskeru í haust sem gefur tilefni til þess að ætla að verðið muni lækka verulega. Þá lítur út fyrir að hægt verði að flytja út korn á ný frá Úkraínu, en sem kunnugt er þá er Úkraína lykilland þegar kemur að útflutningi á korni í Evrópu. */SNS*

Sjálfstýring fyrir eldri dráttarvélar

Með tilkomu GPS kerfa í dráttarvélum og tengdum vinnutækjum er hægt að ná fram töluverðri hagræðingu við akstur og vélavinnu almennt en sjálfstýring véla er þó ekki enn mjög útbreidd.

Þetta gæti þó verið að breytast með tilkomu búnaðar sem hægt er að setja í nánast allar vélar, líka gamlar! Verðið á búnaðinum vekur sérstaka athygli enda er hann seldur á rétt tæplega 1 milljón króna í Danmörku og er þá innifalin ísetning á búnaðinum.

Danska fyrirtækið SteerGuide hefur þróað búnaðinn, sem virkar þannig að hann tekur yfir bæði olíugjöfina og stýrið sjálft og sér um aksturinn á túni eða landspildu. Búnaðurinn getur svo séð alfarið um aksturinn og jafnvel tekið U-beygjur við spilduenda og getur því ökumaðurinn einbeitt sér að fullu að því tæki sem verið er að vinna með og þarf ekki að hugsa um aksturinn. Danskir bændur hafa tekið þessari nýju tækni fagnandi, enda ekki verið á markaðinum jafn handhæg og ódýr tæki fyrir eldri vélar áður. */SNS*

Flugfélagið Niceair tekið til starfa:

Lífæð samfélagsins styrkist

– Forsendur fyrir frekari vexti, að mati bæjarstjóra Akureyrar

Starfsfólk Niceair stilltu sér upp við flugvél félagsins sem er af gerðinni Airbus 319. Myndir /MÞÞ

„Það var allt sett á fullt og unnið af kappi þegar allt benti til að kórónuveiran væri á undanhaldi í byrjun árs og að útlit væri fyrir að ferðaþjónustan gæti starfað eðlilega á ný," segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair, sem gerir út frá Akureyri.

Starfsemin er farin í gang og verður flogið tvisar í viku til Kaupmannahafnar og tvisvar til Lundúna, en auk þess verður eitt flug í viku til Tenerife. Bókanir í fyrstu flug félagsins eru góðar.

Næsta haust bætist Manchester við í áfangastaði félagsins.

Niceair hefur til umráða Airbus 319 vél sem kom í fyrsta sinn til Akureyrar um nýliðin mánaðamót. Af því tilefni var efnt til móttöku þar sem Eliza Read forsetafrú gaf vélinni nafnið Súlur eftir bæjarfjalli Akureyringa.

Eliza Reid forsetafrú gaf vélinni nafnið Súlur.

Eliza nefndi í ávarpi sínu að um 70% þeirra útlendinga sem komið hafi til Íslands og eru í annarri ferð sinni til landsins langi að fara og gera annað en í fyrstu ferðinni. Taldi hún að tilkoma félagsins myndi auka mjög aðdráttarafl Norðurlands.

Dálítið kraftaverk að gerast

„Mér líður eins og hér hafi gerst dálítið kraftaverk og verið sé að skrifa merkan kafla í bráðum 160 ára sögu Akureyrarbæjar," sagði Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, í sömu athöfn.

Akureyri væri að stækka og breytast úr bæ í litla borg og til að bærinn geti áfram þróast og vaxið væri mikilvægt að samgöngur væru eins og best verður á kosið. „Með tilkomu millilandaflugs í föstum skorðum til og frá bænum, styrkist lífæð samfélagsins hér og forsenda skapast fyrir enn frekari vexti Akureyrar, nýjum og sögulegum sigrum svæðisborgarinnar."

Millilandaflugið væri mikilvægt fyrir fólk á öllu Norðurlandi sem og fyrir atvinnulífið í landsfjórðungnum. „Viðbygging við flugstöðina, beint flug og stórbættur aðflugsbúnaður, renna styrkari stoðum undir þróun efnahagslífsins á allri landsbyggðinni."

Uppbygging fram undan á Akureyrarflugvelli

Hjördís Þórhallsdóttir flugvallarstjóri á Akureyrarflugvelli, sagði tímamótin mikilvæg fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi, ferðamenn geti nú komið beint til Akureyrar mörgum sinnum í viku allt árið um kring.

Áætlunarflugið yki einnig á lífsgæði íbúa á Norðurlandi, sem nú ættu auðveldara með að komast beint út í heim. Stórir draumar væru að rætast.

Mikil uppbygging er fram undan á Akureyrarflugvelli, en m.a. verður nýtt flughlað tekið í gagnið ásamt því að flugstöðin verður stækkuð og endurnýjuð.

„Við munum bæta við bráðabirgðabyggingu eða gámum við suðurhluta flugstöðvarinnar til að gera aðstöðuna betri næsta árið þar sem farþegaaukningin er nú þegar orðin svo mikil. Sú aðstaða verður tilbúin í júní," segir Hjördís. */MÞÞ*

Brautskráning Landbúnaðarháskóla Íslands 2022:

Nýir búfræðingar eru 32 og aðrir 36 brautskráðir af fimm háskólabrautum

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) brautskráði nemendur sína af háskólabrautum og sem búfræðinga á föstudaginn við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti í Borgarnesi, þar sem 68 nemendur tóku við brautskráningarskírteinum sínum.

Bændasamtök Íslands gáfu þeim nemendum verðlaun sem voru með samanlagðan bestan árangur á búfræðiprófi og reyndust það vera þær Kara Nótt Möller og Marta Guðlaug Svavarsdóttir, sem urðu jafnar.

Skólinn verðlaunaði nemanda fyrir frábæran árangur á BS prófi og stóð Guðrún Sunna Jónsdóttir efst í ár af skógfræðibraut með einkunnina 9,23.

Guðrún Sunna Jónsdóttir, sem stóð efst á BS prófi, er hér ásamt Ragnheiði rektor. Myndir / LbhÍ

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor ásamt Köru Nótt Möller og Mörtu Guðlaugu Svavarsdóttur, sem stóðu jafnar og efstar á búfræðiprófi.

Nýir búfræðingar eru 32

Í umfjöllun LbhÍ um viðburðinn kemur fram að alls hafi 32 nýir búfræðingar brautskráðst og af háskólabrautum voru nemendur brautskráðir af fimm brautum til BS-náms; búvísindum, hestafræði, landslagsarkitektúr, náttúru- og umhverfisfræði og skógfræði, auk nemenda úr meistaranámi í skipulagsfræði og einstaklingsmiðuðu rannsóknarnámi.

Af búfræðikandídötum hlaut Kara Nótt Möller verðlaun fyrir frábæran árangur í hagfræðigreinum, sem Búnaðarsamtök Vesturlands gáfu. „Fyrir frábæran árangur í bútæknigreinum hlaut Ísak Godsk Rögnvaldsson verðlaun frá Líflandi. Þá hlutu Kara Nótt Möller og Ísak Godsk Rögnvaldsson verðlaun fyrir frábæran árangur í búfjárræktargreinum og gefandi var Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins.

Minningarsjóður Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur veitti verðlaun fyrir frábæran árangur í námsdvöl þeim Mörtu Guðlaugu Svavarsdóttur og Þorfinni Frey Þórarinssyni.

Þá verðlaunaði Landbúnaðarháskóli Íslands Köru Nótt Möller fyrir framúrskarandi lokaverkefni á búfræðiprófi,“ segir í umfjöllun skólans.

Viðurkenningar af háskólabrautum

Nemendur af háskólabrautum hlutu einnig ýmsar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. „Elínborg Árnadóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á BS prófi af búvísindabraut en gefandi þeirra verðlauna voru Bændasamtök Íslands. Þá gaf Kaupfélag Borgfirðinga verðlaun fyrir góðan árangur á BS prófi á hestafræðibraut og var það Freyja Þorvaldardóttir sem hlaut þau.

Í landslagsarkitektúr gaf Félag íslenskra landslagsarkitekta verðlaun fyrir góðan árangur á BS prófi og hlaut Lúisa Heiður Guðnadóttir þau, en hún hlaut einnig verðlaun frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands fyrir góðan árangur í skipulags- og landslagsarkitektafögum.

Hið íslenska náttúrufræðifélag gaf verðlaun þeim nemanda sem bestan árangur hlaut á BS prófi í náttúru- og umhverfisfræði og féllu þau í skaut Maríu Rúnarsdóttur. Þá hlaut Guðrún Sunna Jónsdóttir verðlaun fyrir góðan árangur á BS prófi í skógfræði, gefandi var Skógræktarfélag Reykjarvíkur.

Þá voru einnig brautskráðir nemendur úr meistaranámi við skólann. Skipulagsfræðingafélag Íslands gaf viðurkenningu fyrir bestan árangur á MS prófi í skipulagsfræði en þau hlaut María Markúsdóttir.

Fyrir bestan árangur á MS prófi í rannsóknarmiðuðu meistaranámi hlaut Guðrún Björg Egilsdóttir viðurkenningu, sem gefin var af LbhÍ,“ segir í umfjöllun LbhÍ.

Auk viðurkenninga voru veittir nokkrir styrkir til framhaldsnáms og verkefna. /smh

Helsti búnaður:
- Valtra Powershift: 6PS 24+24
- Rafskiptur með 4 gírum og 6 milligírum.
- Vökvavendigír
- 135 hestafla 4.4L mótor hámarks afl 145 hestöfl
- Sigma Power aflauki
- 3ja hraða aflúrtak 540/540E/1000
- Húsfjöðrun
- Fjaðrandi framhásing
- G5S ámoksturstæki Euro, SMS
- Rafstýrður stýripinni fyrir ámoksturstæki innbyggður í armhvílu
- Fjöðrun á ámoksturstæki
- Premium vinnuljósapakki - 4 framan, 6 aftan
- Auka ökuljós í hústoppi
- 3 vökvasneiðar load sensing að aftan
- Power Beyond vökvatengi fyrir LS tæki
- Vökva vagnbremsuloki
- Miðstöð með loftkælingu og auka miðstöð niðri
- Loftsæti fyrir ökumann
- Farþegasæti með sætisbelti
- Aflúrtaksrofi á afturbretti
- 600/65 R38 + 480/65 R28 Trelleborg dekk

Verð kr. 13.800.000 án vsk.

Framsláttuvélar | Sláttuvélar með og án knosara | Sláttufiðrildi 8,3m | Miðjurakstrarvél 8m | Rakstrarvél

PRONAR

Mikið úrval **VALTRA** dráttarvéla og **PRONAR** heyvinnutækja **TIL AFGREIÐSLU STRAX**

AFLVÉLAR

www.aflvelar.is
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Austurvegi 69, Selfossi, sími 480-0400

HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ

Á döfinni í júní ...

Austurland & Austfirðir

12. júní Heimamyndadagar á Seyðisfirði.
15. júní Heimamyndadagur á Djúpavogi.
20.-23. júní Námskeiðið Útsaumur & útiveraHallormsstaðaskóla.
18.-25. júní Gönguvikan Á fætur í Fjarðabyggð, fjölskylduvænar gönguferðir og afþreying.
22.-23. júní Smiðjuhátíð Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði með breyttu sniði: Sýning í gömlu vjelasmiðjunni og víðar um skriðuföllin, boðið verður upp á ljósmyndanámskeið, kótilettukvöld og tónleikar haldnir með Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Pétursyni.
25. júní Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðarskógi.

Norðurland & Norðausturland

17.-20. júní Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri lengist um einn dag í ár, tónleikar með Bríeti þann 20. júní.
17.-20. júní Sólstöðuhátíð í Grímsey, dansleikur, sjávarréttakvöld og varðeldur.
16.-18. júní Bíladagar á Akureyri. Bílasýning, drift, burn-out, sand- og götuspyrna, eitthvað fyrir alla.
24.-26. júní Lummudagar! Notaleg fjölskylduhátíð í Skagafirði með fjölbreyttri dagskrá.
24.-26. júní Bæjarhátíðin Hofsós heim. Varðeldur, sjósund & markaðir.

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur & Suðvesturland

10.-12. júní Bæjarhátíðin Sjóarinn síkáti í Grindavík.
10.-12. júní Upp í sveit – Sveitahátíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
10.-12. júní Hátíð hafsins í Reykjavík.
12. júní Sjómannadagurinn.
17. júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga. Hátíðahöld víða um land.
15.-19. júní Víkingahátíðin í Hafnarfirði.
18.-21. júní Tónlistarhátíðin Secret Solstice í Reykjavík.
24.-26. júní Hvalfjarðardagar.
24.-26. júní Humarhátíð á Höfn í Hornafirði þar sem boðið er upp á humarsúpu og fjölbreytta skemmtidagskrá. Sömu helgi er í gangi flughátíð á Hornafjarðarflugvelli, sem fjölskylda Vignis Þorbjörnssonar heldur honum til heiðurs, en hann sinnti flugþjónustu Hornafjarðarflugvallar nánast allt sitt líf.
25. júní Jónsmessuhátíð Eyrarbakka. Varðeldur, markaðir o.fl.
30. júní-3. júlí Goslokahátíð Vestmannaeyja þar sem lokum eldgossins á Heimaey 1973 er fagnað.

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

24.-26. júní Hamingjudagar á Hólmavík fyrir alla fjölskylduna.
24.-26. júní Brákarhátíð – Fjölskylduhátíð í Borgarnesi og svo má ekki gleyma Landsmóti UMFÍ fyrir aldurshópinn 50+
24.-26. júní Danskir dagar á Stykkishólmi.
30. júní-2. júlí Markaðshelgin – Fjölskylduhátíð í Bolungarvík.
30. júní-3. júlí Írskir dagar – Bæjarhátíð á Akranesi.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)

Myndir / Ragnar Th / Höfuðborgarstofa.

Hátíðir sumarsins

Skemmtanir yfir sumartímann hafa verið við lýði svo lengi sem elstu menn muna.

Hlakkað hefur verið til Sólstöðuhátíða um allt land þar sem viðstaddir gæða sér á pönnukökum og sólarkaffi, bíladagar á Akureyri kitla aðra, Vopnaskak Vopnafjarðar enn aðra og svo auðvitað hátíðir verslunarmannahelgarinnar í bland við allar þær tónlistarhátíðir, hannyrðadaga, miðaldadaga og götubitahátíðir sem fyrirfinnast – svo eitthvað sé nefnt.

Nú þegar þetta er sett á blað hefur fyrsta helgi júnímánaðar þegar runnið upp og því ekki hægt að stinga upp á skemmtunum yfir hvítasunnuna. Einhverjir hafa mögulega tekið þátt í Color Run hlaupi Reykvíkinga, Bjórhátíðinni á Hólum eða annars lags gleði – á meðan aðrir hafa furðað sig á hvers vegna aðstandendur Sjómannadagsins hafi ekki blásið í lúðra sína.

Samkvæmt vefsíðu Brim kemur fram í tilkynningu stjórnarformanns Sjómannadagsráðs, Aríels Péturssonar, að þótt sjómannadagurinn sé alla jafna haldinn fyrstu helgina í júní, beri nú hvítasunnuna upp á þá helgi í ár og því ákveðið að hátíðahöld í tilefni hans verði aðra helgina í júní eða þann tólfta.

Einnig kemur fram að í ár verði öllu tjaldað til þann dag og þó áður hafi sjómannadagurinn verið hluti af Hátíð hafsins verði það ekki nú í ár.

En nú skulum við líta yfir það sem helst er á döfinni í júnímánuði innan hvers landshluta. Júlí og ágúst verða svo teknir er þar að kemur. Svona eftir bestu getu og með þakklæti til þeirra er svara tölvupóstum á markaðsstofum þeirra. Þar má einnig finna frekari upplýsingar um neðangreind hátíðahöld.

Annað sem gott er að hafa bak við eyrað er Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar á Seyðisfirði og svo má enginn gleyma Ljósanóttum Reykjanesbæjar sem eru dagana 1.- 4. september næstkomandi. */SP*

Saga daganna:

Hátíð hafsins

Í Morgunblaðinu laugardaginn 5. júní árið 1999 er fjallað um fyrsta skiptið þegar Hátíð hafsins, er haldin hátíðleg, helgina 4.-6. júní.

Var hugsunin á bak við þetta samstarfsverkefni Sjómannadagsráðs, Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurhafnar og Útvegsmannafélags Reykjavíkur, að sameina skyldi hafnardaginn og sjómannadaginn, minna með því á mikilvægi sjómannastéttarinnar. Var mikið um gleði þessa fyrstu hátíð, haldið var Íslandsmót í handflökun, listsýning, minningarguðsþjónusta, skemmtisiglingar, auk þess sem keppt var í dorgveiði barna.

Tókst þessi fyrsta Hátíð hafsins með eindæmum vel og hefur gert, allt fram til dagsins í dag. */SP*

Myndir frá sumardeginum fyrsta í Reykjavíkurborg, fánum prýdd skrúðganga í lögreglufylgd, Lúðrasveit Reykjavíkur og fjallkonan, búin skautbúningi, einum helsta sparibúningi íslenskra kvenna.

Saga daganna:

Sautjándi júní

Í íslensku almanaki kemur fram, að við stofnun Íslenska lýðveldisins, árið 1944, hafi 17. júní verið valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga til heiðurs og minningar um framlag Jóns Sigurðssonar forseta (f. 17. 1811–d. 07.12. 1879) í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga frá Dönum.

Þennan dag er mikið um hátíðahöld víða um land og gjarnan eru sungnir ættjarðarsöngvarnir fallegu, Hver á sér fegra föðurland og Lands míns föður.

Í blaðinu Ísafold árið 1876 eru auglýst „hátíðahöld og skemmtanir vegna sumardagsins fyrsta, þar sem Jóni Sigurðssyni er fagnað“ og svo næst, tíu árum síðar kemur fram að Þorlákur Ó. Johnson, kaupmaður í Reykjavík, hafi, upp á sitt einsdæmi, staðið fyrir hátíðinni sem slíkri.

Aðrar heimildir kynna daginn til leiks árið 1907, en þá hafi helmingur bæjarbúa í Reykjavík, um fimm þúsund manns, mætt á Austurvöll, lúðrar voru blásnir og ræður haldnar, allt til heiðurs fæðingardags forsetans fyrrverandi, Jóns Sigurðssonar.

Nokkrum árum síðar, 1911 var svo haldin sérstök hátíðarguðsþjónusta í Dómkirkjunni og að henni lokinni var farið í skrúðgöngu að leiði Jóns þar sem blómsveigur var lagður. Ungmennasamband Íslands hélt fyrsta allsherjar íþróttamótið á Melavellinum, tónlistaratriði til skemmtunar og rétt er að nefna að þennan dag var Háskóli Íslands settur, en við það tilefni var hinum bláhvíta fána flaggað af svölum Alþingishússins, sem var eitt hitamál þjóðarinnar á þessum tíma – staða íslenska fánans.

Vestfirðir, Akureyri og svo Íslendingafélagið í Winnipeg héldu þennan dag hátíðlegan samhliða Reykvíkingum og var í kjölfarið farið að tala um þennan dag sem þjóðhátíðardag Íslendinga

Kona í gervi fjallkonunnar – sem tákngervingur Íslands – kom svo fyrst fram á Íslendingadeginum í Winnipeg í Kanada 1924 og eftir lýðveldisstofnun á Íslandi 1944 hefur kona í skautbúningi jafnan flutt ávarp fjallkonunnar við hátíðahöld 17. júní.

Á millistríðsárunum var þó 1. desember einnig talinn þjóðhátíðardagur, en Ísland varð fullvalda ríki 1. des. árið 1918. Fullveldisdeginum var þó frekar fagnað innandyra, enda ekki eins hægt um vik að efla til skrúðgöngu og þurfa að ösla krap upp að ökklum. Þar sem hátíðahöldin urðu veigameiri er árstíminn var annar, varð sú þróun að 17. júní hafði betur sem dagur þjóðhátíðar þótt 1. desember hefði og hafi enn mikla þýðingu í hjörtum okkar Íslendinga.

Árið 1945 lýsti svo Ólafur Thors, þáverandi forsætisráðherra, því yfir að 17. júní væri formlega þjóðhátíðardagur landsins.

Nú, þegar rúm öld er liðin frá fyrstu hátíðahöldum, hefur yfirbragð þeirra eðlilega breyst nokkuð í takt við tímann. Enn eru skrúðgöngur við lýði, lúðrasveitir blása og ávarp fjallkonunnar alltaf jafn hátíðlegt, en nú er meira um gasblöðrur, leiktæki og skemmtidagskrá fyrir börn. /SP

YARA

Gróffóðurkeppni Yara 2022

Kynning á keppendum

Gíslastaðir

Ellen Thamdrup og Sæmundur Guðmundsson

1. Á Völlum í Múlaþingi.
2. Jörðin er nokkuð stór. Mikið fjalllendi, láglendi nýtt sem beitiland, til heyskapar og undir skógrækt.
3. Mjólkurkýr og uppeldi, hestar.
4. Helsta áskorunin er að undirbúa túnið, finna réttan áburð og að lokum framleiða gott fóður.
5. Vallarfoxgras og fjölært rýgresi.
6. Kalk frá Sláturfélagi Suðurlands, 2 tonn/ha.
7. Landbúnaður, hestar, lestur og að ferðast.

Hranastaðir

Arnar Árnason og Ásta Arnbjörg Pétursdóttir

1. Hranastaðir eru í Eyjafjarðarsveit.
2. Um 250 ha, þar af ræktaðir 110 ha.
3. Kúa- og hænsnabú.
4. Mesta áskorunin er að ná að slá á hárréttum sláttutíma og fá gott veður í kjölfarið.
5. Grasfræblanda 1 frá Bústólpa.
6. Nei.
7. Ferðalög og útivist, blöndum því oft saman og förum í skemmtilegar gönguferðir í góðum félagsskap.

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar og þar af ræktað land?
3. Gerð bús?
4. Hvað telur þú vera stærstu áskorunina í keppninni?
5. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
6. Hefur keppnisspildan verið kölkuð? Ef svo er þá með hvaða kalkgjafa og hve mikið?
7. Áhugamál?

Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

LÍF & STARF

Ólafur Sigurgeirsson og nokkrar af vélunum hans. Myndir / ÁL.

Massey Ferguson í röðum og Volvo vörubíll, árgerð 1978.

Á verkstæðinu á Þaravöllum. Á myndinni sjást Daníel Þór Gunnarsson, Ólafur og Ásgeir Þór Ólafsson.

Þrír nýjustu traktorarnir á Þaravöllum. Allir nýbónaðir og glansandi.

Vélaáhugi Ólafs Sigurgeirssonar á Þaravöllum:

Eitt stærsta safn Massey Ferguson-dráttarvéla á landinu

– Leggur upp í ævintýraferðir til að komast yfir vélar

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Ólafur Sigurgeirsson, bóndi á Þaravöllum í Hvalfjarðarsveit, rétt innan við Akranes, er með stórt safn dráttarvéla heima á bæ hjá sér sem er einstakt fyrir marga muni. Ólafur og synir hans eiga samtals í kringum 30 vélar, sem eru nær alfarið Massey Ferguson í nothæfu ástandi.

Þegar ekið er að Þaravöllum sjást Massey Ferguson dráttarvélar standa í röðum þannig að það mætti halda að maður væri kominn á geymsluplanið hjá framleiðandanum sjálfum, enda er fjöldinn á dráttarvélum svo mikill og ástandið á þeim öllum svo gott. Er blaðamaður rennur í hlaðið er Ólafur upptekinn við að sandblása bretti á Massey Ferguson 4245 sem hann eignaðist síðasta haust. Ólafur og fjölskyldan hans er með góða aðstöðu til þess að sinna vélaáhuganum og eru þau búin að koma sér upp góðu vélaverkstæði á Þaravöllum.

„Ég hef oft látið mig dreyma um að byggja almennilega vélaskemmu og gera safn utan um þetta en það strandar á fjármagni.“

Ólafur er þó úrræðagóður við að koma vélunum sínum fyrir, en á veturna geymir hann vélarnar í hinum og þessum skemmum og skotum sem eru svo notaðar sem sauðburðaraðstaða á vorin.

Listaverkfæri

Ólafur getur ekki svarað því beint af hverju hann er með áhuga á Massey Ferguson frekar en öðrum tegundum. „Þessar dráttarvélar hafa reynst okkur vel, en þetta er eiginlega tilviljun. Ég hef ekkert á móti öðrum tegundum og hef átt aðrar gerðir í gegnum tíðina.“

Hann segist ekki hafa nákvæma tölu á þeim fjölda dráttarvéla sem eru á bænum. „Sjálfur á ég allavega 25 sem eru notaðar til skiptis.“

Ólafur er þó ekki einn um að vera með áhuga á vélum og tækjum á bænum, enda taka synir hans og barnabörn þátt af fullum krafti. Nokkrar vélar og bílar eru til að mynda í eigu þeirra.

„Ég á nokkra smátraktora sem eru meira upp á gamanið eins og Gamla Grána og Massey Ferguson 135, en langflestar dráttarvélarnar eru tiltölulega stórar og mjög gagnlegar til almenns brúks.“

Hann á til að mynda níu stykki af Massey Ferguson 390.

„Massey Ferguson 390 eru listaverkfæri og ég hef lagt mig sérstaklega fram við að reyna að komast yfir þær. Þetta eru svo þægilegir og einfaldir traktorar og mátulegir í stærðum,“ segir hann en þetta eru 80 hestafla vélar.

Eina dráttarvélin á bænum sem Ólafur keypti nýja er Massey Ferguson 5455. „Það er ein af uppáhaldsvélunum mínum og sú sem er notuð hvað mest. Þrátt fyrir að vera í daglegri notkun þá er hún eins og ný og hvergi ryð á henni að sjá.“

„Það er ekkert nema tapið að vera með þetta í vinnu“

Fjölskylda Ólafs tekur þátt í bústörfunum með honum og því getur það komið sér vel að eiga nokkrar dráttarvélar. Í heyskap er til að mynda aldrei slegið með færri en tveimur dráttarvélum og oft notaðar þrjár snúningsvélar í einu.

Þrátt fyrir að vera vel tækjum búinn hefur Ólafur ekki mikinn áhuga á því að nota vélarnar í verktöku. „Ég græði mest á því að láta þetta standa kyrrt.

Það er ekkert nema tapið að vera með þetta í vinnu einhvers staðar og láta þetta eyðileggjast.“

Vantar Massey Ferguson 185

Ólafur hefur ekki verið að safna dráttarvélum markvisst lengi.

„Líklegast byrjaði þetta fyrir alvöru fyrir 10-15 árum og ég er hvergi nærri hættur að safna. Ég er að leita að öllum tegundum af dráttarvélum en það er ein gerð sem ég leita sérstaklega að. Það er Massey Ferguson 185. Ég hef séð nokkrar auglýstar á undanförum árum, en ég hef alltaf rétt svo misst af þeim.“

Ólafur leggur oft mikla vinnu á sig við að komast yfir vélar sem honum líst vel á, en eins og hann orðar það þá eru það allt svokallaðar ævintýraferðir.

„Ég hef sótt margar vélar á Selfoss en það er misjafnt hvernig ég kem þeim heim. Stundum keyri ég þær en svo á ég líka tvo vörubíla sem ég get flutt þær á.“

Ekki meðlimur í áhugamannafélagi um Massey Ferguson

Ólafur hefur ekki hitt marga sem eru með sambærilegan áhuga á dráttarvélum og hann, þótt hann viti að hann sé ekki sá eini. Til er áhugamannafélag um Massey Ferguson dráttarvélar, sem hann er þó ekki meðlimur í.

Áhuginn einskorðast þó ekki alfarið við dráttarvélar en Ólafur á líka samtals tíu bíla. Þar af eru átta Toyota jeppar og tveir vörubílar.

„Toyota bílar bera bara af,“ segir hann en á bænum er gott safn Hilux og Land Cruiser. Hvað vörubílana varðar þá er einn Volvo sem er árgerð 1978 og einn Mercedes-Benz árgerð 1984.

Á Þaravöllum var blandað bú með kindum og kúm þangað til um síðustu áramót þegar fjölskyldan hætti með kýrnar. Núna eru 400 kindur eftir á bænum.

„Loksins er orðinn tími til að sinna aðalmálunum, það er vélunum og kindunum. Sauðfjárhald er miklu skemmtilegra en kúabúskapur. Það er miklu meiri stemning í kringum sauðféð samanborið við kýrnar,“ segir Ólafur Sigurgeirsson, bóndi á Þaravöllum. /ÁL

MERLO

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður!

VERKFÆRI EHF

Hjá okkur færðu:

- Þjónustu
- Varahluti
- Ábyrgð

Merlo P27.6 Top

MERLO

www.verkfaeriehf.is
S. 544-4210
sale@verkfaeriehf.is
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

LANDSBANKINN.IS

HROSS & HESTAMENNSKA

Sjö af tuttugu afkvæmum Álfadísar frá Selfossi eru nú á húsi á Syðri-Gegnishólum í tamningu eða þjálfun. Frá vinstri: Brynja Amble Gísladóttir heldur í Arðsson. Þá kemur Svartálfur sem Anna Christmanson stendur með, Álfaborg og Olil, Álfatrú og Johanna Kunz, Ljósálfur og Elin Holst, Álfgrímur og Indira Scherrer og að lokum Álfaklettur sem Bergur stendur með. Ljósmynd af móður þeirra hangir fyrir aftan hópinn en með henni hleypur Álfhildur sem folald. Mynd / ghp

Svipmynd af einu farsælasta kynbótahrossi landsins:

Óumdeild arfleifð Álfadísar

– Geðslagsprýði og hreyfingargleði einkennir afkomendahópinn sem telur nú 18.630 hross

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Fáar, ef einhverjar, kynbótahryssur hafa haft jafn mikil áhrif á íslenska hrossarækt og Álfadís frá Selfossi.

Afkomendur hennar skipta þúsundum einstaklinga. Að sögn eiganda hennar og ræktanda framræktist aðalkaraktereinkenni Álfadísar, geðslagsprýðin, ansi vel í þeim stóra ættboga sem hún skilur eftir sig.

„Álfadís var einstakur karakter og það var okkur mikil gæfa og forréttindi að hafa hana í okkar umsjá í öll þessi ár. Einnig að hafa fengið að upplifa, sjá og skilja að slíkur persónuleiki og geðslag sé til og að hann ræktist fram svo ríkulega,“ segir Olil Amble, hrossaræktandi og eigandi Álfadísar frá Selfossi, sem bar þær fréttir í maíbyrjun að fella hefði þurft hryssuna, 26 vetra gamla.

Álfadís er fædd árið 1996 og var undan Adam frá Meðalfelli og Grýlu frá Stangarholti. Sem folald sýndi hún strax tilburði í folaldastóðinu. „Hún var einstaklega hreyfingafalleg og ég gerði mér grein fyrir að ég væri með óvenjulegt hestefni. Ég tók því ákvörðun um að temja hana á fjórða vetur, sem ég gerði alla jafna ekki í þá daga.“

Sýning Álfadísar á Landsmótinu árið 2000 er mörgum enn í fersku minni. Christina Lund tamdi Álfadísi og sýndi hana. Mynd / Eiríkur Jónsson

Hryssan sýndi sterk karaktereinkenni strax á fyrstu dögum í húsinu. „Það tók hana svona þrjá daga að aðlagast manninum. Þá var hún komin fremst í stíuna, til að fylgjast með öllu, og það sem meira var – tilbúin til alls. Sá eiginleiki fylgdi henni alla tíð.“

Geðslagsprýði hryssunnar var í reynd eiginleiki sem Olil hafði ekki orðið vör við áður hjá íslenskum hesti.

„Ég hafði unnið í reiðskóla í Noregi og kynntist þar þónokkrum hestategundum. Ég man að hestar af breskum kynjum voru áberandi öðruvísi í geðslagi. Þeir voru ofboðslega vinnusamir og jákvæðir og tilbúnir að gera allt sem þú baðst þá um. Þeir höfðu þennan brennandi áhuga og vilja til að leggja sig fram. Þegar ég kynntist Álfadísi þá var það í fyrsta sinn sem ég kynntist sambærilegu geðslagi í íslenskum hesti.



Álfadís og Olil voru einstakar vinkonur enda hryssan mannelsk með eindæmum.

Hún hafði þennan ofboðslega áhuga, án þess að vera frek, hún var alltaf tilbúin, setti höfuð í beisli þegar ég kom og vildi fyrir alla muni gera eitthvað.“

Olil segir Álfadísi erfa geðslagið ríkulega frá sér. „Hún hefur átt tuttugu afkvæmi og af þeim sautján sem eru tamin þá eru það nær undantekningalaust viljugir og geðgóðir einstaklingar. Eigendur hrossa af hennar kyni kappkosta að segja mér frá frábæru geðslagi,“ segir hún, en samkvæmt tölum WorldFengs er meðaleinkunn fyrir vilja og geðslag, hjá þeim afkomendum Álfadísar sem hafa hlotið fullnaðardóm, 8,39.

Hraðtamning þess tíma

Saga Álfadísar er nokkuð samofin eftirminnilegum heimsmeistaratitli sem Olil vann árið 1999, í fjórgangi. Í kjölfar mótsins var eftirspurn hesteigenda eftir kröftum Olilar svo gríðarleg að henni þótti nær nóg um.

„Allir vandræðaklárhestar landsins virtust vera í hesthúsinu mínu, því allir vildu að ég myndi þjálfa þá. Ég átti að vera svoddan snillingur við að þjálfa klárhesta því hesturinn sem ég vann á, Kjarkur frá Horni, hafði orð á sér að vera ruglaður. Ég átti einhvern veginn að hafa galdrað hann þarna upp í fyrsta sætið. Hann var auðvitað ekki ruglaður. Maður verður ekki heimsmeistari í fjórgangi á rugluðum hesti.“

Á sama móti keppti vinkona hennar, Christina Lund, fyrir heimalandið Noreg og ákváðu þær að eyða næsta vetri saman á Íslandi við þjálfun hrossa.

„Þegar kom að því að fara að þjálfa alla þessa klárhesta þá vildi enginn láta Christinu þjálfa sinn hest, því þau þekktu hana ekki. Alveg sama þótt ég segði þeim frá reynslu hennar og árangri. Ég átti að þjálfa þessi hross, ekki hún. Á endanum sagði ég við hana að ef hún væri ekki nógu góð fyrir þau þá væri hún nógu góð fyrir mig og þess vegna tamdi hún og þjálfaði mín hross þennan vetur. Það féll því í hennar hlut að sjá um tamningu á Álfadísi.“

Á góðri stund með sitt síðasta folald, Álfahamar. Mynd / Heidi Benson

Merin var tekin á hús í janúar árið 2000 og vinkonurnar járnuðu hana saman nær samdægurs. „Þetta er eins og lygasaga, en samt satt. Eftir járninguna fer ég utan til að kenna á námskeiði. Þegar ég kem fjórum dögum síðar þá er Christina farin að ríða á henni. Þá var merin strax að vinna ótrúlega rétt, hringuð og brokkaði ofsalega fallega. Okkur fannst hún náttúrlega algjörlega æðisleg – þetta var svona hraðtamning þess tíma,“ segir Olil og hlær.

Þegar líða tók á veturinn bar ráðunaut að garði. Hafði eigandi stóðhests, sem var í þjálfun hjá Olil, beðið hann að líta við og meta byggingu hans. „Þegar ráðunauturinn kom notuðum við tækifærið og sýndum honum Álfadísi, sem við vorum svo stoltar af. Nema hvað, að ráðunautnum leist ekkert á hana, sagði að hún væri óþroskuð og það þýddi lítið að sýna hana á þessu ári. Við urðum svo rosalega móðgaðar,“ segir Olil og skellir upp úr.

Þessi netta aðfinnsla varð þó til þess að opna augu vinkvennanna og tóku þær til sinna ráða við að fóðra hryssuna svo hún næði fram betri þroska. „Álfadís fékk að valsa um hesthúsið, fara í fóðurbætinn í hey og út í gras að vild. Hún skammtaði sér bara sjálf og við það náði hún fram góðum þroska.“

Var því tekin ákvörðun um að sýna hana fyrir dómi um vorið, þá fjögurra vetra gamla.

Síðasta sýning, síðasta holl, síðasta hross

Nema hvað, stuttu fyrir sýningartímabil heltist hryssan. „Ég kenni mér um það. Ég járnaði öll hrossin sjálf á þessum tíma og hef eflaust rétt hana aðeins of mikið og aðeins of hratt eða eitthvað slíkt. Hún verður í það minnsta hölt og við þurftum því að draga úr þjálfun. Sem gerir það að verkum að við biðum með að sýna hana þar til á síðustu kynbótasýningu fyrir Landsmót. Þar kom hún fram á síðasta sýningardegi, í síðasta holli og var síðasta hrossið.“

Þegar Álfadís og Christina komu svo fram í braut var varla sála á staðnum; eingöngu dómararnir, Olil og einn maður sem horfði á fótboltaleik inni í félagsheimilinu. Stundin sem Álfadís tölti í braut er Olil enn í fersku minni.

„Í mínum huga var hún flottari en hún var svo síðar á Landsmótinu.

Hún hafði verið nánast óþjálfuð í mánuð en þessar hreyfingar og sýningargleði var í minningunni eitthvað yfirnáttúrulegt. Ég man að maðurinn fældist út úr félagsheimilinu og hljóp til mín og spurði mig um hana. Það væri gaman að vita hver þetta var og hvort hann muni eftir þessu,“ segir Olil.

Niðurstaða dómsins var 8,02 í aðaleinkunn, fyrstu verðlaun, sem var ofar væntingum vinkvennanna. Þær svifu um á hamingjuskýi, enda fyrstu verðlaun fáheyrð á fjögurra vetra tryppi. Þar sem árangurinn dugði til þátttöku á Landsmótinu tveimur vikum síðar ákváðu vinkonurnar að hlífa Álfadísi við að fara á yfirlitssýninguna

og kom hún því ekkert fram aftur fyrr en á Landsmótinu.

Ógleymanleg á Landsmóti

Landsmótið í Reykjavík árið 2000 er eftirminnilegt fyrir margra hluta sakir. Fáir gleyma afkvæmasýningum heiðursverðlaunastóðhestanna. Sleipnisbikarhafinn Orri frá Þúfu kom þar fram knapalaus með glæstan niðjahóp, þar á meðal soninn Markús frá Langholtsparti sem vann B-flokkinn og ófáir hváðu við skeiðsprettum afkvæma Kolfinns frá Kjarnholtum. Ormur frá Dallandi og Atli Guðmundsson sigruðu A-flokk gæðinga með miklum brag. Einkunnarmet voru slegin í mörgum flokkum á kynbótasýningum, meðal annars var Gleði frá Prestsbakka hæst dæmda hrossið og Holtsmúlabúið átti efstu kynbótahrossin í báðum flokkum fjögurra vetra hrossa.

Og svo var það ungstirnið Álfadís. Sýning hennar á mótinu er mörgum ógleymanleg.

Þar hækkaði hún einkunnir sínar í vel flestum liðum í fordómi og það sem meira er, hún sýndi skeið.

„Það var okkur deginum ljósara frá upphafi að hún var með galopið skeið, þó svo að um hana var talað sem létta klárhryssu. Það var auðvitað ekki búið að reyna á það þar sem síðasti mánuðurinn fyrir sýningu var eyddur á feti. Á mótinu sjálfu sagði Christina hins vegar við mig að hún hefði prófað að leggja hana og að hún teldi sig geta sýnt það á yfirlitssýningunni. Hún bar það undir mig og mér fannst sjálfsagt að láta reyna á það. Svo sýndi hún bara þennan laglega sprett og var síður en svo ofgefið fyrir hann,“ segir Olil en Álfadís varð næsthæst dæmda hryssa í flokknum.

Fyrir skeiðið hlaut hún 7,0 og hæfileikadómur Álfadísar varð 8,66. Það reyndist vera hæsti dómur fyrir kosti sem fjögurra vetra hryssa hafði nokkuð tímann fengið og þetta dómamet hélt hún í þónokkur ár.

Margföldunaráhrifin

Eftir Landsmót var Álfadísi haldið við Keili frá Miðsitju og varð þá til Álfasteinn frá Selfossi. Næst kom Álfur, undan Orra frá Þúfu. Báðir þessir stóðhestar hafa náð heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi. Álfur hlaut Sleipnisbikarinn næst þegar Landmót var haldið í Reykjavík, tólf árum eftir sýningu Álfadísar, árið 2012 og þá aðeins tíu vetra gamall.

„Álffinnur sonur hennar var fyrstur stóðhesta til að ná lágmörkum til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi aðeins 8 vetra gamall. Álfhildur dóttir hennar varð efst í flokki 6 vetra hryssna á Landsmóti 2014 með 8,52 í aðaleinkunn, þar af 10 fyrir tölt og vilja. Álfaklettur sonur hennar er meðal hæst dæmdu hestum sögunnar, hann fékk 8,94 í aðaleinkunn, aðeins einni kommu frá heimsmeti,“ segir Olil.

Álfadís hefur átt 20 afkvæmi, 19 komust á legg og hafa 14 þeirra hlotið kynbótadóm. Þrettán þeirra hafa fengið fyrstu verðlaun. Þrjú afkvæmi eru enn ósýnd, 4 vetra hryssa og veturgamall hestur undan Stála frá Kjarri og 3 vetra foli undan Arði frá Brautarholti.

Undan afkvæmum Álfadísar hafa svo komið fram hundruð gæðinga og reiknast Olil til að um 25% þeirra kynbótahrossa sem fram hafa komið á síðustu tveimur Landsmótum séu út af þessari miklu stólpahryssu. Alls eru afkomendur Álfadísar nú 18.630 talsins samkvæmt tölum Worldfengs.

Hún segir Álfadísi sína stærstu gæfu sem hrossaræktanda. „Þótt þú eigir góða hryssu með háan dóm þá er ekki þar með sagt að hún sé gott ræktunarhross. Hvað þá að hún gefi nánast hvert einasta afkvæmi framúrskarandi.“

Heima í húsi á Syðri-Gegnishólum, þar sem Olil býr ásamt manni sínum, Bergi Jónssyni, eru sjö afkvæmi Álfadísar nú í tamningu og þjálfun. Munu nokkur þeirra koma fram í kynbótasýningum og keppnum í ár og jafnvel slá í gegn á Landsmóti eins og móðir þeirra forðum.

Álfadís í fallegu sólarlagi. Mynd / Heidi Benson

LANDBÚNAÐUR & MARKAÐSMÁL

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Ómar Helgason eru með 110 mjólkurkýr og 70 holdakýr í Lambhaga en alls eru nautgripirnir á búinu um 540. Myndir / smh

Verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður hýsir bændur með mismunandi möguleika til árangurs:

Lambhagabændur rýna í einstaka þætti búrekstrarins

– Fengu landgræðsluverðlaun 2020 en þeirra landgræðsla telur lítið inn í loftslagsbókhald verkefnisins

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Auglýst hefur verið eftir 15 nautgripabændum til viðbótar til þátttöku í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður. Tvö ár eru liðin síðan verkefnið var sett af stað en það er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Svo virðist vera sem stjórnvöld ætli að bæta verulega í stuðning við verkefnið í náinni framtíð. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra talaði um það við setningu síðasta Búnaðarþings að hún sæi það fyrir sér að verkefnið muni skila auknum árangri á komandi árum þannig að hægt sé að víkka það út til svo miklu fleiri bænda.

Verkefnið gengur í grundvallaratriðum út á að bændurnir geri aðgerðaráætlun fyrir búin um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Nautgripirnir alls um 540

„Við fórum inn í verkefnið með blandað bú," segir Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, sem býr ásamt Ómari Helgasyni í Lambhaga á Rangárvöllum.

Þar reka þau ásamt öðrum nautgripa- og sauðfjárbú. Þau segja að aðalstarfið sé þó mjólkur- og nautakjötsframleiðsla og þeirra nálgun á markmið verkefnisins sé fyrst og fremst í gegnum þann hluta búskaparins. Þau eru með 110 mjólkurkýr og 70 holdakýr – en alls eru nautgripirnir á búinu um 540. Svo eru þau með 90 kindur.

Ræktað land er um 300 hektarar, bæði slegið og beitt. Jörðin er um 450 hektarar að heildarstærð. Um 60 hektara landgræðsluland eru þau með á Geitasandi í landi Landgræðslunnar.

Loftslagsnálgunin er sú sem koma skal

„Við komum inn í byrjun árs 2021 og það má segja að ástæðan fyrir því að við sóttum um hafi verið sú að við teljum að þessi nálgun sé sú sem koma skal. Þetta er líka spurning um ímyndina – það er þörf á því að auka velvild almennings í garð landbúnaðarins á Íslandi og að við sýnum að við séum meðvituð um þessi mál eins og hver annar Íslendingur," segir Margrét Harpa.

Ómar bætir við að einnig hafi verið sú hugsun að athuga hvort það væri eitthvað í búrekstrinum sem mætti endurskoða til framfara.

„Maður vill auðvitað hagræða eins og hægt er og í gegnum verkefnið var hægt að sækja sér ráðgjöf, sem hefur reynst okkur vel."

Engir umhverfissóðar

Þau segjast síður en svo þurfa að gangast við því að vera einhvers konar umhverfissóðar – fjölskyldan hafi stundað landgræðslu af krafti og fékk landgræðsluverðlaun árið 2020.

Fjósið er að sögn Lambhagabænda dæmigert tveggja róbóta fjós. Það var flutt inn í það árið 2019. Grunnflöturinn er 1.700 fermetrar og þau gætu verið með 120 kýr, en eru nú með 110. Þau eru með „kanalkerfi" í haughúsinu og gjafakerfi þeirra gerir það að verkum að það er nánast fullkomin nýting á fóðrinu. Með flutningunum yfir í nýtt fjós jókst nyt kúnna mjög mikið. Margrét Harpa og Ómar eru meðvituð um að minnka metangasmyndunina í haughúsum, með haugmeltu og því að hafa skítinn á hreyfingu. Mynd / Lambhagi

„En það er eitt og annað í umræðunni og í verkefninu sem segja má að orki tvímælis," segir Ómar.

„Þarna er til dæmis mikil áhersla á skógrækt en það hentar okkur alls ekki og að mínu mati ekki á okkar landsvæði hér á Suðurlandi. Þetta ætti að taka frá sem landbúnaðarland fyrir búfé og akuryrkju – en það vantar alveg skipulagningu og flokkun á því sem er hugsað til notkunar fyrir landbúnað í framtíðinni. Þú ræktar til dæmis ekki land svo glatt á svæðum þar sem skógrækt hefur verið stunduð," bætir hann við.

Margrét Harpa segir að þetta snúist allt einmitt um þetta, hvort við ætlum að vera með eigin matvælaframleiðslu á Íslandi.

„Ef við ætlum að gera það, verðum við að vernda svæðin sem eru hentug til þess."

Nóg er til af landi á Íslandi sem hentar ekki til akuryrkju og er þá kjörið til skógræktar, eins og til dæmis Hekluskógaverkefnið í Rangárvallasýslu.

Eitt og annað hægt að bæta í verkefninu

Margrét Harpa tekur einnig undir með Ómari að það sé svigrúm til að bæta eitt og annað varðandi útfærslu verkefnisins. Þau hafi talið, þegar þau fóru inn í verkefnið, að þeirra framlag til landgræðslu myndi telja talsvert varðandi þann hluta verkefnisins sem snýr að kolefnisbindingu.

„En svo kom í ljós að grasræktun okkar á söndunum hérna fyrir ofan, í landi Landgræðslunnar telst ekki til kolefnisbindingar nema að mjög litlu leyti. Landið okkar er líka mjög vel gróið og engin dauð svæði í því sem hefði verið hægt að nýta til skógræktar. Við skoðuðum því að fara í skjólbeltagerð eða rækta skógarlundi, en þá kemur það í ljós

Margrét Harpa og Ómar segjast hafa viljað hagræða eins og hægt væri og í gegnum verkefnið var hægt að sækja sér ráðgjöf, sem hefur reynst vel.

Gjafarinn gefur tíu sinnum á sólarhring og kýrnar éta nánast alltaf upp allt heyið. Heyið er saxað úr stæðunni sem gerir heyið mjög lystugt. Steinefnum er svo bætt saman við og maís.

að slík skógrækt reiknast ekki inn í loftslagsbókhald verkefnisins. Við spurðum okkur þess vegna að því hvað við gætum þá gert – og niðurstaðan var sú að leggja aðaláherslu á búrekstrarþáttinn,“ segir hún.

Rýnt í búrekstrarþættina

„Það er margt í verkefninu sem hefur hvatt okkur til að rýna betur í einstaka þætti búrekstrarins, til dæmis varðandi búfjáráburðinn. Áður en við byrjuðum í verkefninu vorum við farin að huga að betri nýtingu á búfjáráburðinum og byrjuðum að fella hann niður – sem hefur gefist mjög vel – og eftir að við hófum þátttöku höfum við farið enn betur ofan í áburðarmálin. Nú látum við mæla allt í bak og fyrir; innihald búfjáráburðarins, tökum jarðvegssýni og fleira mætti nefna.

Þannig er okkar nálgun í verkefninu; við horfum mest í það hvernig hægt sé að bæta búreksturinn með því til dæmis að stytta eldistíma gripa, auka frjósemi og afurðir auk þess að draga úr kostnaði. Þannig hefur þátttakan í verkefninu orðið til þess að maður er sífellt að hugsa um hvernig megi gera betur,“ segir Ómar.

Hagkvæmni stæðuverkunar

Til að nefna fleiri hagnýt atriði sem þau hafi nýtt sér til betri búrekstrar, segir Ómar að þau hafi farið út í stæðuverkun á heyi.

„Hagkvæmnin í því er augljós, því sparnaður er bæði fjárhagslegur og loftslagslegur í plastnotkuninni. Við höfum líka farið að kaupa aðföng inn í stærri skömmtum. Á þessum sviðum hefur ráðgjöfin í verkefninu nýst okkur mjög vel.“

Margrét telur að verkefnið geti hjálpað til við að rétta af hina ósanngjörnu umræðu um loftslagsmál, sem nautgripabændur þurfi gjarnan að sitja undir.

„Reyndar er staðan nú þannig að ef fram heldur sem horfir verður sjálfhætt í nautakjötsframleiðslu, því staðan varðandi afurðaverð til bænda er orðin grafalvarleg. Það hefur engan veginn náð að halda í við hinar gríðarmiklu launa- og aðfangaverðshækkanir,“ segir Margrét.

LÍF & STARF

„Hef lagt mest upp úr að vera gagnrýninn, heiðarlegur og að segja fólki sannleikann“

– segir Hörður Kristjánsson, eftir að hafa starfað rúman áratug sem ritstjóri Bændablaðsins

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Hörður Kristjánsson, fráfarandi ritstjóri Bændablaðsins, hóf störf hjá blaðinu á bóndadaginn 2011. Í ritstjórnartíð Harðar hefur Bændablaðið vaxið og dafnað og er í dag eitt mest lesna blað landsins sem áunnið hefur sér traust lesenda og auglýsenda.

Að sögn Harðar hefur hann lagt áherslu á að vera gagnrýninn á heiðarlegan hátt og segja sannleikann í skrifum sínum, en núna sé kominn tími til að láta öðrum eftir starfið enda sé hann að komast á virðulegan aldur.

Hörður fæddist á Engjavegi 3 á Ísafirði 8. júní 1955, daginn fyrir afmælisdag móður sinnar, sem hét Jóna Örnólfsdóttir en faðir hans var Kristján J. M. Jónsson. Húsið sem Hörður fæddist í var pínulítið bárujárnsklætt timburhús, líklega innan við 50 fermetrar.

„Þar bjó ég ásamt foreldrum okkar og þremur eldri bræðrum, Jóni Þorberg, Magnúsi og Indriða Arnari ásamt systur minni, Þorgerði Margréti. Þegar ég var fjögurra ára gamall, eða 1959, var flutt í nokkuð stærra húsnæði að Seljalandsvegi 54, sem er innar í hlíðinni ofan við gamla Ísafjarðarkaupstað. Þremur árum seinna bættist svo einn bróðir enn í barnahópinn, Kristján Friðrik.“

Teiknikunnátta og sagnagerð í blóð borin

Hörður segir að teiknikunnátta hafi honum verið í blóð borin enda hafi móðir hans verið mjög listfeng þótt hún hafi fengið fá tækifæri til listiðkunar vegna reksturs á stóru heimili. Blaðamennska og sagnagerð má líka að verulegum hluta rekja til móðurættarinnar, þótt líka sé stutt í slíkt í föðurfjölskyldunni.

Fræg eru rit langafa hans, Reinalds Kristjánssonar landpósts fyrir vestan, sem heita *Á sjó og landi*. Þar er meðal annars hans lýsing af vettvangi Skúlamálanna svokölluðu á Ísafirði sem ollu miklum flokkadráttum.

Fráfarandi ritstjóri, Hörður Kristjánsson, ásamt eiginkonu sinni, Björk Guðlaugsdóttur, á góðri stund. Mynd / ghp

Þakkar barnaskólakennara úr Skáleyjum áhugann á ritlist

„Sem krakki man ég fyrst eftir mér þriggja til fjögurra ára með blýant í hönd og reyndi þá oft að herma eftir Jóni, elsta bróður mínum, sem var afskaplega góður teiknari.“

Ritfærni sína vill Hörður tileinka gamalli og góðri kennslukonu í Barnaskólanum á Ísafirði, Kristínu Jóhannesdóttur frá Skáleyjum á Breiðafirði. „Kristín var afskaplega snjall og skilvirkur kennari. Til að þjálfa málnotkun og textagerð í íslensku lét hún okkur krakkana reglulega gera ritgerðir, einu sinni til tvisvar í viku. Ýmist lagði hún efnisvalið fyrir eða krakkarnir áttu að skrifa ritgerðir eftir eigin höfði. Þarna byrjaði sú þjálfun í samningu texta sem reynst hefur mér afskaplega vel í gegnum tíðina.

Ég held að úr þessum eina bekk hafi sprottið einir fimm nemendur sem hafa komið að blaðamennsku og ritstörfum með einum eða öðrum hætti einhvern tíma á ævinni. Það hjálpaði líka til að í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði var svipaður háttur hafður á í íslenskukennslu fyrstu tvo bekkina. Þar kenndi Finnur Torfi Hjörleifsson um tíma af mikilli festu.

Þessir kennsluhættir gátu ekki annað en kallað fram ritfærni hjá þeim sem voru á annað borð meðtækilegir fyrri slíku og fyrir það er ég afskaplega þakklátur.“

Foreldrarnir dugnaðarforkar

„Það má sannarlega segja að kröfurnar í þjóðfélaginu á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar hafi ekki verið sérlega miklar og kaupgetan til húsnæðiskaupa heldur ekki mikil. Til að drýgja tekjurnar voru foreldrar mínir með nokkrar kindur, eins og algengt var á Ísafirði á þeim árum, og nokkrar hænur að auki. Þau voru miklir dugnaðarforkar, enda þurfti virkilega að hafa mikið fyrir lífinu til að komast af.

Móðir mín, sá um heimilið og öll bústörf sem til féllu. Hún var húsmæðraskólagengin, listakokkur og bakaði og prjónaði mikið jafnframt því að sauma föt á fjölskyldumeðlimi og jafnvel aðra líka. Þessi kunnátta og listfengi voru auðvitað mikils virði fyrir fjölskylduna. Þegar eldri systkinin fóru að fljúga úr hreiðrinu og við yngstu synirnir vorum orðnir stálpaðir, fór hún auk þess í fiskvinnu til að auka tekjur heimilisins.

Faðir minn vann alla daga í vinnu utan heimilis en sá um skepnuhald og heyskap á kvöldin og um helgar. Þegar ég fæddist starfaði hann hjá Vegagerðinni. Þar tók hann að sér að vera fyrsti jarðýtustjóri á Vestfjörðum í júní 1946, þá 28 ára gamall. Jarðýtan var af gerðinni Allis Chalmers Model HD 10 með vírahífingu á ýtutönn. Á þessu litla verkfæri ruddi hann Óshlíðarveg á árunum 1946-1950 og stóran hluta af veginum um Súðavíkurhlíð og víðar. Honum var nú ekki þakkað meira fyrir sitt framlag en svo, að þegar haldið var upp á 50 ára afmæli Óshlíðarvegar, sem hann ruddi á litlu ýtunni, var honum ekki einu sinni boðið í hófið sem haldið var á Hótel Ísafirði. Í boðinu voru margir af hans fyrri félögum úr Vegagerðinni til margra ára. Ég fann að honum sárnaði þetta mjög.“

Börn lærðu snemma að vinna

„Það má segja að í hlíðinni hafi verið hálfgerð sveitamenning samfara lífinu í hinum mikla útgerðarbæ Ísafirði. Krakkarnir tóku þátt í öllum störfum eins og þurfti. Þar lærði maður að vinna um leið og maður var farinn að standa í lappirnar og auk þess var afi með kýr og kindur sem útheimtu líka okkar aðstoð eins og annarra af hans afkomendum. Ég og nafrændi minn, Gunnar Pétur Pétursson, og jafnaldri vorum auðvitað settir í heyskapinn eins og aðrir þótt kornungir værum. Man ég vel að hart var gengið eftir því að við héldum okkur við efnið við að rifja og raka strax frá fimm ára aldri. Þetta hét að kenna fólki að vinna og þótt okkur þætti það ekki alltaf skemmtilegt held ég að það hafi ekki gert okkur neitt illt.

Þegar maður eltist áttaði maður sig þó fljótt á því að með því að komast í fiskvinnu væri hægt að komast á tímakaup sem var allt annar hlutur. Tíu eða ellefu ára gamall fór ég því að líta í kringum mig og faðir eins vinar míns var með fiskvinnslu sem mér þótti eftirsóknarvert að komast í. Hann hét Þórður Júlíusson og fór ég því á hans fund og sótti um vinnu eins og fleiri jafnaldrar mínir og var ráðinn í vinnslu á hörpudiski sem veiddur var í Ísafjarðardjúpi. Fljótlega fékk maður svo að fara og taka þátt í útskipun á frosnum fiski í flutningaskip.

Það leiddi mann svo áfram í vinnu hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga þar sem maður vann á sumrin og meðfram námi í gagnfræðaskóla á vetrum. Maður átti því fyrir flestum eigin þörfum og þurfti ekki á vasapening frá foreldrum að halda, enda ekki mikið um slíkt að ræða.

Engjavegur 3 á Ísafirði þar sem Hörður fæddist árið 1955.

Bekkurinn hennar Kristínar Jóhannesdóttur, kennara í Barnaskólanum á Ísafirði, af árgangi 1955. Hörður Kristjánsson er í annarri röð lengst til vinstri.

Fyrsta frétt Harðar á forsíðu fyrsta tölublaðs Bændablaðsins 2011 og forsíða síðasta tölublaðsins í hans stjórn 24. maí 2022.

Með síðasta Bændablað sitt úr prentun hjá Landsprenti, talið frá vinstri: Guðbrandur Magnússon, framkvæmdastjóri Landsprents, Gylfi Geir Guðjónsson prentari, Hörður Kristjánsson ritstjóri og Stefán Stefánsson prentari. Mynd / Guðmundur Gíslason

Eftir útskrift úr grunnskóla 1972, þar sem ég tók meðal annars pungapróf sem fylgdi réttur til að stjórna 35 tonna bát, var ég búinn að ákveða að fara í Myndlista- og handíðaskóa Íslands. Engin námslán voru í boði né fjárstyrkir af öðru tagi svo ég ákvað að taka mér árshlé frá skóla til að þéna fyrir námsdvöl í Reykjavík. Vann ég þá hjá Vegagerðinni um sumarið og veturinn eftir og fram á haust 1973. Þá um vorið fór ég í inntökupróf og var á meðal 20 sem náðu því prófi af um 120 sem það þreyttu.

Það fór nú svo að fjárhagur leyfði ekki nema tveggja ára nám í skólanum og þá tók við byggingarvinna vestur á Ísafirði. Nýrnakvilli olli því svo að ég þoldi illa kulda og vosbúð, sem eðlilega fylgir stundum slíkri vinnu, svo ég greip tækifærið 1976 þegar snillingurinn Leo Jóhannsson, ljósmyndameistari á Ísafirði, óskaði eftir að fá nema á fjögurra ára samning. Var það nám í Iðnskólanum á Ísafirði, sem hluti af Tækniskólanum, tekið með vinnunni og kláraði ég sveinsprófið í Reykjavík. Eftir það ákvað ég að breyta örlítið til að nýju og fór í málningarvinnu í tvö ár á Ísafirði. Fékk síðan meistararéttindi í ljósmyndun 1982.“

Í málningarvinnu og myndasögumálun

„Það var mjög skemmtilegur tími í málningarvinnunni og við tveir félagar í þeirri vinnu, sem báðir höfðum verið í Myndlista- og handíðaskólanum, fengum meðal annars það verkefni að myndskreyta stigahús í Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. í tilefni af 80 ára afmæli félagsins.

Við máluðum fjölda verka þar sem við lýstum sögu félagsins í myndum upp allan stigaganginn. Sagan hefst á jarðhæð á myndum sem lýstu upphafinu 1912 og endar á þeirri fjórðu. Verkið tók nokkra mánuði og var afskaplega skemmtilegt að vinna í félagsskap með frábæru starfsfólki Íshúsfélagsins.“

Ráðinn til Sjónvarpsins

Haustið 1981 sá Hörður auglýsingu þar sem starf ljósmyndara í tæknideild Sjónvarpsins var auglýst laust til umsóknar. Hann sótti um og var ráðinn í ársbyrjun 1982 og flutti suður með konu og þrjú börn.

„Við vorum þrír ljósmyndararnir sem unnum þar á „róterandi“ vöktum alla daga ársins. Einn var þá á fréttavakt og annar á vakt við filmuframköllun á meðan sá þriðji var í frí. Það var mikið tekið af ljósmyndum fyrir fréttastofuna á þessum tíma og eins til notkunar við þáttagerð og kynningar. Í framköllunardeildinni sáum við um að framkalla allar slides-filmur sem tekið var á og allar 16 millimetra kvikmyndafilmurnar, líka fyrir kvikmyndagerðarfólk utan stofnunarinnar. Vídeó var þá nýlega byrjað að ryðja sér til rúms í kvikmyndatöku fyrir fréttastofuna. Samhliða þessum störfum var ég með stúdíó í auglýsingaljósmyndun úti í bæ og tók kynningarmyndir, meðal annars fyrir Íslensku óperuna.“

Fréttaritari og í dómnefnd Eurovision

Hörður lét af störfum hjá Sjónvarpinu vorið 1985 í kjölfar vinnudeilna félaganna þriggja á ljósmyndadeildinni við yfirmenn Sjónvarpsins. Flutti hann þá með fjölskyldunni aftur til Ísafjarðar þar sem þau áttu íbúð og honum hafði boðist starf sem offsetljósmyndari í prentsmiðjunni Ísrúnu. Tengslum við sjónvarpið lauk þó ekki alveg þar sem hann tók að sér að vera fréttaritari á Ísafirði, auk þess að stýra dómnefnd vestra fyrir Eurovision.

„Sinnti ég þessum hlutverkum í nokkur ár meðfram prentsmiðjustörfunum. Þá var Finnbogi Hermannsson svo elskulegur að fá mig nokkrum sinnum til að aðstoða sig við hljóðupptökur á viðtölum fyrir Útvarpið þar sem hann var sveðisstjóri.

Ég man að fréttir af slysum á þessum tíma þótti mér allra verst að sinna. Mörg skemmtileg verkefni fékk ég þó líka upp í hendurnar og stundum kom Ómar Ragnarsson fljúgandi vestur til að sækja mig þegar það vantaði tökumann í Ísflug við Hornstrandir, í stóðréttir fyrir norðan, eða eitthvað annað.“

Sogaðist hægt og rólega inn í blaðamennskuna

„Á Ísafirði voru á þessum árum gefin út ýmis flokksblöð og héraðsfréttablöð. Þar sem ég átti tiltölulega auðvelt með að semja texta kom það oft fyrir að ég var fenginn til að redda málum þegar klára þurfti blöð fyrir prentun. Þetta ágerðist og smám saman fór blaðamennskan að verða stærri hluti af mínum störfum. Þar má helst nefna blöð eins og *Vestfirska fréttablaðið*, *Forsíðuna* og *Vestra*, auk nokkurra annarra blaða sem ég hjálpaði til að vinna. Reyndar má segja að fyrsta blaðið sem ég tók þátt í að skrifa, myndskreyta og ritstýra hafi verið skólablaðið *Þróun* í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Það var gefið út m.a. til að fjármagna skólaferðalag vorið 1972.

Undir lok tíunda áratugarins var blaðaútgáfu og prentsmiðjustarfsemi farið mjög að hnigna á Ísafirði og hafði ég þá verið að senda DV fréttir annað slagið. Varð úr að ég sótti þar um starf hjá Óla Birni Kárasyni, núverandi alþingismanni, og flutti suður á ný með hluta af fjölskyldunni, sem var orðin einum dreng ríkari og einum sonarsyni, þann 17. júní árið 1999. Þá hafði ég eignast fjóra syni með fyrri konunni minni, Fríðu K. Albertsdóttur, en þeir heita Haukur Már, Jón Albert, Hörður Páll og Auðunn Birgir. Hörður Páll hafði þá eignast soninn Róbert Snæ með Ingibjörgu Hákonardóttur.

Á DV lágu fljótlega saman leiðir okkar Vilmundar Hansen, núverandi blaðamanns á Bændablaðinu. DV lifði til ársloka 2003 og eftir lausamennsku í einn mánuð eða svo var ég ráðinn til *Viðskiptablaðsins*. Þar starfaði ég líka eitthvað við afleysingar hjá *Fiskifréttum* með snillingunum Guðjóni Einarssyni og Kjartani Stefánssyni. Rekstur *Viðskiptablaðsins* komst í þrot og var strax endurreistur þar sem ég fékk áfram starf og í gegnum allt þetta ferli fylgdumst við Vilmundur að.“

Hóf störf á Bændablaðinu á bóndadaginn 2011

„Undir árslok 2010 benti góður vinur minn, Rögnvaldur Bjarnason, mér á að verið væri að auglýsa eftir ritstjóra hjá *Bændablaðinu*. Í fyrstu taldi ég mig ekki hafa mikið í það starf að gera, en að áeggjan vina og núverandi eiginkonu, Bjarkar Guðlaugsdóttur, lét ég til leiðast að sækja um. Eftir að hafa farið í gegnum samtöl við Tjörva Bjarnason sviðsstjóra og Eirík Blöndal framkvæmdastjóra, afréðu þeir að ráða mig í þetta starf úr hópi 27 umsækjenda. Ég sagði því upp á *Viðskiptablaðinu*, að mig minnir á Þorláksmessu 2010, og fékk mig fljótt lausan. Byrjaði ég að skrifa fyrir *Bændablaðið* strax í fyrsta blað ársins 2011, þótt mér þætti betur við hæfi að hefja ekki formlega störf fyrr en föstudaginn 25. janúar, sem var sjálfur bóndadagurinn.

Ég tók ráðningunni mjög alvarlega og var staðfastur í að gera allt sem ég gæti til að auka veg *Bændablaðsins* og virðingu. Það leið samt ekki á löngu þar til ég óskaði eftir liðsinni Vilmundar við það verkefni.

Það kostaði auðvitað fórnir ef maður ætlaði að gera þetta vel og maður var í vinnunni alla daga ársins, líka í sumarfríum og á ferðalögum erlendis. Flest annað en vinnan var einfaldlega látið sitja á hakanum. Ef eiginkonan væri ekki svona skilningsrík hefði þetta aldrei gengið upp. Það vildi til að hún er fædd og uppalin í sveitinni í Eyjafirði og hafði því ekkert síður en ég gaman af að heimsækja bændur á þvælingi okkar um landið og í útlöndum.

Síðan hefur tíminn verið afskaplega fljótur að líða í krefjandi og áhugaverðri vinnu með skemmtilegu fólki hjá Bændasamtökum Íslands.“

Að vera gagnrýninn, heiðarlegur og segja fólki sannleikann

„Það sem ég hef lagt mest upp úr hjá *Bændablaðinu* er að beita gagnrýnni hugsun á öll viðfangsefni og umfram allt að vera heiðarlegur og segja fólki sannleikann með mínum skrifum og efnistökum blaðsins. Ég hef forðast að elta skrif annarra fjölmiðla og upplýsa frekar um áhugaverða hluti sem aðrir leggja sig ekki eftir, eða nenna ekki að sinna. Ég held að þetta sé lykillinn að velgengni *Bændablaðsins* undanfarin ár. Slíkt gerist þó ekki nema að allt starfsfólkið rói í sömu átt.“

Hörður segir að flest fólk kunni að meta það ef maður kemur fram af hreinskilni og segir einfaldlega sannleikann. Maður eigi aldrei að láta aðra stýra ferðinni, hversu auðugir sem þeir eru, eða hátt þeir þykjast settir í þjóðfélaginu.

„Eins og gengur þykir ekki alltaf gott að segja suma hluti opinberlega þótt sannir séu. Það hefur stundum orðið til þess að ýmsum hefur þótt á sínar tær troðið. Ég hef þá notið þess að sviðsstjóri og yfirstjórn Bændasamtakanna hafa alltaf staðið þétt við bakið á mér og fyrir það er ég afar þakklátur.“

Bestu óskir

„Ég vil svo að lokum óska *Bændablaðinu* velfarnaðar og samstarfsfólki mínu þar, Guðrúnu Huldu Pálsdóttur, nýjum ritstjóra, Vilmundi Hansen, Sigrúnu Pétursdóttur, Sigurði Má Harðarsyni, Margréti Þóru Þórsdóttur, Þórdísi Unu Gunnarsdóttur auglýsingastjóra og öllum öðrum sem tengjast starfseminni beint í dag, eins og Gylfa Þór Orrasyni fjármálastjóra, Sigríði Þorkelsdóttur og Jóhönnu Lúðvíksdóttur. Einnig fjölmörgum verktökum sem hafa komið að útgáfunni á Íslandi og erlendis á þessum rúma áratug.

Þá þakka ég Bændasamtökum Íslands fyrir að hafa sýnt mér það traust að stýra þessum miðli og óska Gunnari Þorgeirssyni formanni og Vigdísi Hásler framkvæmdastjóra, stjórn og starfsmönnum velfarnaðar í þeirra flóknu störfum.

Það hefur verið einstaklega gaman og lærdómsríkt og mikill heiður að fá að kynnast öllu því góða fólki sem þar hefur starfað á þessum árum. Það á ekki síður við starfsmenn sem nú tilheyra Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Nautastöð BÍ og annarra tengdra stofnana landbúnaðarins. Einnig þess góða fólks sem fluttist með Búnaðarstofu yfir í núverandi matvælaráðuneyti.

Af öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega nefna dr. Ólaf Rúnar Dýrmundsson og Sigurð Kristjánsson, sem reynst hafa mér og Bændablaðinu ómetanlegar hjálparhellur.

Þá vona ég að bændum og búaliði í öllum búgreinum vegni sem allra best á komandi árum. Þjóðin væri virkilega í vondum málum ef ykkar nyti ekki við og þakka ég kærlega fyrir frábært samstarf. Án ykkar góðu vinnu væri tilgangur *Bændablaðsins* líka harla lítill,“ sagði Hörður Kristjánsson að lokum.

Sárt saknað

Starfsmenn Bændablaðsins þakka Herði samvinnuna á liðum árum. Annað eins ljúfmenni og dugnaðarforkur er fátíður fugl.

Það mun taka tíma að venjast því að hitta hann ekki reglulega og bjóða góðan daginn, eftir öll þessi góðu ár sem við höfum unnið saman.

Takk fyrir mig Hörður.

Síðasta tölublað Bændablaðsins farið í prentun 24. maí 2022 og starfsmannahópurinn á ritstjórninni undir stjórn Harðar. Sigurður Már Harðarson blaðamaður, Þórdís Una Gunnarsdóttir auglýsingastjóri, Sigrún Pétursdóttir blaðamaður, Guðrún Hulda Pálsdóttir, blaðamaður og verðandi ritstjóri, Vilmundur Hansen blaðamaður og Hörður Kristjánsson ritstjóri. Mynd / Erla Hjördís Gunnarsdóttir

LÍF & STARF

Skógarmenn sérhæfa sig í að fella tré við erfiðar aðstæður:

Þarf kunnáttu og réttan búnað til að fást við erfið viðfangsefni

– Flókið að fella há tré inni í miðju íbúðarhverfi

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Trjáfellingar í görðum og við hús eða önnur mannvirki geta verið mjög vandasamar.

Fyrirtækið hefur í tímans rás þróast í þá átt að sérhæfa sig í að fella tré við erfiðar aðstæður, þar sem aðgengi að trjám er örðugt eða flókið á einhvern hátt að fella tréð," segir Jón Heiðar Rúnarsson, sem á félagið Skógarmenn ehf., sem býður upp á margvíslega þjónustu í tengslum við trjávinnu. Jón Rúnar lærði rekstrarfræði við Háskólann á Akureyri á sínum tíma og starfaði um nokkurt skeið við rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

„Ég var á milli starfa sumarið 2005 þegar félagi minn bað mig um að hjálpa sér við gróðursetningar yfir sumarið. Ég vissi ekki einu sinni þá að hægt væri að starfa við það, að yfirleitt væri verið að gróðursetja í stórum stíl hér og hvar.

En þetta hentaði mér vel á þeim tíma og ég er sjálfsagt líka einn af þeim sem endist ekki lengi inni á skrifstofum. Í kjölfarið á þessu sumarstarfi sá ég tækifæri á að stofna eigið fyrirtæki um starfsemi af þessu tagi, því það var víða orðin mikil þörf á að grisja skóga og einnig var talsvert líka verið að gróðursetja," segir Jón Heiðar.

Jón Heiðar Rúnarsson, eigandi Skógarmanna.

Jón Heiðar að búta og fleyga niður þriggja stofna ösp við Einholt á Akureyri.

Dustaði rykið af kennitölunni þegar fór að rofa til eftir hrun

Hann stofnaði félagið og fékk fljótt fjölmörg verkefni, flest í kringum grisjun og gróðursetningar, en hann starfaði einkum á Norðurlandi. „Það var allt í ágætum gír og mikið að gera, en þá skall hrunið yfir okkur og það gjörbreytti öllu. Fótunum var kippt undan starfsemi af þessu tagi, það fór bara allt í rugl. Ástandið var erfitt, dregið var úr fjárframlögum og greinin hafði úr litlu sem engu að spila þannig að öll verkefni drógust verulega saman," segir Jón Heiðar. Hann reri á önnur mið, en sleit ekki félaginu, heldur lagði það í dvala. Þegar fór að rofa til á ný dustaði hann rykið af kennitölunni og byrjaði á að taka eitt og eitt tilfallandi verkefni. „Þetta byrjaði rólega, en smám saman náðist að keyra félagið á ný upp."

Hin síðari ár hefur mikið verið að gera og eru allt upp í 5 starfsmenn hjá félaginu þegar mest er umleikis, en Jón Heiðar segir að í skógarbransanum séu margir einyrkjar og þeir hói hver í annan eftir stærð verkefna hverju sinni. Gróðursetningar heyra að mestu leyti sögunni til hjá Skógarmönnum, en þess meira er að gera við grisjun eða trjáfellingar. Hvað grisjun varðar fara skógfræðingar um og taka út skógana og meta grisjunarþörf og ákveða hversu mörg tré skuli standa eftir þegar grisjun lýkur. „Við förum síðan inn í skóginn og fellum lélegustu trén úr frá því hversu bein þau eru, vaxtarlagi þeirra eða hvernig toppurinn lítur út," segir hann. „Það hefur sem betur fer orðið vakning í því að grisja þarf skóga og skógarreiti, ekki síður en að slá gras og klippa runna, en í eina tíð var lítið verið að velta því fyrir sér. Þannig að víða þarf að taka til hendinni."

Reynsla í klifri og línubjörgun

Jón Heiðar segir að nú hin síðari ár hafi félagið sérhæft sig í trjáfellingum við erfiðar aðstæður og hafi komið sér upp bæði góðri þekkingu og búnaði til að vera sem best í stakk búin til að taka slík verkefni að sér.

„Við náum að blanda saman við skógarhöggsreynsluna mismunandi menntun og sérhæfingu, allt frá skógfræðinámi til skyndihjálpar, og þá búum við yfir þekkingu og reynslu í klifri og í línubjörgun," segir hann, en Jón Heiðar hefur undanfarin ár annast námskeið fyrir Landsbjörg í fjallamennsku og fjallaklifri.

Hann segir að færst hafi í vöxt að félagið taki að sér verkefni við að fjarlægja stór tré úr görðum í þéttbýli. „Við erum talsvert í erfiðum og flóknum trjáfellingum, þar sem allt þarf að hugsa út vandlega áður en hafist er handa," segir hann. „Fólk er að vakna við það að trén séu fyrir, engan óraði fyrir því fyrir mörgum áratugum þegar gróðursett var að þau yrðu svo stór eins og raunin er, þau eru fyrir af ýmsum ástæðum eða skerða útsýni umtalsvert og menn vilja losa sig við þau.

Stundum er hægt að minnka umfangið með því að snyrta trén en svo eru önnur tilfelli þar sem eini kosturinn er að fella þau."

Hann segir að í mörgum tilvikum þurfi kunnáttu og réttan búnað til að fást við þessi erfiðu viðfangsefni. „Það getur orðið býsna flókið að fella há og stór tré inni í miðju íbúðarhverfi og alls ekki sama hvernig það er gert," segir hann. „Við eigum góðan búnað og höfum mikla reynslu í þessum efnum, það verður að gæta fyllsta öryggis, ekki bara að þeir sem eru að fella tréð haldi lífi, heldur þarf líka að tryggja nánasta umhverfið. Við reynum alltaf að sinna öllum okkar verkefnum, sem eru mjög fjölbreytt, af metnaði og alúð," segir Jón Heiðar. */ MÞÞ*

Jón Heiðar bútar niður ösp sem búið var að smíða hús í kringum og því þurfti að gæta vel að því hvert hvert bútarnir féllu.

Johan Holst stígur hér niður frá stóru lerkitré sem er að falla í stígnum á milli Vaðlaheiðarganga og Skógarbaðanna.

Starfsmaður Skógræktar ríkisins í Vaglaskógi sækir birki sem er búið að saga niður til eldiviðarframleiðslu.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÆ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi

Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm

Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl

Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl

Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl

Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl

Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm

Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm

Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm

Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm

Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl

Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli

Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli

Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli

Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli

Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

UTAN ÚR HEIMI

Afurðastöð Arla í Pronsfeld í Þýskalandi mun verða ein sú stærsta í heiminum eftir byggingu nýju vinnslustöðvarinnar.

Framleiðsla á mjólkurdufti:

Stærsta fjárfesting Arla frá upphafi

Um mánaðamótin maí-júní tók norður-evrópska afurðafélagið Arla Foods í notkun nýja viðbót við afurðastöð sína í Pronsfeld í Þýskalandi.

Um er að ræða langstærstu einstöku fjárfestingu félagsins sem er í eigu kúabænda í sjö löndum í norðurhluta Evrópu.

Um var að ræða nýja vinnslustöð sem er sérhæfð í mjólkurduftsframleiðslu en alls nam þessi eina fjárfesting Arla Foods tuttugu og einum milljarði íslenskra króna.

Skýringin á þessari miklu fjárfestingu felst í mikilli eftirspurn eftir næringarríku mjólkurdufti og til að mæta stöðugt vaxandi eftirspurn var ákveðið að stækka afurðastöðina í Pronsfeld. Þar var fyrir gríðarlega stór vinnslustöð sem var þó mest sérhæfð í framleiðslu á geymsluþolinni mjólk og öðrum geymsluþolnum mjólkurvörum og nam afkastageta stöðvarinnar fyrir stækkunina 1,5 milljörðum lítra. Eftir stækkunina mun félagið vinna úr 2,2 milljörðum lítra á ári, eða um 6 milljón lítrum á degi hverjum allt árið um kring.

Alls mun nýja þurrkstöðin, sem m.a. telur 51 metra háan þurrkturn, geta framleitt um 90 þúsund tonn af mjólkurdufti á ári, sem verður sent út til þeirra 70 markaða sem félagið selur vörur sínar á í dag. Við framleiðsluna í Pronsfeld í heild starfa nú um eitt þúsund manns og nær afurðastöðin í dag yfir um 55 hektara landsvæði.

Eftir þessa stækkun er afurðastöðin í Pronsfeld ein sú stærsta í heimi og mun styðja enn frekar við uppbyggingu og vöxt félagsins en reiknað er með að umsvif félagsins muni aukast um 5-7% á þessu ári. Það eru einna helst markaðir félagsins í Mið-Austurlöndum, Vestur-Afríku og Suðaustur-Asíu, sem eru með mesta eftirspurn eftir ódýrum og næringarríkum mjólkurvörum, sem eru að bera upp þennan mikla vöxt félagsins. /SNS

Umhverfismengun hefur mikil áhrif á samfélag innfæddra:

Froða tekur yfir hverfi Kólumbíu

llla lyktandi, gríðarlegt magn eitraðrar froðu hrjáði í vor íbúa sveitarfélagsins Mosquera sem staðsett er tæpa 20 km fyrir utan höfuðborgina Bógóta í Kólumbíu.

Froðan kemur úr ánni Bojacá, í Los Puentes hverfi borgarinnar og er talin myndast vegna losunar frá iðnaðarsvæði.

Íbúar fullyrða þó að auk ríkisrekinnar verksmiðju sem losar úrgang sinn í ána hafi yfirvöld sett upp rör fyrir nokkrum árum sem tæmir frárennslisvatn í ána Bojacá og að frá þeirri stundu hafi straumurinn farið að mengast. Opinbera útgáfan er þó önnur. Umhverfisráðherra staðfestir að frá í fyrra hafi skólphreinsistöð Mosquera verið í fullum rekstri og að þessi verksmiðja losi úrgang sinn í Subachoque ána, sem er í innan við kílómetra fjarlægð frá ánni Bojacá.

Rigningar auka froðumyndun

Miklar rigningar juku á vandann þetta árið og jafnframt því að froðan þeki nærliggjandi umhverfi vegna þess hve hún fýkur auðveldlega um og yfir bakka árinnar, kenna heimamenn menguninni um öndunarerfiðleika íbúa á svæðinu og kláða ef froðan kemst í návígi við húð. Veggir húsa sem hafa verið huldir froðu eru slímugir og er lyktin svo stæk að hún yfirtekur allt. Íbúar telja að yfirvöld geri sér ekki grein fyrir alvarleika málsins og minna á ákall sitt um hjálp árið 2016 þegar mengunar- og froðumagn árinnar var jafnvel enn verra

Hreinsun árinnar

Nú nýverið tóku því bæði borgarstjórn og umhverfisyfirvöld svæðisins í taumana og unnu í samstarfi að því að fjarlægja froðuskýin er farin voru að fikra sig heldur langt inn í byggðina.

Fyrstu tilraunir þeirra báru reyndar engan árangur, en þær voru m.a. að fá slökkviliðsmenn til að þynna út froðuna með vatni.

Næst var ákveðið að fjarlægja alveg plöntur er vaxa í og meðfram ánni, en vegna þeirra komst sólarljós lítt í ána og var því fátt um annað lífríki. Með þessari aðgerð minnkaði froðumyndunin til muna, auk þess sem rennsli árinnar batnaði allverulega.

Mögulegir sökudólgar ósáttir

Lýsti yfirmaður umhverfisyfirvalda furðu sinni á að ekki hefði slíkt verið gert áður, því áður hefðu ár verið hreinsaðar á þann máta og með sömu útkomu og hefur nú sett á fót teymi sem á að fara yfir og rannsaka iðnaðarhverfi og verksmiðjur í námunda við ána, losun þeirra og umhverfisfótspor ef einhver eru.

Einnig kom hann með tilgátur þess efnis að íbúar í Los Puentes hverfinu eigi einhverja sök á froðumynduninni vegna þvottaefna til heimilisnota, en nokkuð er um að fólk geri stórþvotta sína í ánni.

Íbúar Mosquera eru ekki vel sáttir við yfirlýsinguna og hikar leiðtogi aðgerðaráðs samfélagsins ekki við að verja þá 1.500 manns sem búa í hverfi Los Puentes.

Hún hefur lýst því yfir að mengunin komi annars staðar frá enda gífurlegt magn – á meðan íbúarnir glími við straum af stöðugum froðuskýjum sem gætu haft varanleg áhrif á samfélagið vegna eituráhrifa sinna. /SP

Hér má sjá hvernig froðan flýtur yfir bakka árinnar Bojacá og veldur skaða á nærliggjandi umhverfi.

Myndir / Myndband euronews.com

Bretlandseyjar:

Afstaða til erfðabreyttra matvæla mýkist

Afstaða almennings á Bretlandseyjum gegn nýrri reglugerð sem rýmkar heimildir til að rækta erfðabreytt matvæli er ekki eins afgerandi og fyrir.

Almennt virðist fólk ekki vera eins mikið á móti ræktuninni og áður. Skömmu fyrir síðustu aldamót þótti hugmyndin um erfðabreytt matvæli ganga næst guðlasti og tilraunaakrar með erfðabreyttu korni voru eyðilagðir af andstæðingum ræktunarinnar.

Fyrir skömmu var lögð fyrir breska þingið tillaga sem á að auðvelda tilraunir með ræktun erfðabreyttra matjurta og um leið ræktun þeirra.

Rökin með tillögunni eru meðal annarra þau að með ræktun þeirra megi auka uppskeru umtalsvert, þol fyrir breytingum vegna loftslagsbreytinga, minnka áburðargjöf og framleiða vítamínbætt og hollari matjurtir.

Aðstandendur tillögunnar segja að sem betur fer hafi almenningur í dag betri skilning á kostum erfðatækninnar og hvað hún getur áorkað mannkyninu til góðs. /VH

Ný erfðabreytt afbrigði tómata innihalda D-vítamín.

Kengúrur á Indlandi. Mynd / deccanherald.com

Ólögleg verslun með villt dýr:

Yfirgefnar kengúrur vekja furðu á Indlandi

Nýverið var lögreglu í vesturhluta Bengal-ríkis á Indlandi tilkynnt um þrjár kengúrur sem væru að tefja umferð.

Eins og flestir vita eru kengúrur upprunnar í Ástralíu og því vakti talsverða furðu að þær skyldu finnast á umferðargötu á Indlandi.

Kengúrurnar þrjár eru sagðar varpa ljósi á sívaxandi vandamál á Indlandi og víðar um heim sem felst í ólöglegri verslun með villt dýr og ekki síst dýr í útrýmingarhættu.

Stöðutákn ósmekklegra meðaljóna

Talið er að kengúrunum hafi verið smyglað til Indlands með viðkomu í Nepal. Kengúrurnar voru mjög illa á sig komnar og vannærðar þegar tvær þeirra voru fluttar í dýragarð, þar sem þær munu dvelja í framtíðinni, en ein lést.

Líkt og víðar um heim eru framandi og sjaldgæf dýr og plöntur stöðutákn á Indlandi og vinsældir sem slík vaxandi meðal ósmekklegra nýríkra meðaljóna.

Samkvæmt opinberum tölum Traffic, stofnunar sem greinir ólöglega verslun með lífverur, lögðu tollayfirvöld á Indlandi hönd á yfir 70.000 framandi dýr af 84 mismunandi tegundum á árunum 2011 til 2020, sem smygla átti til landsins eða til annarra landa með viðkomu á Indlandi.

Ólögleg verslun með framandi og sjaldgæfar dýrategundir og plöntur er vaxandi vandamál um allan heim og hátt verð fæst fyrir lífverurnar og skiptir þá engu hvort um er að ræða sjaldgæfar skjaldbökur, páfagauka, lemúra, slöngur smáapa, orkideur eða kögurpálma.

Út á guð og gaddinn

Annað vandamál sem fylgir dýra- og plöntuversluninni er að þeir sem ásælast lífverurnar kunna sjaldnast að fara með þær né hafa viðeigandi aðstæður til að sinna þeim sem skyldi.

Dýrunum er líka iðulega sleppt út í náttúruna þar sem þeirra bíður ekkert annað en dauði. Einnig geta borist með lífverunum sjúkdómar og sníkjudýr sem ekki þekkjast í aðkomulandinu. /VH



NETNÁMSKEIÐ
í meðferð á hífibúnaði
Grunnnámskeið um rétta og örugga meðferð á hífibúnaði.
Nánari upplýsingar og skráning eru á: **isfell.is/course** eða skannaðu kóðann.
Óseyrarbraut 28
Sími 5200 500
Þekking og þjónusta

Nýi Ökuskólinn - Klettagörðum 11 - 104 Rvík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is
Meirapróf
Réttindin gilda í Evrópu
NÝI ÖKUSKÓLINN
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Kíktu á meiraprof.is og skráðu þig á námskeið
D-D1-C-CE-C1-C1E-B/Far

ÆÐARBÆNDUR!
Hreinsun er komin í fullan gang!
Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu.
Greiðum flutningskostnað.
Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369 & erla@kingeider.is
ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN
Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmi

Það eru þau feðgin Laufey Dóra og Áskell sem annast hönnun og markaðssetningu kjólanna.

Gamli lönskólinn á Akranesi:

Sýning á ljósmyndum og kjólum 17.–18. júní

Sýning á ljósmyndum og kjólum verður í gamla Iðnskólanum á Akranesi dagana 17. og 18. júní.

Kjólarnir eru með myndum sem flestar eru teknar á Vesturlandi og þeir eru framleiddir undir heitinu LAUFEY. Efnið í kjólunum er unnið úr endurnýttum plastflöskum!

Áskell Þórisson ljósmyndari tók myndirnar sem eru á kjólunum og sömuleiðis myndirnar sem munu hanga á veggjum gamla Iðnskólans. Það eru þau feðgin Laufey Dóra og Áskell sem annast hönnun og markaðssetningu kjólanna en Sjöfn Magnúsdóttir, klæðskeri á Akranesi, sér um saumaskapinn. Hver kjóll er sérsaumaður eftir málum kaupenda.

Sýningin í gamla Iðnskólanum, Skólabraut 9, verður opin frá kl. 11 til 17.30 báða dagana. Áhugasamir um kjóla geta hitt þær Laufeyju og Sjöfn á staðnum þann 17. júní frá kl. 14 til 16 en Áskell verður þarna báða dagana. Myndirnar eru til sölu en kjólana þarf að sérpanta.

Þráðlag í Heimilissafninu

Sumarsýning Heimilissafnsins á Blönduósi ber heitið Þráðlag og er þar að finna verk eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur.

Verkin á sýningunni eru unnin í gagnbindingar-vefstól, stafrænum TC2 vefstól og pappír og flest unnin á þessu og síðasta ári.

Viðfangsefni Ragnheiðar á þessari sýningu er uppbygging og áferð vefnaðarins og hvernig þáttur uppistöðu og ívafs breytist við val á aðferðum sem notaðar eru í ferlinu.

Hún nýtir sér bæði hliðrænar og stafrænar aðferðir við vefinn og ferðast frá hinu einfalda til hins flókna.

Ragnheiður hefur lengi rannsakað vefnaðarmunstur og uppbyggingu þeirra og að þessu sinni hafa sum verkin tengingu við safnmuni á Heimilisiðnaðarsafninu og einnig við Halldóru Bjarnadóttur og ævi hennar. Ragnheiður er með vinnustofu á Grenivík og er í hlutastarfi sem sérfræðingur á sviði vefnaðar og hjá Textílmiðstöð Íslands á Blönduósi.

Sýningin stendur yfir til 31. ágúst og er opin frá klukkan 10 til 17 alla daga. /MÞÞ

Lely Center Ísland

ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Prjónagleði á Blönduósi aðra helgina í júní:

Allt að smella saman og mikil eftirvænting

„Nú er allt að smella saman og við finnum fyrir miklum áhuga og eftirvæntingu," segir Svanhildur Pálsdóttir, viðburða- og markaðsstjóri hjá Textílmiðstöð Íslands, um Prjónagleðina 2022, sem haldin verður á Blönduósi dagana 10. til 12. júní næstkomandi.

Fjöldi viðburða er á dagskrá, fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar um prjónatengd efni, prjónakvöldvaka, prjónamessa og þá er Garntorgið á sínum stað í íþróttahúsinu. Fyrsta Prjónagleðin var haldin árið 2016 og þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin.

„Það verður að venju margt í boði, fróðleg námskeið og fyrirlestrar og svo skemmta þátttakendur sér auðvitað vel inn á milli og njóta þess að eiga góðar stundir saman yfir prjónaskapnum," segir hún.

Kaupa þarf námskeið á vefverslun Textílmiðstöðvarinnar, þar eru einnig helgararmbönd til sölu en þeim þarf að framvísa á fyrirlestra hátíðarinnar. Frítt er inn á Garntorgið og á ýmsa viðburði nægir að mæta bara á svæðið.

Svanhildur Pálsdóttir, viðburða- og markaðsstjóri hjá Textílmiðstöð Íslands, er í óða önn að undirbúa Prjónagleðina 2022, sem fram fer á Blönduósi aðra helgina í júní.

Markmiðið að sameina prjónafólk

„Markmiðið með prjónagleðinni hefur alltaf verið að sameina prjónafólk og skapa því vettvang til að hittast og miðla prjónasögum, nýjum hugmyndum og aðferðum, gömlum hefðum og síðast en ekki síst hinni almennu prjónagleði í öllum sínum fjölbreytileika," segir Svanhildur. „Við sköpum hlýlegan og notalegan vettvang fyrir fólk að koma saman og prjóna, spjalla, deila reynslu sinni, læra eitthvað nýtt eða gamalt og njóta samverunnar með öðrum ástríðufullum prjónurum."

Fjölbreytt úrval námskeiða og fyrirlestra

Úrval námskeiða er í boði nú á komandi Prjónagleði, en þar má nefna námskeið um prjónatækni, hvernig hægt er að nýta afganga, námskeið í prjónahönnun, í skapandi prjóni og um litatilfinningar en einnig er námskeið í hefðbundnu lopapeysuprjóni en það er í boði á ensku, enda hafa útlendingar mikinn áhuga á íslensku lopapeysunni, að sögn Svanhildar.

Að venju verða nokkrir fyrirlestrar á hátíðinni, en sem dæmi segir Thelma Steimann, ungur íslenskur prjónahönnuður, frá sér og sinni hönnun sem er að slá í gegn í prjónaheiminum um þessar mundir. Helga Thoroddsen heldur fyrirlestur um það hvers vegna allir ættu að prjóna og einnig mun Árný Björg Ósvaldsdóttir halda fyrirlestur um prjónaskap og umhverfismál, sem er mjög brýnt málefni nú um stundir.

Auk námskeiða og fyrirlestra er sitthvað í boði til skemmtunar. Heimafólk efnir til pjónakvöldvöku í félagsheimilinu á Blönduósi á laugardagskvöldinu 11. júní, þar sem boðið verður upp á smárétti, lifandi tónlist og skemmtilega samveru. Þessi viðburður er spennandi nýjung og Svanhildur væntir þess að gestir hátíðarinnar taki þessu framtaki opnum örmum og fjölmenni á kvöldvökuna.

Prjónamessa verður í Blönduóskirkju og gengið verður prjónandi frá Kvennaskólanum til messu eins og gert var fyrr á öldum. Einnig má nefna að opið hús verður í ullarþvottastöðinni á Blönduósi föstudaginn 10. júní.

Garnveisla á Garntorgi

Garntorgið verður á sínum stað í íþróttahúsinu en það hefur að sögn Svanhildar skipað stóran sess á Prjónagleðinni undanfarin ár. Mjög góð þátttaka verður að þessu sinni, um 30 söluaðilar með sínar vörur, handlitarar, smáspunaverksmiðjur, handverksfólk og verslanir með garn og prjónatengdan varning.

„Garntorgið er stór viðburður í sjálfu sér, ég er viss um að annað eins vöruúrval fyrir prjónafólk hefur ekki sést undir sama þaki í Íslandssögunni, þvílíka garnveislan. Það er ótrúlega spennandi fyrir okkur garnfíklana," segir hún með glampa í augum. /MÞÞ

Reykhólahreppur:

Handverksmarkaður í Króksfjarðarnesi

Þeir sem leggja leið sína í Reykhólahrepp í sumar ættu alls ekki að sleppa því að koma við á handverksmarkaðnum í Króksfjarðarnesi í gamla kaupfélagshúsinu.

Þar eru vörur frá hressum og skemmtilegum konum á svæðinu, allt handunnið, eins og lopapeysur, sokkar, vettlingar og húfur og aðrar prjónavörur, munir úr tré og horni, glermunir, leirmunir, skartgripir, textílvörur, málverk, leðurvörur, jólavörur og fleira og fleira.

Ekki má gleyma eina karlmanninum í hópnum en það er Arnór Grímsson, sem sér um að sjóða rabarbarasultuna fyrir veitingastaðinn í kaupfélagshúsinu. Þar er góð aðstaða til að tylla sér niður og njóta þess sem er í boði.

/MHH

Ingibjörg Kristjánsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (t.v.), fyrrverandi alþingismaður, eiga heiðurinn af stofnun markaðarins á sínum tíma. Þær eru duglegar að standa vaktina, alltaf brosandi og kátar. Mynd / MHH

„Ég er bjartsýn á sumarið, ég held að margir verði á ferðinni hér norðan heiða og leggi leið sína inn í Eyjafjörð,“ segir María Pálsdóttir, eigandi Hælisins, seturs um sögu berklanna. Myndin er tekin við opnun þess. Mynd / MÞÞ

Saga berklanna á Hælinu:

Heimsóknir skólahópa á Kristnes í Eyjafjarðarsveit

„Viðbrögðin hafa verið mjög góð og því hef ég fullan hug á að halda þessu áfram,“ segir María Pálsdóttir, eigandi Hælisins, seturs um sögu berklanna, á Kristnesi í Eyjafjarðarsveit.

María tók á móti skólahópum á liðnu vori og gaf börnunum færi á að kynnast sögu berklanna sem áður fyrr lagði marga að velli. Hún fékk styrk frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra vegna heimsóknanna.

„Það er dágóður hópur sem farið hefur hér í gegn og ég heyri ekki annað en að allir séu ánægðir með heimsóknina,“ segir María. Alls hafa 10 grunnskólar á svæðinu nýtt sér boð Maríu um heimsókn á Hælið, allir sjö grunnskólarnir á Akureyri, Þelamerkurskóli, Hrafnagilsskóli og Grenivíkurskóli.

Sólböð voru áður fyrr stunduð í grunnskólum landsins í þeim tilgangi að styrkja D-vítamínbúskap líkamans. Sólbaðsstofur voru bæði á Vífilsstöðum og Kristneshæli. Hér prófa krakkarnir að máta gleraugun sem notuð voru.

Skiptir upp í þrjá hópa

Fyrirkomulagið er þaulskipulagt og gengur smurt upp, segir María, en hverjum hóp er skipt upp í þrjá minni hópa. Einn fer í kynnisferð um setrið og fær innsýn í sögu berklanna hér á landi, á meðan er annar hópur á flötinni við Kristnesspítala í leikjum og hópefli og einn hópur fer í skógargöngu um Reykhússkóg ofan við Hælið.

Einn starfsmaður fylgir hverjum hóp, þannig að þrjá þarf til að taka á móti hverjum skólahóp.

María segir að hún hafi fullan hug á að halda þessu starfi áfram og vonar að til þess fáist styrkur, grunnskólarnir sjálfir hafi ekki úr miklu fé að spila til að nýta í fræðsluferðir af þessu tagi.

Bjartsýn á sumarið

„Ég er bjartsýn á sumarið, ég held að margir verði á ferðinni hér norðan heiða og leggi leið sína inn í Eyjafjörð,“ segir María.

Sumaropnun Hælisins hefst um miðjan júní og verður opið alla daga frá 13 til 18 fram á haustið. Skógarböðin, sem opnuð voru nýlega, segir hún án vafa munu laða marga að, auk þess sem ýmislegt áhugavert sé í boði í sveitarfélaginu. María telur ekki ólíklegt að hún muni bjóða upp á viðburði í sumar, tónleika eða annað sem lífgar upp á tilveruna. */ MÞÞ*

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol



Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

LímtréVirnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Miðað við æskufjörið sem hljóp í tvo gamalreynda garðyrkjumenn, þá Kristján Þorvaldsson, Stjána í Garðverki og Begga, Bergsvein Þórsson, hjá Skógræktarfélaginu, sem unnu að hönnun og uppsetningu og vígðu svæðið, má ætla að gleði muni ríkja í Kjarnaklass til framtíðar.
Mynd / Facebooksíða Skógræktarfélags Eyfirðinga

Ein stærsta líkamsræktarstöð landsins:

Kjarnaklass í Kjarnaskógi

„Kjarnaklass er eitt af þeim verkefnum sem við vinnum að í Kjarnaskógi, grunnurinn klár og eitt tæki komið niður, við fáum svo fleiri eftir efnahag," segir Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Hann bætir við að Kjarnaskógur, með öllum sínum lýðheilsumannvirkjum, sé ein stærsta líkamsræktarstöð landsins.

Upphífingartæki og bekkpressa í bland við tré

Fyrsta líkamsræktartækið er komið upp á Kjarnaklass vellinum sem er að rísa rétt við snyrtingarnar í Kjarnakoti. Um er að ræða öflugt upphífingartæki, en Ingólfur segir að til standa að bæta við allt að 10 minni tækjum til vibótar, sem og bekkjum og aðstöðu fyrir hópa að safnast saman, t.d. fyrir ferð um skóginn eða til að teygja á eftir túrinn.

„Við vonumst til að Kjarnaklass virki bæði sem sjálfstæð eining og einnig sem ein stöð af mörgum í skóginum þannig að fólk geti gengið, hjólað, faðmað tré, skellt sér í bekkpressu, teygt og slakað í einni og sömu heilsubótargöngunni," segir Ingólfur. Fjölmörg verkefni eru fram undan í sumar líkt og vanalega. Ingólfur nefnir að um þessar mundir sé vinna að hefjast við endurbyggingu á Kjarnavelli, en völlurinn er eitt af þremur leiksvæðum Kjarnaskógar.

„Við setjum þar upp sérstakt svæði sem hentar ungum börnum og leggjum einnig upp með að svæðið nýtist á veturna með tengingu við sleðabrekku. Á þessu svæði munu tröllið og geiturnar þrjá búa," segir hann. Átak verður gert í viðhaldi stíga, grisjun skógarreita og þá sérstaklega meðfram stígum til að rýma fyrir nýjum snjótroðara sem tekinn verður í gagnið næsta vetur. Reist verður skýli yfir sög og snjótroðara í sumar.

Afmælisár í Miðhálsskógi

Skógræktarfélagið hefur einnig umsjón með fjölda reita í Eyjafirði, Vaðlareit, Laugalandsskógi, Leynishólum og Hánefsstaðareit og verður unnið við alla þessa reiti á komandi sumri.

Miðhálsskógur í Hörgársveit á afmæli í ár og verður haldið upp á það, en Ingólfur segir að skógargöngur og ýmsir aðrir viðburðir verði í boði í sumar. */MÞÞ*

KOMPÁS Þekkingarsamfélag:

Vinnur að samnýtingu þekkingar og reynslu á milli ólíkra atvinnugreina

KOMPÁS er óháður samstarfsvettvangur vinnuveitenda og launþega, þar sem stórir vinnustaðir vinna með þeim litlu.

Byggist hugmyndafræðin á því að þekking sé því verðmætari sem hún er aðgengilegri og miðlun fagefnis á skilvirkan hátt skapi margþættan ávinning.

Björgvin Filippusson er stofnandi KOMPÁS Þekkingarsamfélagsins og framkvæmdastjóri. Hann segir að hugmyndin á bak við þetta sé að með víðtæku samstarfi og miðlun þekkingar milli ólíkra greina losni menn við að þurfa stöðugt að vera að finna upp hjólið aftur og aftur. Þannig náist líka aukin skilvirkni og tímasparnaður.

Áhersla á mannauðinn

„Þekkingarsamfélagið verður til með áherslu á mannauðinn sem okkar mestu verðmæti og birtist sem KOMPÁS Mannauður.

Þrátt fyrir að strax í upphafi hafi verið horft víðtækt til þess málaflokks var kallað eftir því að útfæra verkfærakistuna fyrir fjölda annarra viðfangsefna og atvinnugreina.

Hefur margt verið nefnt í því sambandi og hefur aukist ákallið um að KOMPÁS Landbúnaður fái aukið vægi. Þó svo að sá samstarfsvettvangur sé ekki formlega kominn í loftið, þá er þegar í verkfærakistu KOMPÁS mikið efni sem nýtist þeirri atvinnugrein og fjöldi hagaðila landbúnaðar eru þegar þátttakendur í Þekkingarsamfélaginu."

Verkfærakista atvinnulífs og skóla

KOMPÁS Þekkingarsamfélagið er að sögn Björgvins eins konar verkfærakista atvinnulífs og skóla, þar sem komið er samstarf meðal fjölda fyrirtækja, stofnana, sveitarfélaga, háskóla, fræðsluaðila, stéttarfélaga og fleiri um miðlun og gerð hagnýtrar þekkingar sbr. verkferla, eyðublaða, gátlista, vinnulýsinga, leiðbeininga, reiknivéla, myndbanda og tengdrar fræðslu og þekkingar.

Björgvin Filippusson stofnaði KOMPÁS Þekkingarsamfélag sem hann lýsir sem eins konar verkfærakistu atvinnulífs og skóla.
Mynd / Aðsend

„Þessi vettvangur er hugsaður þannig að vottaðir vinnustaðir vinni með nýsköpunarfyrirtækjum og opinberir aðilar vinni með einkageiranum.

Þá vinni fræðasamfélagið með reynsluboltunum og íþróttahreyfingin með atvinnulífinu. Einnig er KOMPÁS að vinna samkvæmt samstarfssamningum við nokkra aðila t.d. háskóla.

Samkvæmt þeim samstarfssamningum hefur verið gert kennsluefni með kennurum og nemendum, nemendur hafa nýtt verkfærakistuna í sínu námi, hún nýtt til kennslu og vera brú milli atvinnulífs og skóla, sem og fræða og hagnýtrar þekkingar."

KOMPÁS Landbúnaður

Innan landbúnaðar eru stórar sem smáar rekstrareiningar og fjöldi búgreina, einnig eru hagaðilar öflugs landbúnaðar mjög margir. Segir Björgvin að aukið samstarf og aðgengi hagnýtrar þekkingar sé þarna mikið og samnýtist öðrum atvinnugreinum. Fyrir páska átti hann góðan fund með stjórn Samtaka ungra bænda. Hann telur að hugmyndafræði Kompáss geti einmitt komið að góðum notum í landbúnaði.

„Hefðbundinn bóndi er með rekstur, er að ráða fólk eða verktaka til vinnu, þarf að hlúa að öryggismálum, heilsuvernd, sinni sí- og endurmenntun o.s.frv. en býr jafnframt yfir mikilli reynslu sem getur nýst öðrum. Innan landbúnaðar eru líka stórar rekstrareiningar með fjölda fólks í vinnu, þar sem gerðar eru ýmsar kröfur og væntingar til faglegrar stjórnunar og árangurs.

Á vegferð KOMPÁS hefur reglulega komið fram ákall um aukna áherslu Þekkingarsamfélagsins á þá atvinnugrein. Einnig samnýtist sú þekking og vinna inn í önnur viðfangsefni Þekkingarsamfélagsins sbr. KOMPÁS Mannvirki eða KOMPÁS Nýsköpun," segir Björgvin. */HKr.*

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐSEÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



SAMAN Í 60 ÁR BYKO | bondi@byko.is

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fiskiðnaðar hjá Marel og Sigurður Pétursson, stofnandi Lax-Inn, skrifuðu undir samstarfssamning.
Mynd/Aðsend

Samstarfssamningur Marel og Lax-Inn:

Frá hrogni til fisks á disks

Auka á fræðslu og þekkingu og styðja við að gera tækifærin sem byggja á tækniþróun og nýsköpun í vinnslu eldisafurða sýnilegri með samstarfi Marels og Lax-Inn, nýsköpunar- og fræðslumiðstöðvar lagareldis, sem nýlega var staðfest með undirritun samnings.

Með samstarfinu á að kynna heildarferla aðfangakeðjunnar, frá hrogni til fisks á disks, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Lax-Inn.

„Mikil aukning hefur orðið á síðustu árum í laxfiskaeldi á Íslandi sem síðustu ár hefur verið leidd af hröðum vexti laxeldis í sjó og sú þróun hvergi í heiminum verið hlutfallslega jafn mikil og hér á landi.

Ísland er þegar leiðandi á heimsvísu í eldi á bleikju sem og landeldi á Atlantshafslaxi og landeldisfyrirtækin hér á landi gera ráð fyrir að ná svipuðum vexti og sjóeldið og vera komin í um 100 þúsund tonn á næstu 3-5 árum," segir í tilkynningunni en þar segir einnig að í framtíðarsýn FAO og OECD um fiskneyslu til 2030 sé gert ráð fyrir því að vegna mannfjölgunar þurfi að mæta um 20 milljón tonna eftirspurn eftir fiskafurðum með auknu eldi.

Á meðan Marel er leiðandi í tækjaframleiðslu fyrir eldisiðnað er Lax-Inn fyrsta nýsköpunar- og fræðslumiðstöð lagareldis hér á landi, en það var stofnað á síðasta ári.

Haft er eftir Guðbjörgu Heiðu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra fiskiðnaðar hjá Marel, að frekari fræðsla og þekking starfsfólks fyrirtækisins á eldisstarfsemi sé mikilvæg. */ghp*

SKÓGRÆKT

Ilmbjörk að laufgast. Birki er tvíkynja tegund og myndar bæði karl- og kvenrekla. Sá sem hangir niður myndar frjó sem svífur um loftið og frævar kvenreklana sem standa upp í loftið en þykkna og þrútna eftir því sem líður á sumarið og hanga loks niður á haustin með þroskuðum fræjum líkt og karlreklarnir á vorin. Frjóið úr karlreklunum er það sem veldur fólki ofnæmi. Mynd / Aðsend

Ilmbjörk

Birki (Betula pubescens) var eina trjátegundin á Íslandi áður en landið byggðist sem myndað gat samfellt skóglendi. Formlegt heiti tegundarinnar á íslensku er ilmbjörk enda fyllir ilmur hennar vitin, einkum þegar hún laufgast á vorin og fram á sumar.

Vinsælt er að safna birkilaufi í jurtaseyði, teblöndur eða sem krydd og þá er best að tína það snemmsumars, helst ekki seinna en í júní, því smám saman verður það beiskara.

Ilmbjörk er oftast fremur smávaxið tré, frá hálfum metra og upp í 14-15 metra. Hæsta villta birkitré sem vitað er um á Íslandi stendur í Vaglaskógi og hefur mælst um fjórtán metrar. Eilítið hærra íslenskt birki vex í Minjasafnsgarðinum á Akureyri.

Vaxtarlag birkis er mjög fjölbreytilegt enda er erfðabreytileikinn talinn mjög mikill. Birkið hér er líka meira og minna blandað fjalldrapa, náskyldri tegund af Betula-ættkvíslinni. Breytileiki birkisins hefur töluvert verið rannsakaður, bæði með rannsóknum á erfðaefni þess og með kvæmatilraunum sem settar hafa verið út víða um land. Næst á að kanna hvernig mismunandi birkikvæmi þrífast við hálendisbrúnina. Kvæmatilraunir hafa leitt í ljós í grófum dráttum að birki af Norðaustur- og Suðausturlandi vill mynda einstofna tré en birki af Norðvestur- og Suðvesturlandi frekar runna eða margstofna tré. Almennt er birki af Suðurlandi, svo sem úr Bæjarstaðaskógi og Steinadal, duglegasta birkið í ræktun í öllum landshlutum.

Vaxtarhraði birkis er oftast hægur en á frjósömu landi getur það vaxið hratt í æsku. Birki vex um allt land, á láglendi og einnig til fjalla. Það hefur á nokkrum stöðum fundist í yfir 600 metra hæð yfir sjó, svo sem í Austurdal Skagafirði, í Útigönguhöfða Þórsmörk og í Hvammsfjöllum Ódáðahrauni.

Birki er ljóselsk tegund og þarf frjósaman jarðveg til að ná góðum vexti. Það á erfitt á mjög rýru landi svo sem á uppblásnum svæðum eða mjög rofnu landi. Þar þarf að hjálpa því af stað með því að efla gróðurhuluna og auðga landið með áburðarefnum. Á Hekluskógasvæðinu hefur kjötmjöl nýst mjög vel til að búa í haginn fyrir birkið og sjálfgræðslu þess. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með moltu svo sem á Hólasandi.

Tegundin er vindþolin, frostþolin og lífseig. Hún hefur fallega haustliti sem eru yfirleitt gulir en eftir því sem birkið er meira blandað fjalldrapa verða haustlitirnir rauðleitari. Helstu veikleikar birkisins eru að það er seinvaxið og smávaxið í rýru landi, oft kræklótt og vill mynda þétt og illfært kjarr. Það er viðkvæmt fyrir trjámaðkafaröldrum, birkiryðsvepp og nýjum vágestum svo sem birkikembu og birkiþélu. Nokkur vá vofir því yfir birkinu, einkum á hlýjustu svæðunum á láglendi.

Talið er að við landnám hafi birki vaxið á fjórðungi landsins og jafnvel á allt að 40 prósentum þess. Birki er mjög duglegt að koma upp aftur ef það er fellt eða skógur brenndur. En ef landið er beitt kemst það ekki upp aftur.

Beit hefur nú dregist saman í landinu og hlýnað í veðri. Góð fræár eru tíðari og skilyrði fyrir útbreiðslu birkis því betri, sérstaklega þar sem ekkert er beitt. Skógræktin og Landgræðslan vinna saman að birkiútbreiðslu og hafa íslensk stjórnvöld sett sér það markmið fram til ársins 2030 að þekja birkis á landinu fari úr 1,5 prósentum nú í um fimm prósent.

Þetta er meginmarkmið Íslendinga í svokallaðri Bonn-áskorun um útbreiðslu skóga í þágu náttúru og samfélaga fólks.

Birkiþrenning á Mývatnsöræfum.

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í júní bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:

Keflavík 8. júní
Húsavík 9. júní
Akureyri 10., 16. og 20. júní
Selfoss 13. júní
Vestmannaeyjar 14. og 15. júní
Selfoss 21. júní
Borgarnes 22. júní
Sauðárkrókur 23. júní
Egilsstaðir 29. júní

Tímabókanir í síma **568 6880**



Heyrnartækni
Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | **Heyrnartaekni.is** | 568 6880

Lífrænt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

VARAHLUTIR Í KERRUR
stalogstansar.is

KNOTT BREMSEN • ACHSEN
AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER AXLE
Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2021
Stál og stansar
Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

SAGA MATAR & DRYKKJA

Einfaldasta svarið við því hver sé uppruni beikons er að segja að það komi af svínum.

Feitt, reykt, saltað og steikt

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Alvöru beikon er saltað og reykt svínakjöt. Vinnsluaðferðir beikons í dag eru mismunandi og er kjötið þurr- eða sprautusaltað eða lagt í saltpækil sem inniheldur nítrít og stundum er sykur eða síróp bætt í pækilinn. Eftir það er kjötið vanalega reykt en einnig er þekkt að það sé vindþurrkað í nokkrar vikur eða mánuði eða soðið.

Þrátt fyrir að beikon sé unnið úr mismunandi hlutum svína er það algengast úr slögum, síðubitum eða hryggjum og þá kallað eðalbeikon. Algengast er að beikon í boði í verslunum hér á landi sé unnið úr slögum. Beikon úr slögum inniheldur yfirleitt yfir 50% fitu eins og sjá má í skiptingu beikonsneiðanna í kjöt- og fiturendur og kallast amerískt beikon víða um heim.

Kjóll með líflegu beikonmynstri gerir alltaf lukku á djamminu.

Beikon úr síðum og hrygg er kjötmeira og kallast víða kanadískt beikon.

Svín, mörg þúsund ára ræktunarsaga

Fornleifarannsóknir benda til að villtum svínum hafi verið smalað saman og nýtt til matar í Tígrisdalnum í austanverðu Tyrklandi og í Sýrlandi um 13.000 árum fyrir upphaf okkar tímatals. Leifar um nytjar á svínum á Kýpur eru taldar vera frá 11.400 fyrir Krist. Minjar svínanytjar frá svipuðum tíma hafa fundist á Indlandi. Í Kína hafa fundist mörg þúsund ára gömul haughús með svínaskít sem bendir til þess að hann hafi verið notaður sem áburður.

Rannsóknir benda til að svínahald hafi hafist sjálfstætt um svipað leyti í Kína og Evrópu fyrir fimm til sjö þúsund árum.

Uppruni beikons

Einfaldasta svarið við því hver sé uppruni beikons er að segja að það komi af svínum. Elstu heimildir um kjöt sem líkist beikoni eins og við þekkjum það í dag eru frá Kína og frá því um 1500 fyrir Krist og greina frá því að svínaslög séu söltuð til að auka geymsluþol þeirra. Geymsluaðferðin barst út og vitað er að Grikkir og Rómverjar söltuðu svínaslög og neyttu þeirra skorin í sneiðar og steikt á pönnu.

Í landvinningayfirferð sinni kynntu Rómverjar saltað svínakjöt og beikon fyrir þeim þjóðum sem þeir lögðu undir sig, þrátt fyrir að vinsældir þess hafi aldrei náð flugi í Gyðingalandi, enda beikon óhreinn matur samkvæmt Fimmtu Mósebók, 14:8-10, Gamla testamentisins. „Þú skalt ekki eta neitt viðbjóðslegt. Þetta eru dýrin sem þið megið eta: naut, sauðfé, geitur, hirtir, skógargeitur, dádýr, steingeitur, fjallageitur, antilópur og gemsur. Þið megið eta öll dýr sem hafa klaufir, og þær alklofnar, og jórtra. En þessi dýr, sem jórtra og hafa alklofnar klaufir, megið þið ekki eta: úlfalda, héra og stökkhéra því að þau jórtra að vísu en hafa ekki klaufir. Þau skulu vera ykkur óhrein, einnig villisvínið því að það hefur klaufir en jórtrar ekki. Það skal vera ykkur óhreint. Þið megið hvorki leggja ykkur kjöt þessara dýra til munns né snerta hræ þeirra.“

Samkvæmt íslam eru svín óhreinar skepnur og því ekki rétt breytni að neyta svínakjöts eða beikons og sumir múslimar telja að ekki megi snerta svínakjöt.

Kaþólski ábótinn Antóníus er dýrlingur svína og slátrara og verndardýrlingur beikons.

Engilsaxar á Bretlandseyjum og aðrir Evrópubúar ólu svín við heimili sín og var svínafita mest notaða fitan til matargerðar á miðöldum og allt fram að heimsstyrjöldinni fyrri og finnast enn leifar af þeirra hefð í breskri matargerð í dag.

Frá 1660 hafa bændur á Bretlandi ræktað svín sem aðallega voru ætluð í beikonafurðir. Gyltur gutu yfir að vori og voru grís oft alin yfir sumarið á eikarakörnum og slátrað að hausti. Sagt er að hvert heimili hafi haft sína eigin aðferð til að reykja og og nudda kjötið með salti og sitt sérstaka beikonbragð sem tengdist vinnsluaðferð og því fóðri sem svínin voru alin á. Heimaslátrun og vinnsla á kjöti er því langt frá því að vera eitthvert nýtt fyrirbæri.

Á ensku er til orðatiltæki sem segir „bring home the bacon“ og vísar til þess að draga björg í bú. Uppruni orðatiltækisins mun verða sá að á tólftu öld lofuðu kirkjuyfirvöld í Dunmow-sókn á Bretlandseyjum því fjórða hvert ár að hver sá eiginmaður sem gæti svarið við altarið, í viðurvist sóknarmeðlima, að hann hefði ekki rifist við eiginkonu sína í heilt ár og einn dag væri fyrirmyndar borgari sem sýndi ómælda sjálfstjórn og fengi í verðlaun heila svínasíðu.

Vinsældir beikons eru alþjóðlegar, ekki síst vegna þess að svín eru nánast sjálfala í eldi og saltað og reykt svínakjöt geymist vel og var einn helsti sjókostur í siglingum fyrri alda.



Eðalbeikon unnið að hrygg.

Útbreiðsla svína

Lifandi svín voru hluti af áhöfn allra skipa á tíma landafundanna á 15. til 17. aldar og var þeim sleppt í land víðast þar sem akkeri var kastað og þannig breiddust þau hratt út um heiminn.

Ísabella drottning af Portúgal sendi átta svín með Kristófer Kólumbusi, í einni af seinni ferðum hans vestur yfir Atlantshafsála, til Kúbu. Spánverjinn Hernando de Sota flutti aftur á móti með sér þrettán svín til Norður-Ameríku árið 1539 og þremur árum síðar taldi svínahjörð hans 700 dýr. Breski landkönnuðurinn Sir Walter Ragleigh átti einnig þátt í því að svín námu land í Norður-Ameríku þar sem hann flutti með sér nokkrar gyltur og gölt til landnemabyggðarinnar í Jamestownn árið 1607.

Innfæddir og aðfluttir í Norður- og Suður-Ameríku tóku svínakjöti opnum örmum. Alisvín sem sluppu ráfuðu um villt og ekki var óalgengt að rekast á afkomendur þeirra sem ráfuðu villt í New York langt fram á nítjándu öld. Beikon er í dag vinsælasti morgunmaturinn í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar um heim.

Breski slátrarinn og beikonáhugamaðurinn John Harris, í Caine í Wiltskíri, skammt frá borginni Swindon, var fyrstur manna til að hantera svínasíður sérstaklega með því að skera þær í sneiðar og selja sem beikon árið 1770.

Léttsaltað beikon sem söluvara varð fljótlega svo vinsælt að Harris keypti lifandi svín víða að og flutti þau meðal annars frá Írlandi til að anna eftirspurn.

Beikon úr síðum frá Harris kölluðust lengi Wiltskíris-slög.

Um miðja átjándu öld var fjöldi sláturhúsa í Norður-Ameríku sem sérhæfðu sig í vinnslu á svínakjöti og beikoni og borgin Cincinnati í Ohio-ríki kölluð Porkopolis.

Það var svo ekki fyrr en árið 1920 að fyrirtækið Oscar Meyer fór að framleiða beikon í sneiðum. Fyrirtækið, sem er starfandi enn í dag, var lengi með einkarétt á að framleiða niðurskorið beikon og selja í neytendaumbúðum.

Reykt.

Saltað.

Feitt.

Amerískt beikon unnið úr slögum.

Steikt.

Slátrarar á miðöldum.

Fyrsta beikonilmvatnið var hannað af slátrara í París árið 1920

Sagan segir að Edward Bernays, sem var gyðingur, frændi Sigmund Freud og kallaður faðir almannatengsla, eigi heiðurinn að því að gera egg og beikon að vinsælasta morgunmat í heimi.

Beikonbitar voru meðal þess sem geimfarar um borð í Apollo sjöunda fengu í morgunmat og telst því 1968 árið sem beikon fór fyrst út í geiminn.

Síðar var haft eftir Jim Lowell, leiðangursstjóra Apollo áttunda, að hamingjan felist í að fá beikonbita í morgunmat úti í geimnum.

Bestu beikonsvínastofnar í dag eru sagðir vera Berkshire, Duroc, Hampshire, Poland China, Spot og Yorkshire.

Orðsifjar

Á gamalli hollensku kallaðist beikon baken en á tólftu öld kallaðist allt svínakjöt bacoun á Bretlandseyjum. Enska heitið bacon er sams konar og í fornri frönsku en það heiti er rakið til fornrar háþýsku, bacho eða bahho, sem þýðir þjór eða læri og mun vera af sama stofni og orðið bak.

Nytjar

Fyrir neyslu er beikon yfirleitt skorið í þunnar sneiðar og steikt á pönnu og oftar en ekki borið fram með steiktum eða hrærðum eggjum, bökuðum baunum, pönnukökum, ristuðu brauði og ýmsu grænmeti. Það er einnig notað í samlokur, á hamborgara eða skorið í bita og sett út í pottrétti, súpur og salat. Ekki er mælt með því að borða beikon hrátt.

Auk þess að steikja beikon og borða það með spældu eggi suðu Rómverjar beikon, sem þeir kölluðu petaso, með fíkjum og brúnuðu síðan á pönnu og borðuðu með piparsósu.

Fyrstu hamborgararnir með beikoni komu á markað um 1960. Árið 2007 var sett á markað vodka með beikonbragði og er það sagt fyrirtak sem grunnhráefni í kokteila fyrir staðfastar kjötætur. Sama ár voru settar á markað ýmsar aðrar vörur með beikonbragði, eins og beikonsalt, beikonsleipiefni, beikonvarasalvi, súkkulaði og ís svo fátt eitt sé nefnt. Svo er hægt að fá beikonilmssvitalyktaeyði, beikonrakspíra og beikonlyktarspjöld. Einnig má geta þess að leikarinn Kevin Bacon er fæddur árið 1958.

Beikonilmur til að eyða svitalykt.

Beikon á Íslandi

Smekkur fyrir beikoni er misjafn. Sumir vilja sitt beikon örþunnt og svo vel steikt að það hrekkur í sundur en aðrir kjósa þykkari sneiðar og beikonið mýkra undir tönn. Ekki eru allir heldur sammála um hvernig er best að steikja beikon og hvort best er að gera það á pönnu, í ofni eða að öbba það.

Hollusta beikons hefur lengi verið á milli tannanna á fólki og án efa rétt að beikon er ekki heilsufæða og margir sem láta það ekki inn fyrir sínar varir. Aðrir kjósa að neyta þess í hófi og jafnvel til hátíðabrigða.

Árið 1958 auglýsir verslunin Borg í Framsóknarblaðinu Allt, sem fáanlegt er í matvöru á sama stað og er þar á meðal að finna mör í plastpokum, beikon, súrhval, niðursoðna og þurrkaða ávexti, sígarettur og vindla. Auk þess sem bent er á að gufustraujárnin séu komin aftur.

Ári síðar, 1959, er frétt á baksíðu Tímans með fyrirsögninni Svínasíður vantar eiganda. *„18 svínasíður, beikon hver síða 8-9 pund, eru nú í vörzlu sakadómaraembættisins í Reykjavík. Þessir gómsætu bitar fundust rétt fyrir jólin í tveim trékössum á Stapanum á Reykjanesi rétt við veginn. Finnandinn kom þessu í kæligeymslu og hefir lítinn áhuga sýnt á að hafa uppi á eiganda. Tilfellið flokkast undir ólöglega meðferð á fundnum verðmætum. Eftirlitsmenn frá borgarlækni komu auga á þetta í kæligeymslunni, og sjá, þar var amerískur stimpill.“*

Á Íslandi eins og víða annars staðar um heim hafa verið haldnar beikonhátíðir, sem hafa það að markmiði að kynna beikon fyrir almenningi og auka vinsældir þess.

Beikon í uppskriftum var vinsælt efni í fjölmiðlum upp úr 1970 og hefur verið það síðan þá.

Vodki með beikonbragði.

Árið 2018 var staddur hér á landi í tengslum við beikonhátíð beikontrúboðinn John Whitteside en hann er jafnframt stofnandi beikonkirkjunnar, United Church of Bacon, árið 2010 og telur yfir 25 þúsund meðlimi. Samkvæmt fjórða boðorði kirkjunnar eiga meðlimir hennar að njóta lífsins, skemmta sér og vera óhrædd við að gera grín að sjálfum sér og muna að **Guð er ekki beikon.**

Blóð-María með beikon.

MENNTUN & RANNSÓKNIR

Sýningarreitir á Hvolsvelli

Fyrir framan verslun SS á Hvolsvelli á vegum búvörudeildar SS má nú sjá 36 tilraunareiti sem sýna áhrif mismunandi áburðarskammta á korn og hafra.

„Til að athuga hvort sýrustigið sé ákjósanlegt, þá var tekið jarðvegssýni úr reitunum í vor. Mikilvægt er að sýrustigið sé á bilinu pH 6-6,5 svo að upptaka næringarefna verði sem best. Æskilegt sýrustig fyrir bygg er á bilinu pH 6,0-6,5 og fyrir hafra pH 5,8-6,3,“ segir í tilkynningu frá Sláturfélagi Suðurlands. Sáð var byggi í 30 reiti en notuð voru tveggja raða yrkin Kría, Anneli og Filippa og sex raða yrkin Smyrill og Aukusti.

Einnig var sáð í sex reiti af höfrum með yrkinu Niklas.

„Allir reitirnir fengu 70 kg/ha af köfnunarefni en mismunandi magn af fosfór og kalí. Allur áburður sem var notaður er frá Yara,“ segir jafnframt í tilkynningunni en reitirnir eru vel merktir fyrir gesti og gangandi á svæðinu. */ghp*

Lokaverkefni í búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands:

Hagnýtur upplýsingavefur fyrir viðskipti með líflömb

Sara María Ásgeirsdóttir, nemi á öðru ári í búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, vann lokaverkefni sem fólst í því að búa til vef með yfirliti yfir þau sauðfjárbú sem hafa leyfi til að selja líflömb.

Þar koma einnig fram ýmsar upplýsingar fyrir hvert og eitt; til dæmis sláturupplýsingar síðasta árs, gerð, fita og fallþungi – og útlitseinkenni fjárins.

Sara María Ásgeirsdóttir. Mynd / Aðsend

Vantar fleiri bú

Sara segist vonast eftir að fleiri bú komi inn í verkefnið, en könnun sem hún gerði áður en hún hóf vinnu við það gaf til kynna að bændur væru áhugasamir.

„Áður en ég byrjaði að vinna í þessu setti ég inn könnun inn á Facebook-hóp fyrir sauðfjárbændur til að athuga áhugann fyrir svona vef. Viðbrögðin voru þó nokkur og svöruðu þar um 30 sölubændur sem sögðust hafa áhuga á að taka þátt og rúmlega 170 kaupendur.

Þrátt fyrir þennan áhuga hafa einungis 11 bændur sent mér upplýsingar og vilja taka þátt, þannig að eftir eru 126 söluaðilar sem ekki hafa haft samband.“

Tímafrekt að afla sér upplýsinga

Alls hafa 137 bú í fjórum sauðfjárveikihólfum leyfi til sölu á líflömbum í dag, samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun.

Að sögn Söru segir það sig sjálft að fyrir þá sem þekkja lítið til slíkra viðskipta, tekur talsverðan tíma að afla sér upplýsinga um búin með því að hafa samband við hvert og eitt – og það sé einmitt kveikjan að verkefninu.

Slík var einmitt raunin með hana og mann hennar, Gest Má Þorsteinsson, þegar þau tóku við sauðfjárbúi foreldra hennar á Hóli í Lýtingsstaðahreppi árið 2018.

Hólf 3, 5, 14 og 19 eru þau hólf sem geta sótt um líflambasöluleyfi hjá MAST.

Nýtt blóð í stofninn

„Okkur langaði til að koma með nýtt blóð inn í stofninn og kynbæta eftir okkar sérvisku. Þá komst ég að því að einu upplýsingarnar sem hægt var að nálgast um sölubúin voru einungis nöfn bændanna og heimilisfang og svo ýmist símanúmer eða netfang til að hafa samband.

Þá kviknaði sú hugmynd hjá mér að hafa þetta allt aðgengilegt á einni heimasíðu þar sem væri hægt að kynna sér búin og hafa svo samband við bændurna í framhaldi ef áhugi er fyrir að kaupa,“ segir Sara.

Verkefnið hafi aðallega falist í því að hafa samband við alla bændurna sem eru með söluleyfi og bjóða þeim þátttöku.

„Sendur var tölvupóstur á alla á listanum, sett innlegg inn á Facebook-hópa fyrir sauðfjárbændur og einnig fóru nokkrar kvöldstundir í að hringja í bændur af listanum. Það sem bændurnir þurftu að gera til að taka þátt var að senda mér þær upplýsingar í tölvupósti sem þeir vildu hafa á síðunni um sín bú og ég sá svo um að færa þær inn á heimasíðuna.“

Sláturupplýsingar og lífdómar

Hjá hverju búi eru, sem fyrr segir, ýmsar hagnýtar upplýsingar við val á líflömbum, eins og sláturupplýsingar síðasta árs, gerð, fita og fallþungi.

„Einnig er talsvert um að meðaltal lífdóma síðasta árs sé tilgreint, hvort stofninn sé hyrntur eða kollóttur, litafjölbreytileiki og svo eru nokkrir sem létu vel valdar myndir fylgja með sem gerir þetta enn þá skemmtilegra,“ segir Sara, sem sá sjálf um að hanna og setja vefinn upp.

Vefurinn aðgengilegur öllum

Vefurinn er í rauninni klár og er aðgengilegur öllum á liflomb.123.is. En ekkert mál er að bæta við búum og þurfa bændur þá einungis að setja sig í samband við mig og óska eftir því. Bæjunum sem hafa fallist á þátttöku er skipt niður á varnarhólfin sem þau eru í. „Þegar upplýsingarnar eru orðnar svona aðgengilegar og allar á sama stað, ímynda ég mér að kaupendur eigi auðveldara með að taka ákvörðun um hvar þeir vilji versla sér líflömb eftir því hvað þeir vilja kynbæta og leggja áherslur á í sínum stofni, til dæmis gerð, frjósemi, liti, hornafar og svo framvegis.“ */smh*

Bændasamtök Íslands
starfa í þágu landbúnaðarins í heild !

➜ Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu samkvæmt framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu.

➜ Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum
Snúum bökum saman og stöndum vörð um íslenskan landbúnað

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á gudrunbirna@bondi.is.

LÍF & STARF

Saga verðlaunagripsins nær aftur til ársins 1944 þegar fyrsta gæðingakeppni var haldin. Mynd / Aðsend

Gnúpverjahreppur:

Hreppasvipan lögð á hilluna

– Elsti verðlaunagripur hestaíþróttarinnar

Fyrstu heimildir um gæðingakeppni í hestaíþróttum er frá keppni í Gnúpverjahreppi í ágúst 1944, en keppnin fór fram við Sandlækjarós. Á þessum kappreiðum var veittur sérstakur verðlaunagripur, Hreppasvipan, en heimildir herma að þetta sé elsti verðlaunagripur sem veittur er á hestaþingum hérlendis.

Þegar veðmálin lögðust af voru til hestaáhugamenn sem þóttu mótin fremur einhæf og ekki eins skemmtileg. Sveinn Sveinsson á Hrafnkelsstöðum og Einar Gestsson á Hæli vildu gera tilraun til að glæða áhuga á hestaíþróttinni og ákváðu að halda hestaþing við Sandlækjarós þar sem í fyrsta skipti var boðið upp á grein sem átti að sýna frekar gangfegurð og gæðingsfas heldur en spretthraða. Þarna var lagður grunnurinn að gæðingakeppni eins og við þekkjum hana í dag.

Hreppasvipan var veitt í fyrsta skiptið á þessu móti og er svipan farandgripur. Hugmyndin að þessum grip er komin frá Eiríki Einarssyni frá Hæli og um 70 öðrum brottfluttum Hreppamönnum. Þessir gömlu hestastrákar fengu veður af því að stofna ætti hestamannafélag í Hreppnum og tóku sig til og létu smíða veglega svipu.

Svipan var veitt á þessu móti en ári síðar var stofnað hestamannafélag Hreppanna. Svipan er silfurbúin og var nafninu *Hreppasvipan* smellt á stéttina í gullstöfum. Svipunni fylgdi bréf þar sem útlistaðar voru reglur varðandi gripinn og hvernig skyldi standa að vali á handhafa hennar. Reglurnar voru mjög rúmar en svipuna átti að veita þeim hesti sem talið var, að mati dómnefndar, búa yfir mestu gæðingskostunum. Allar götur síðan hefur svipan verið veitt hæstdæmda alhliða gæðingi félagsmanns.

Gulltoppur hinn vakri

Fyrsti handhafi hreppasvipunnar var Gulltoppur Jóns Ólafssonar í Eystra-Geldingaholti, en hann hlaut einróma lof dómara, sem voru þeir Gunnar Bjarnason ráðunautur, Ásgeir Jónsson frá Gottorp og Björn Gunnlaugsson, formaður Fáks.

Í bókinni *Fákur – Þættir um hesta, menn og kappreiðar*, sem kom út árið 1949, er sagt frá þessum kappreiðum og er Gulltoppi þar lýst:

Síðasti handhafi svipunnar er Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk, en knapi á honum var Kristín Magnúsdóttir. Mynd / Bára Másdóttir

„Vakur í bezta lagi, hefir fjölbreytni í gangi og gangmýkt, prýðilegt fjör, gæfa lund, og virðist vera mjög vel taminn. Allur er hann hinn reiðhestslegasti.“

Til gamans má geta að þar er einnig tekið fram að Gulltoppur var sá eini í hópi skeiðhesta sem rann sprettfærið á kostum og að veitt voru 150 kr. í verðlaunafé. Gulltoppur átti eftir að hljóta þann heiður að verða handhafi Hreppasvipunnar alls sex sinnum en þar á eftir var Blær Hermanns í Langholtskoti handhafi hennar fjórum sinnum og Þytur Sigfúsar í Vestra-Geldingaholti þrisvar sinnum.

Ári eftir að hestamannafélag Hreppanna var stofnað bættust Skeiðamenn í hópinn og var nafni félagsins breytt í hestamannafélagið Smára. Síðasta sumar, 2021, samþykktu Smáramenn að sameinast hestamannafélögunum Loga í Biskupstungum og Trausta í Laugardal í eitt félag, sem nú hefur hlotið nafnið Jökull.

Ákveðið var að hætta að veita svipuna og verður hún geymd til sýnis hjá hestamannafélaginu. Síðasti handhafi svipunnar er því Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk, en knapi á honum var Kristín Magnúsdóttir. /HF

HECHT 59399
Rafmagnsfjórhjólin komin aftur!

HECHT COCIS Rafmagnsbifhjól
Drægni 60 - 120 km.
Götuskráð. Verð 249.000 kr.

HECHT 2636 Vélhjólbörur
Verð 405.480 með vsk

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

KORNHORN

Myndirnar sýna hveiti á Hvanneyri haustið 2021, vorhveiti enn þá grænt og farið er að snjóa.

Hveitirækt og kynbætur

Hveiti er ræktað hér á landi í fáum hekturum. En talsverðir möguleikar eru á ræktun þess hér á landi og kornið getur verið mikils virði í fóðureiningum fyrir ýmsar skepnur, svo ekki sé minnst á mögulegan virðisauka til manneldis.

Hveiti, eins og margar aðrar korntegundir, skiptist í tvo flokka, vetrar- og vorafbrigði. Vetrarhveiti er sáð síðsumars, það spírar og ætti að mynda nokkurn svörð, svo yfirvetrar það, en skríður og myndar korn árið eftir. Vorafbrigði skríða á sáðárinu. Lifi vetrarhveitið af íslenskan vetur mun það alla jafna þroska korn, en vorhveitið ekki nema í allra bestu árum. Ræktun vetrarhveitis tekur því tvö ræktunartímabil en hafi bændur jarðnæði er það ekki þröskuldur. Auk þess er það hentugt að plægja upp tún eftir slátt um mitt sumar þegar jarðvegurinn er sannarlega tilbúinn og háannatími vorsins liðinn.

Niðurstöður rannsókna hér á landi sýna að vetrarhveiti getur skilað mikilli uppskeru, og af talsverðum gæðum. En það á til að verða hávaxið og leggjast flatt við jörð þegar kemur að því að þreskja. Að auki getur það misst korn úr axi í haustlægðum.

Eigi ræktun vetrarhveitis að vera möguleg á Íslandi, þurfa bændum að standa til boða yrki sem standa af sér haustveður, sem og lifa af hin ýmsu vetrarskilyrði. Að stytta strá korntegunda í alþjóðlegu kynbótastarfi var liður í að auka nýtingu næringarefna, þ.e. að plantan verji uppteknum áburðararefnum og ljóstillífunarafurðum sínum í kornið en ekki í stráið. Það er einnig ljóst að á Íslandi er styttra og sterkara strá ekki síður mikilvægt til að tryggja að uppskera hverfi ekki í jörðu fyrir þreskingu að hausti, og á því sviði má gera enn betur.

Alþjóðlegar kynbætur á yrkjum vetrarhveitis hafa víða tekið mið af frostþoli sem lykilþátt í vetrarlifun yrkjanna. Erfðamengisrannsóknir hafa greint frá genum sem tengjast frostþoli sem hefur sýnt sterka fylgni við þurrkþol hveitis, og hefur verið talið stjórnað af sömu erfðavísum. Enda hvoru tveggja aðstæður sem hafa veruleg áhrif á vatnsbúskap plantna. Svellkal, sem er einn stærsti vetrarskaðvaldurinn hér á landi, virðist hins vegar hafa setið á hakanum þegar kemur

Vetrarhveitið þroskað og uppskorið tímanlega.

að alþjóðlegum rannsóknum á vetrarlifun vetrarhveitis, enda verður svellkal til við afar sértækar ræktunaraðstæður; þar sem skiptast ört á frost og þíða, líkt og þekkist á norðlægum strandsvæðum. Þol gagnvart svellkali hefur ekki reiknast með fylgni við aðra vetrarþolsþætti í nytjajurtum, enda raskar svellkalið mun fremur loftskiptum plantna heldur en vatnsbúskap. Leiðir það svo til, að þol gagnvart svellkali ætti að gefa sérstakan gaum við yrkjakynbætur vetrarhveitis, en slík áhersla gæti gefið íslensku rannsóknarstarfi á sviðum plöntukynbóta þónokkra sérstöðu. Umhleypingasamir vetur geta einnig farið illa með vetrarlifun hveitisins. Það getur farið af stað of snemma í hlýjum köflum síðvetrar. Frostlyfting getur einnig grandað plöntum ef þær rótaslitna.

Þegar kemur að kornþroska, standa Íslendingar jafnan frammi fyrir óhefðbundnum aðstæðum ef litið er til nágrannaþjóða. Vegna haustveðra og svalara vaxtartímabils, vilja íslenskir bændur sjá fljótþroska yrki, sem tilbúin eru til þreskingar sem fyrst, en víða erlendis er tímabilið sem plantan fyllir kornið hlýrra, og því ekki sérstök áhersla á að stytta kornfyllingartímabilið, en rannsóknir hafa sýnt fram á að lengra kornfyllingartímabil geti skilað sér í auknu próteininnihaldi hveitis, upp að vissu marki. Það eru því ærin verkefni hérlendis til að kynbæta yrki sem ná fljótt þroska, án þess að það komi niður á gæðum afurðarinnar. Það er ekki eftir neinu að bíða en að hefjast strax handa.

Anna Guðrún Þórðardóttir,
mastersnemi í kynbótum &
Hrannar Smári Hilmarsson,
tilraunastjóri í jarðrækt

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LESENDARÝNI

Í Grasagarði Reykjavíkur eru sérstakir bekkir til að tylla sér og fylgjast með grímublómunum. Fyrir vikið flokka ég þau með íslensku sviðslistafólki.

Penstemon hartwegii er dæmi um þær grímur sem heppilegar eru sem sumarblóm. Lögun blómanna svipar um margt til ættingjanna innan ættkvíslar fingurbjargarblóma.

Lögun grímublóma er oft mjög skemmtileg. Hér sjáum við blóm af Penstemon lyallii í Grasagarði Reykjavíkur.

Grímulaus í sumar?

Árið er 2020. Kristbjörg Kjeld hlýtur Grímuna sem leikkona ársins í aukahlutverki. Þjóðin verður öll svo uppnumin að flestir ganga með grímu henni til heiðurs næstu árin.

Svo mikið æði rann yfir þjóðina, að sjá mátti einnota grímur liggjandi á götum hér og þar. Vafalítið verið kastað upp í loft með táknrænum hætti í fagnaðarlátum.

Fram að þessu höfðu slíkar grímur helst verið notaðar af þeim sem ráðast á neglur kvenna með slípirokk eða hafa áhyggjur af öndunarfærunum. Í garðvinnu væri oft óvitlaust að klæðast slíkri andlitsskýlu, en þó er það sjaldgæf sjón að sjá okkur vesenast í garðinum falin bak við grímu. Hönskunum munum við oft eftir, en af hverju ekki grímum? Hugmynd svo maður ofkæli sig nú ekki á degi nakta garðyrkjumannsins: hylja öndunarfærin.

Eru þetta grímulausir garðar, Garðar?

Nafnið Grímur bera fleiri en kokkurinn með plokkarann. Það finnst jú meðal íslenskra plöntuheita og vísar oftast til tegunda innan ættkvíslarinnar Penstemon.

Hátt í 300 tegundir finnast af grímublómum auk mikils fjölda blendinga og því um þó nokkra fjölbreytni að ræða. Þær geta verið frá örfáum sentimetrum að hæð upp í nokkra metra. Á ensku kallast þær „beardtongues“, eða lauslega þýtt: skeggtungur. Nafnið vísar til þess að það er líkt og hver blómklukka sé með tungu og sú tunga er oft hárug.

Ættkvíslarheitið Penstemon vísar svo til þess að blómin bera fimm fræfla.

Akurgríma (*P. digitalis*), runnagríma (*P. fruticosus*), kampagríma (*P. whippleanus*) og rósagríma (*P. rupicola*) eru meðal þeirra sem sést hafa hér á landi. Skyldleiki er ekki mikill við ættkvíslina Parthenocissus, annars væri ég löngu búinn að rækta blending af ráðhúsvíni (*Parthenocissus tricuspidata*) og kampagrímu (*Penstemon whippleanus*) til þess eins að geta nefnt hann kampavín.

Meiri er þó skyldleiki þeirra með fingurbjargarblómum (*Digitalis*) og ljónsmunna (*Antirrhinum*)

Kristján Friðbertsson.

og má því stundum finna viss líkindi með blómstrum þeirra og grímanna. Fjöldi grímuplantna í görðum á Íslandi virðist þó einungis agnarsmátt brot af þeim fjölda sem finnst af hinum tveimur.

Hin lágvöxnu munu erfa landið!

Ekki eru allar grímur skapaðar jafnar, sem getur skýrt fæð þeirra í íslenskum görðum. Þótt um sé að ræða fjölærar plöntur, eru ýmsar þeirra svo viðkvæmar að þær henta best sem forræktuð sumarblóm. Ellegar blómstra þær í besta falli í lok sumars og rótin drepst svo strax í fyrstu frostum. Þumalputtareglan er að flokka þær eftir stærð. Hávaxnar grímur þurfa almennt sem mesta sól, hlýju, þurran og oft næringarríkari jarðveg. Þær lágvaxnari standa sig betur þar sem hitasumman er lægri og jarðvegur örlítið rakari. Þarna skiptir kyn orða máli, því jarðvegurinn er svo sannarlega ekki örlítill rakari, snyrtandi hárin á skeggtungum. Frjósemi er þó ekki eins mikilvæg fyrir hina lágvöxnu. Túlki það hver með sínum hætti.

Margar grímur eiga það líka til að vera dyntóttar og skammlífar. Þó þær lágvaxnari séu harðari af sér, fer íslenska vetrarvætan oft illa í þær. Hér hentar því best að bjóða þeim upp á léttan, vel drenandi jarðveg, ekki verra ef hann er mjög söndugur.

Akurgríma þolir t.d. frost ágætlega ef rótin er ekki rennblaut allan veturinn og frostið fer ekki ítrekað niður fyrir 10 stig. Skammlífi plantnanna fer nefnilega oft eftir því hversu harður, sem og hversu blautur, veturinn var. Fjallagríma (*P. alpinus*) og dýjagríma (*P. serrulatus*) þola hins vegar nær 20 stiga frost. Það er því afar mikilvægt að velja vel, þegar grímu er bætt í garðinn.

Ullað í grímuna

Sums staðar eru grímur gróðursettar sérstaklega til að laða að kólibrífugla, þessa sætu, sérstöku, nettu litlu fugla. Slíkt þýðir þó lítið hér á landi, ef marka má mína reynslu hingað til, en vekur eina hugsun: Þessi ætt fugla „ullar“ víst 13 sinnum á sekúndu þegar hún sækir sér hunangslög úr blómum. Hversu margir sem gengu framhjá okkur með grímu, voru kannski að gera slíkt hið sama, án þess að við tækjum nokkurn tímann eftir því? Er kannski öruggast að ulla bara alltaf á alla sem við sjáum, svo við verðum nú ekki undir í ullinu?

Sjálfur er ég með handfylli af grímuplöntum í garðinum og reyni að ulla á sem flesta. Grasagarður Reykjavíkur gerir betur og er með hálfgert grímuball fagurra Penstemontegunda, en starfsfólkið hef ég ekki enn séð ulla. Með stöku undantekningum.

Fleiri grímur í garðinn?

Hvað gerist í framtíðinni? Íslendingar búa við eitt minnsta magn svifryks í heimi, en samt koma dagar þar sem við sláum öll met í hina áttina og sumar grímur geta hjálpað til þar. Kannski verðum við duglegri að nýta grímurnar þegar við umpottum og gróðursetjum? Réttar grímur gætu forðað okkur frá moldarryki, sveppgróum, varnarefnum o.fl. sem fylgt geta plöntum, blómlaukum og jarðvegi. Svo ekki sé minnst á eldfjallaösku sem blæs yfir byggðir frá gróðurlitlum svæðum. Landið fýkur burt, en sem betur fer náum við að grípa eitthvað af því með hárinu, fötunum, húsveggjum og jafnvel grímum.

Smáa letrið – viðvörun!

Íslensk sviðslistaverðlaun eru engin sérstök vörn gegn ryki eða veikindum. Andlitsgrímur sinna því hlutverki betur. Hins vegar geta grímublómin hjálpað til í baráttunni gegn hversdagsleikanum og lyft upp munnvikum svo á manni myndast bros. Að brosa alla leið frá hjartanu og fram í andlit gerir oft daginn töluvert betri og hjálpar hið minnsta andlegu heilsunni. Sama hvort brosið er falið bak við andlitsgrímu eður ei.

Kristján Friðbertsson.

Alþjóðlegu landbúnaðarsýningarnar snúa aftur

Eins og flestir kannast við þá var hætt við helstu mannamót víða um heim þegar Covid-19 breiddist út og það átti svo sannarlega líka við um landbúnaðarsýningar í Evrópu.

Nú snúa hins vegar aftur tvær af þeim þekktari á meðal íslenskra bænda, þ.e. EuroTier í Þýskalandi og Agromek í Danmörku. Sú fyrrnefnda verður haldin á sínum stað, í Hanover, dagana 15. til 18. nóvember nk. og Agromek sýningin, sem haldin er í Herning á Jótlandi, verður haldin 29. nóvember til 2. desember nk. Nú þegar eru helstu véla- og tækjaframleiðendur innan landbúnaðar búnir að tilkynna þátttöku sína á þessum frægu sýningum sem er einkar góðs viti, en báðar þessar sýningar, sem venjulega eru haldnar annað hvert ár, hafa ekki verið haldnar í fjögur ár eða síðan árið 2018. Reiknað er með að hina þýsku EuroTier sýningu muni um 150–200.000 manns sækja og að um 40–50.000 gestir mæti á Agromek.

/SNS

Kalla eftir þátttöku á Terra Madre Nordic

Slow Food hreyfingin á Norðurlöndunum mun halda matarhátíðina Terra Madre Nordic 1.–3. september nk. í Stokkhólmi, í samvinnu við Eldrimner, sem eru þarlend samtök smáframleiðenda.

Samtök smáframleiðenda matvæla kalla eftir þátttöku félagsmanna á hátíðinni.

Á Terra Madre Nordic felst dagskráin í málstofum, vinnusmiðjum, smökkunum og uppákomum á svæðinu.

Samhliða þeirri matarhátíð verður keppt í matarhandverki á viðburðinum Nordic Artisan Food Awards, sem er óformleg Norðurlandakeppni.

Terra Madre á Norðurlöndunum ber svipmót alþjóðlegu Terra Madre hátíðarinnar sem haldin er í Tórínó á Ítalíu annað hvert haust. Síðast voru slíkar hátíðir haldnar árið 2018, en féllu niður árið 2020 vegna Covid-19-faraldursins.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum smáframleiðenda matvæla stendur Íslendingum til boða að taka þátt í nokkrum viðburðum hátíðarinnar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Slow Food á Íslandi fyrir nánari upplýsingar. */smh*

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Aðgerða er þörf til að treysta fæðuöryggi

Síðustu mánuði hefur verið sívaxandi umræða um áhrif stríðsreksturs Rússa í Úkraínu á fæðuöryggi í heiminum. Staðan er grafalvarleg, tugmilljónir tonna af kornvöru frá síðasta uppskeruári sitja í korngeymslum í Úkraínu.

Ógjörningur er að flytja þær sjóleiðina þar sem Rússar hafa tekið þá ákvörðun að ætla að beita hungrinu sem vopni gegn heiminum öllum. Þó að aðgerðir séu í gangi á landamærum Úkraínu sem snúa að Evrópu til að greiða fyrir flutningum á landi er ljóst að viðvarandi rask verður næstu misseri á matvælamörkuðum.

Svandís Svavarsdóttir.

Margir bera ábyrgð á virðiskeðju matar

Sú nöturlega staðreynd blasir við að samkvæmt mati Alþjóðabankans þýðir hvert prósentustig hækkunar matvæla það að tíu milljónir manna víðs vegar um heim sogast niður í sárafátækt þar sem þau eiga vart til hnífs og skeiðar. Þannig hefur framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lýst því yfir að þótt á þessu ári við munum aðallega glíma við afleiðingar hás matvælaverðs kunni svo að fara að á næsta ári verði áskorunin að það verði til nógur matur. Það þýðir að allir bera ábyrgð sem geta framleitt mat.

Það bera margir ábyrgð í þeirri virðiskeðju sem er frá haga til maga. Stjórnvöld, afurðastöðvar, bændur og verslun taka öll ákvarðanir sem skipta máli, um það rekstrarumhverfi sem er í landbúnaði. Hér á landi höfum við að langmestu leyti verið sjálfum okkur nóg um kjöt.

Vegna viðskiptasamninga sem gerðir voru við Evrópusambandið hefur þó verið vaxandi innflutningur á tilteknum tegundum í takti við aukna eftirspurn hérlendis, bæði vegna fólksfjölgunar og þeim mikla fjölda ferðamanna sem hingað hafa komið á síðustu árum, ef frá eru talin Covid-árin. En nú eru blikur á lofti. Vegna þeirra miklu aðfangaverðshækkana sem orðið hafa vegna stríðsins í Úkraínu sjáum við þess merki að framleiðsla komi til með að dragast saman. Þetta kemur fram í samtölum við fjölda bænda, við sjáum tölur um fjölda nautgripa og heyrum áform um fækkun í sauðfjárrækt.

Enda er ekki hægt að ætlast til þess að bændur framleiði vörur með tapi án þess að það sé ljós við enda ganganna.

Unnið er að aðgerðum

Af þeim sökum var tilkynnt um það á föstudaginn var, að vinna í svokölluðum spretthópi hæfist í þessari viku. Hópnum er gert að vinna hratt og skila tillögum þann 16. júní næstkomandi. Hlutverk hópsins er að fara yfir þau gögn sem ráðuneyti mitt hefur safnað undanfarna mánuði og fara yfir þá valkosti sem eru til staðar til að bregðast við stöðunni. Þær aðgerðir koma ekki til framkvæmda tafarlaust, enda þurfa þær að fara sína leið í gegnum stjórnsýsluna og fyrir þeim þurfa að vera heimildir í fjárlögum.

Þó að það séu tímabundnar áskoranir sem leiða af því fordæmalausa ástandi að stríð geisar í Evrópu þá er framtíð landbúnaðar á Íslandi björt. Hér er landnæðið, orkan, vatnið, mannauðurinn og þekkingin til þess að framleiða stærri hluta þeirra matvæla sem við þörfnumst. Ástandið þessi misserin kennir okkur það að við getum ekki reitt okkur á hnökralausa afhendingu þess sem við þurfum af heimsmarkaði. Við þurfum og eigum að auka fæðuöryggi til lengri tíma með því að efla innlenda akuryrkju samhliða því að við grípum til tímabundinna aðgerða til að viðhalda framleiðsluvilja í kjötframleiðslu. Ef við sameinumst um það að leysa mál en togast ekki á um stórt og smátt þá munum við geta haldið áfram veginn í þágu fæðuöryggis.

En ef við gerum ekkert þá er á því hætta að okkur reki af leið fæðuöryggis og árangurs inn á leið stöðnunar sem endar með afturför. Landbúnaðurinn er of mikilvægur til þess að vera í vörn. Hann getur verið í sókn og á að vera það!

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Aukin ökuréttindi

Næstu námskeið

Fjarnám í rauntíma
16. ágúst

Hraðnámskeið - staðnám
25. ágúst

Menntun ökumanna er okkar fag

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

11. júní - 09:00 - 16:00
13. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 1
14. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 2
20. júní - 17:00 - 20:00 - hluti 1
20. júní - 17:00 - 21:00 - hluti 2
22. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 1
23. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 2
25. júní - 09:00 - 16:00
27. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 1
28. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 2
29. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 1
30. júní - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Mynd / Sigtryggur Veigar Herbertsson

Þróun fjósbygginga og mjaltatækni:

Eitt fjós eftir á landinu með vélfötukerfi

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Árið 2003 hóf Landssamband kúabænda að taka saman upplýsingar um fjósgerðir á Íslandi og þróun þeirra ásamt ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum. Þetta hefur síðan verið gert u.þ.b. annað hvert ár og nú liggur fyrir tíunda skýrslan og tekur hún til árabilsins 2019-2021.

Margt afar áhugavert kemur fram í þessari skýrslu og m.a. að 63,5% fjósa landsins eru nú lausagöngufjós og að 77,6% kúnna á Íslandi eru nú í lausagöngu. Hlutfall mjólkur frá kúm í lausagöngu reiknast nú 80,1% framleiðslunnar. Þá vekur athygli að þrátt fyrir mikinn framgang mjaltaþjónatækninnar þá er enn eitt fjós á landinu sem notast við fötukerfi við mjaltir.

513 fjós í framleiðslu

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2021 voru 513 fjós í mjólkurframleiðslu á Íslandi en haustið 2011 voru þau 659 og hefur fjósum því fækkað um 146 á síðasta áratug, eða um 22%. Þessi þróun er mjög svipuð því sem verið hefur hér á landi síðustu tvo áratugina.

Ef litið er til þróunarinnar síðustu tvö ár þá hefur fjósum hér á landi fækkað um 29, eða 5,4%. Þessi þróun hér á landi er afar áþekk þeirri þróun sem á sér stað um alla Evrópu, þar sem fjósum hefur verið að fækka um 4-8% á ári. Þrátt fyrir fækkun fjósa á hverju ári bæði á Íslandi og í Evrópu hefur heildar mjólkurframleiðslan ekki dregist saman enda hafa eigendur þeirra fjósa sem eftir standa stækkað þau.

78% kúnna í lausagöngu

Undanfarna áratugi hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á húsvist íslenskra mjólkurkúa og ekki eru nema rétt rúm 20 ár síðan nærri öll fjós landsins voru básafjós af einhverri gerð og kýrnar því bundnar á bása, en þetta er gjörbreytt í dag.

Af þeim 513 fjósum sem voru í framleiðslu í árslok 2021 þá voru eins og áður sagði 63,5% þeirra lausagöngufjós. Þetta hlutfall gefur þó ekki alveg rétta mynd af stöðu aðbúnaðar kúa á Íslandi því ef litið er til stærðar fjósanna þá eru lausagöngufjósin með mun fleiri kýr að jafnaði. Í árslok 2021 voru þannig 77,6% allra kúa á landinu í lausagöngufjósum en fyrir sex árum var þetta hlutfall 60,3%, svo breytingin er ansi hröð.

Á meðfylgjandi mynd hér að neðan, má sjá hvernig þróun fjósgerða hefur verið síðustu áratugi. Eins og sjá má gengu breytingarnar nokkuð hratt fyrir sig fram undir hrun en svo hægði verulega á þróuninni, sem hefur svo aftur tekið mikinn kipp síðustu árin.

Mjaltaþjónafjós algengust

Í skýrslunni er fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals fimm undirflokka þar sem yfirflokkarnir eru annars vegar básafjós og hins vegar lausagöngufjós.

Undirflokkar þessara tveggja megin fjósgerða taka svo mið af þeirri mjaltatækni sem er í notkun í fjósunum. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur fram að frá árinu 2011 hefur básafjósum fækkað verulega, úr 418 í 187, eða um 55%. Á sama tíma hefur lausagöngufjósum fjölgað úr 240 í 326 sem er rúmlega 36% aukning á liðnum áratug.



Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994-2021

Þegar sambærileg skýrsla var gefin út fyrir tveimur árum var það í fyrsta skipti sem básafjós með rörmjaltakerfi voru ekki lengur algengasta fjósgerðin á landinu síðan gagnasöfnun hófst. Þess í stað voru það mjaltaþjónafjósin sem voru algengasta fjósgerðin. Eins og við var að búast hefur þessi þróun haldið áfram og skilur enn meira að nú á milli þessara tveggja algengustu fjósgerða hér á landi.

Þannig voru um síðustu áramót 153 básafjós með rörmjaltakerfi eftir á landinu og hafði þeim fækkað um 15,9% frá árslokum 2019. Raunar fækkaði öllum fjósgerðum á þessu tímabili nema mjaltaþjónafjósum sem voru 243 um síðustu áramót og hafði þeim fjölgað um 12,5% á þessu tveggja ára tímabili sem skýrslugögnin ná til.

Eitt fjós eftir með vélfötukerfi

Þegar fyrsta skýrslan var unnin, árið 2003, voru enn í notkun 24 fötukerfi þ.e. mjaltakerfi þar sem kýr eru mjólkaðar með vélfötum. Þessari gerð mjaltatækni hefur svo fækkað ört og nú um áramótin var einungis 1 slíkt kerfi eftir í notkun.

Meðalnyt mjaltaþjónafjósa langhæst

Þegar skoðað er samhengi afurða, samkvæmt skýrsluhaldi RML, og fjósgerða kemur ekki á óvart að fjós með mjaltaþjónum eru langafurðahæst og er það í samræmi við uppgjör fyrri ára. Tekið skal fram að við þessa útreikninga er alltaf notað uppgjör allra búa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvort þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Þá koma sum bú ekki til uppgjörs vegna vanskila á skýrslum eða annarra óvissuþátta.

Þessi reikniaðferð ber auðvitað með sér ákveðna skekkju og skal því tekið með fyrirvara enda má t.d. ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltaþjónatækni vegna tíðari mjalta. Þrátt fyrir þessa annmarka er, eins og áður segir, heildarmeðaltal mjaltaþjónabúa landsins hæst en vegið meðaltal þeirra var 6.673 kg mjólkur að jafnaði á hverja árskú á nýliðnu ári. Næstafurðahæstu búin voru svo básafjós með mjaltabásum með 5.962 kg. Þá voru meðalafurðir kúa í lausagöngufjósum án mjaltaþjóna með 5.951 kg og lægstar meðalafurðir eru að jafnaði í básafjósum með rörmjaltakerfum, eða 5.518 kg.

Hver meðalkýr er því að skila af sér 1.155 kg meira af mjólk ef hún er í mjaltaþjónafjósi í stað þess að

Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, þróun í fjölda á landsvísu sl. 10 ár

	2011	2021	Breyting
Básafjós m. fötukerfum	9	1	-89%
Básafjós m. rörmjaltakerfum	343	153	-55%
Básafjós m. mjaltabásum	66	33	-50%
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	141	83	-41%
Lausagöngufjós m. mjaltaþjónum	99	243	145%
Annað	1	0	
Samtals	**659**	**513**	**-22%**

vera í básafjósi með rörmjaltakerfi. Þessi gríðarlega mikli munur getur skýrst af mörgum þáttum og sýna fyrri athuganir hér á landi að t.d. tíðari mjaltir mjaltaþjóna skýra í kringum helminginn af meðal afurðaaukningunni einni og sér.

Hinn hlutann má skrifa á betri aðbúnað og hreyfingu, nákvæmari kjarnfóðrun og almennt betri búnaðar til bættrar bústjórnar á búum sem nota sjálfvirk mjaltakerfi.

Mjaltaþjónafjós einnig stærst

Ekki þarf að koma á óvart að lausagöngufjós með mjaltaþjónum eru stærst að meðaltali en árskúafjöldi þeirra í árslok 2021 var 65,1 kýr en þessi bú eru að jafnaði með 1,25 mjaltaþjóna. Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta mjaltatæknilega séð borið.

Næststærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltaþjóns og þar á eftir koma básafjós með mjaltabásum og hafa þessi bú einnig stækkað á undanförnum árum. Hin hefðbundnu básafjós með rörmjaltakerfum eru vel innan við helmingi minni en mjaltaþjónafjósin eins og sjá má á töflu 2.

Út frá framangreindum upplýsingum má áætla framleiðslugetu hverrar fjósgerðar, sem hlutfall af heild. Árið 2009 var fyrsta árið sem mjólk frá kúm í lausagöngu náði yfir 50% af heildinni en nú reiknast þetta hlutfall vera 77,6%.

Fimmtungur kúnna í fjósum með >80 kýr

Í skýrslunni kemur fram að flest fjós landsins eru í dag með 21-40 árskýr, eða 172 talsins, en fjós með færri en 20 árskýr voru ekki nema 33 í árslok 2021 og voru þau þá með 502 árskýr. Það eru færri árskýr en t.d. voru í þremur stærstu fjósum landsins, sem voru á sama tíma með 597 árskýr.

Tafla 2. Meðalfjöldi árskúa eftir fjósgerð og mjaltatækni.

	2021 Árskýr, meðaltal
Básafjós með rörmjaltakerfum	28,7
Básafjós með mjaltabásum	40,2
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	48,7
Lausagöngufjós með mjaltaþjónum	65,1

Meðalbústærð fjósanna í uppgjörinu var 49,9 árskýr en tveimur árum fyrr var meðalbústærðin 47,8 árskýr, sem er stækkun um 4,4%. Alls voru 205 kúabú með færri en 40 árskýr í þessu uppgjöri, eða 40% fjósa landsins, en í þessum 205 fjósum voru þó ekki nema 22,6% af árskúm landsins.

Bú á bilinu 40-80 árskýr voru alls 263 talsins, eða 51,3%, og í þessum fjósum voru 57,8% af árskúm landsins í árslok 2021.

Í árslok 2019 var þetta hlutfall nokkuð lægra, eða 55,5% árskúnna á landinu. Þá voru fjós með fleiri en 80 árskýr alls 45, eða 8,8% og hefur þetta hlutfall hægt og rólega verið að skríða upp á við á undanförnum árum.

Þannig voru t.d. ekki nema 3,8% fjósa landsins með fleiri en 80 árskýr árið 2013 svo dæmi sé tekið. Nærri fimmtungur árskúa landsins, eða 19,6%, voru í fjósum með fleiri en 80 árskýr í árslok 2021.

Þetta hlutfall er það sama og var í árslok 2019 sem bendir til þess að stækkun fjósa á landinu hafi fyrst og fremst orðið meðal fjósa á bilinu 40-80 árskýr.

Hlutfall aftakara hækkar hægt

Árið 2009 voru í fyrsta skipti teknar saman upplýsingar um vinnuléttandi tækni við mjaltir, þ.e. upplýsingar um brautakerfi í básafjósum, aftakarakerfi í básafjósum og tíðni aftakarakerfa í mjaltabásum.

Var þetta gert til þess að varpa betur ljósi á þær vinnuaðstæður sem kúabændur landsins búa við, enda er einn mesti vinnusparnaður við mjaltir talinn felast í aftakaratækninni. Á þeim 12 árum sem liðin eru hefur orðið mikil hlutfallsleg aukning á notkun tækninnar við mjaltir, bæði vegna nýfjárfestinga í tækninni, en einnig vegna úreldingar fjósa sem ekki höfðu þessa tækni.

Þannig mátti finna aftakara í 41,7% fjósa árið 2009 en nú í 53,3% allra fjósa þar sem hefðbundin mjaltatækni er notuð.

Þessari vinnuléttandi tækni fjölgar því afar hægt sem vekur nokkra furðu, enda fækkaði fjósum með þessa tækni um 28 á síðustu tveimur árum, en athygli vekur að hin notuðu tæki, sem þessi kúabú hafa hætt notkun á, virðist ekki skila sér í áframhaldandi notkun á öðrum búum. Í skýrslunni eru ýmsar aðrar upplýsingar en hér hafa verið nefndar, en hægt er að lesa hina ítarlegu skýrslu í heild sinni á vef Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is.



LSB

Stjórn og framkvæmdastjóri LSB. F.v.: Erna Bjarnadóttir, Guðrún Lárusdóttir varaformaður, Ólafur K. Ólafs framkvæmdastjóri, Guðbjörg Jónsdóttir og Skúli Bjarnason formaður. Mynd / Halldóra Ólafs

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda 2022:

Raunávöxtun 9,4% 2021

Á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda 3. júní 2022 var lögð fram ársskýrsla sjóðsins fyrir liðið ár og ársreikningur sjóðsins kynntur.

Fram kom í skýrslu stjórnar að heimsfaraldurinn Covid-19 hefur um tveggja ára skeið haft veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif á heimsvísu.

Áhrif heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi Lífeyrissjóðs bænda á árinu 2021 reyndust hins vegar óveruleg. Þrátt fyrir neikvæð áhrif á efnahags- og markaðsaðstæður, hefur ávöxtun Lífeyrissjóðs bænda undanfarin tvö ár verið ein sú hæsta í sögu sjóðsins.

Stöðugur vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 45,1 milljarði króna í árslok 2021, hækkaði um 4,7 milljarða króna frá fyrra ári eða um 11,7%. Hreinar fjárfestingartekjur námu sex milljörðum króna á móti 4,2 milljörðum króna árið áður. Rekstrarkostnaður lífeyrissjóðsins nam 139 m.kr. og er það nær óbreyttur kostnaður frá fyrra ári.

Hrein nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 14,7% sem samsvarar 9,4% raunávöxtun. Sambærilegar tölur fyrra árs voru 11,2% og 8,3%. Hrein árleg raunávöxtun síðustu fimm ára var 8,0% og síðustu 10 ára 5,9%

Lífeyrisgreiðslur námu 1.925 milljónum króna

Á árinu 2021 voru virkir sjóðfélagar 1.989, þ.e. þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samanlagðar iðgjaldagreiðslur námu 790 m.kr. á móti 837 m.kr. árið 2020, lækkuðu um 5,6%. Fjöldi þeirra sem eiga réttindi í sjóðnum var 10.829 í lok árs 2021 á móti 10.945 árið áður.

Á árinu fengu 4.494 lífeyrisþegar greiddan lífeyri. Meðaltal fjölda lífeyrisþega, sem fékk greiddan lífeyri á árinu, var 4.039 á móti 4.005 árið áður. Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.925 m.kr. á árinu 2021 á móti 1.804 m.kr. árið áður, sem er 6,7% hækkun frá fyrra ári.

Auknar skuldbindingar með nýju reiknilíkani

Fjármála- og efnahagsráðuneytið tilkynnti í desember 2021 að lífeyrissjóðum bæri að taka mið af nýju reiknilíkani FÍT (Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga) um lækkun aldursbundinnar dánartíðni þegar horft er til framtíðar, annaðhvort við uppgjör í lok árs 2021 eða 2022.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda ákvað að taka strax upp nýja reiknilíkanið miðað við uppgjör tryggingafræðilegrar stöðu í lok árs 2021.

Við mat á lífeyrisskuldbindingum verður því horft til væntrar þróunar lífaldurs í framtíðinni í stað þess að miða við reynslu liðinna ára. Umtalsverð hækkun verður á mati skuldbindinga hjá lífeyrissjóðum við notkun á nýju reiknilíkani fyrir lífslíkur þar sem gert er ráð fyrir lengri lífaldri frá því sem verið hefði með fyrri forsendum.

Tryggingafræðileg staða batnar

Metin hækkun áfallinna skuldbindinga hjá lífeyrissjóðum við upptöku nýs reiknilíkans er áætluð allt að 10% þar sem gert er ráð fyrir hærri lífaldri til framtíðar.

Mjög góð ávöxtun Lífeyrissjóðs bænda á árinu 2021 veldur því að þrátt fyrir forsendubreytingarnar með nýjum reiknigrunni, batnar tryggingafræðileg staða sjóðsins lítillega frá fyrra ári.

Heildarskuldbinding sjóðsins reiknast 3,2% umfram eignir og áfallin staða er jákvæð um 0,8% af skuldbindingum. Að óbreyttum forsendum hefði heildarstaða Lífeyrissjóðs bænda verið metin jákvæð um 3,4% af skuldbindingum og áfallin staða jákvæð um 7%.

Á ársfundinum voru kynntar mótvægisaðgerðir vegna nýja reiknilíkansins. Áunninn réttur verður óbreyttur.

Frjáls aðild að Lífeyrissjóði bænda

Lífeyrissjóður bænda er starfsgreinasjóður bænda.

Með niðurfellingu sérlaga um Lífeyrissjóð bænda 2018, geta allir launþegar gerst sjóðfélagar í sjóðnum og því er öllum launagreiðendum heimilt að greiða lífeyrisiðgjöld fyrir starfsmenn sína til sjóðsins.

Ólafur K. Ólafs.,
framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóðs bænda

Lely Center Ísland

Hestagerði

Fjórar slár
Staðlað efni
Allt galvaniserað
Sérhannað fyrir hesta

Reykjavík: Krókhálsi 5f – Sími 414 0000
Akureyri: Óðinsnesi 2 – Sími 464 8600

lci.is

LESENDARÝNI

Grafalvarleg staða kjötframleiðslu

Margt fellur með íslenskri kjötframleiðslu, landgæði, vatn, skilningur neytenda á hreinleika og heilnæmi vörunnar og metnaður þeirra sem framleiðsluna stunda.

Það eru hins vegar í núverandi umhverfi verulega ógnanir við þennan grunnatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnað. Þessar ógnanir eru ekki bara ógn við landbúnaðinn sem atvinnugrein heldur ógn við fæðuöryggi þjóðarinnar og sjálfbærni. Hækkanir á aðföngum hafa verið fordæmalausar á sama tíma og vaxtastig er í íþyngjandi hæðum. Nú er svo komið að róttækar breytingar verða að eiga sér stað svo bændur geti haldið áfram sinni starfsemi.

Fram hefur komið opinberlega, m.a. í skýrslum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), að framleiðslukostnaður hefur verið umfram tekjur af framleiðslunni að teknu tilliti til stuðnings í gegnum búvörusamninga. Varðandi nautakjöt kemur fram í skýrslu frá því í júní 2021 að meðal EBITDA framleiðenda dugði ekki fyrir meðal afskriftum og fjármagnsliðum árið 2019 og staðan nú er enn alvarlegri þar sem afurðaverðshækkanir hafa ekki fylgt aðfangahækkunum.

Sauðfjárræktin hefur átt við mikla erfiðleika að etja undanfarin ár og útreikningar bæði RML og Bændasamtaka Íslands, sem meðal annars hafa verið kynntir á opnum fundum og skýrslum (RML 2021), leiða fram að afkoman var ósjálfbær fyrir þær kostnaðarverðshækkanir sem nú ríða yfir. Sama gildir um svínakjötsframleiðslu og alifugla þar

Ágúst Torfi Hauksson.

sem fóðurkostnaður er langstærsti kostnaðarliðurinn, þar hefur hallað mjög á ógæfuhliðina samhliða aðfangahækkunum undanfarin misseri.

Staða kjötgreinanna er alvarleg og auka verður tekjur bænda ef forsvaranlegt á að vera að halda framleiðslu áfram og tryggja þannig fæðuöryggi, byggðafestu og lágmarksafkomu framleiðenda. Þær hækkanir sem nauðsynlegar eru til að mæta brýnni þörf eru taldar í tugum prósenta í öllum kjötgreinum.

Afkoma afurðastöðva hefur verið með þeim hætti undanfarin ár, eins og sést meðal annars í skýrslum sem unnar hafa verið fyrir ráðuneyti landbúnaðarmála, sú nýjasta unnin af Deloitte og gefin út 6. apríl 2021, að þar er af litlu að taka. Það blasir því við að eigi bændur að geta haldið framleiðslu áfram mun það skila sér að óbreyttu í verulegum hækkunum á kjötafurðum til neytenda.

Á undanförnum árum, þegar eitthvað hefur bjátað á í landbúnaði, t.d. hrun á erlendum mörkuðum fyrir bæði kjöt og aukaafurðir, heimsfaraldur, áburðarverðshækkanir og fleira, hefur ríkið komið að málum með einskiptis aðgerðum til handa bændum. Það er góðra gjalda vert en það er áríðandi að búa þannig um hnúta til framtíðar að greininni sé gert kleift að starfa og keppa við eðlilegar og sanngjarnar aðstæður.

Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu unninni af Deloitte kemur fram að skýrsluhöfundar meta rekstrarhagræði af því að ráðast í aukna hagræðingu í slátrun á sauðfé og stórgripum vera á bilinu 0,9-1,5 milljarða króna og auk þess myndi fjárbinding greinarinnar lækka um 0,9-1,8 milljarða króna og draga úr fjárfestingarþörf til framtíðar. Þetta tækifæri blasir við.

Með auknum heimildum til hagræðingar væri unnt að hækka verð verulega til bænda án þess að það hefði sambærileg áhrif á verð til neytenda með tilheyrandi áhrifum á framfærslukostnað og vísitölu neysluverðs.

Til að þetta megi verða þarf lagabreytingu en stjórnvöld og starfshópar á þeirra vegum hljóta að horfa til þessa atriðis við vinnu sína á næstu vikum.

Ágúst Torfi Hauksson,
forstjóri Kjarnafæði Norðlenska

Samstaðan aldrei mikilvægari – Stendur þú með þér, kæri bóndi?

Nú hafa verið sendir út greiðsluseðlar til félagsmanna Bændasamtaka Íslands fyrir félagsgjöldum ársins 2022.

Greiðsluseðlarnir ættu að vera komnir í heimabanka félagsmanna. Greiðsla þessara seðla er lykilforsenda fyrir því að Bændasamtökin geti haldið úti starfi sínu.

Og til hvers, spyrja sumir, hvað gera Bændasamtök Íslands í raun og sann? Svarið er einfalt; Bændasamtökin sinna öflugri hagsmunagæslu fyrir bændur og hefur sú hagsmunagæsla sjaldan ef nokkurn tíma verið eins mikilvæg!

Þeir fordæmalausu tímar þar sem sjálfbærni um fæðuöryggi þjóðar hefur aldrei skipt jafn miklu máli og nú, sýna enn og aftur fram á mikilvægi og nauðsyn þess að Bændasamtökin geti sinnt starfi sínu.

Varið hag bænda og kjör, leitt gerð búvörusamninga, talað fyrir auknum stuðningi, gætt þess að reglugerðir og aðrar lagasetningar íþyngi ekki bændum, gætt hagsmuna bænda í óteljandi fjölda nefnda og ráða, kynnt og talað fyrir gæðum landbúnaðar innanlands og erlendis

Guðrún Birna Brynjarsdóttir.

og gefið út eitt mest lesna dagblað landsins, sem dreift er frítt um land allt, hvar þú ert einmitt að lesa þessa grein. En styrkur samtakanna endurspeglast í getu Bændasamtakanna til að halda úti starfsemi sinni.

Aðild að Bændasamtökunum og greiðsla félagsgjaldanna er þannig beinn stuðningur við hagsmuni félagsmanna. Stendur þú ekki örugglega með þér sjálfum, kæri bóndi?

Athygli er vakin á því að ekki leggst innheimtukostnaður á kröfuna. Þeir sem vilja skipta greiðslunni geta gert það í heimabanka eða í gegnum þjónustufulltrúa í bankanum.

Guðrún Birna Brynjarsdóttir, *sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Að sveifla haka

Þórey Gylfadóttir
jarðræktarráðunautur RML
thorey@rml.is

Nú er vorið liðið og næsta árstíð tekin við. Fræ komið í jörð þar sem það á að fara og biðinni eftir fyrstu blöðunum víða lokið.

Áhyggjur af því hvernig veðrið muni leika þetta græna ekki liðnar hjá, og gera það sennilega aldrei, taka sér kannski hvíld annað slagið en koma svo fílefldar til baka. En það er með þetta sem maður getur ekki breytt, veðrið og allt það. En svo er það hitt sem maður getur breytt og það er ansi margt.

Jarðrækt er margslungin, enda spila þar saman fjöldamargir þættir og það þarf að huga að lifandi og dauðum hlutum, sýnilegum sem ósýnilegum og svo þessu sem maður ekki stjórnar. Allt þarf svo að setja í samhengi við tímann, hvað var og hvað verður.

Mikilvægi jarðvegs og meðhöndlunar hans er stór þáttur í allri jarðrækt. Kannski er okkur tamara að hugsa um það sem við handleikum og sjáum svo sem fræ, áburð og uppskeruna en ekki má vanmeta mikilvægi jarðvegsins. Það er efniviðurinn sem stjórnar aðgengi næringarefna, miðlun vatns, rótarfestu og vexti plantna svo eitthvað sé nefnt. Því er mjög mikilvægt að gleyma ekki, eða vanmeta, það lífríki sem er neðan svarðar. Vitum við sýrustig (pH) jarðvegsins, gætum við að jarðvegsþjöppun, hvernig er framræsla, pössum við upp á næringarefni og lífræn efni sem eru í jarðvegi, stundum við sáðskipti? Allt skiptir þetta miklu máli þegar kemur að því að viðhalda frjósemi jarðvegs sem er lykilatriði í allri ræktun.

Jarðvegurinn sem höfuðþáttur

Jarðvegurinn er jafn mikilvægur, og lifandi, eins og skepnurnar sem við venjulega flokkum búgreinarnar eftir. Þannig þurfum við að horfa á hann og huga að allri meðhöndlun hans með sambærilegum hætti og við höfum tamið okkur varðandi aðrar búgreinar í landbúnaði. Það er jafn mikilvægt að næra og hlúa að jarðvegi eins og skepnunum sjálfum og til að geta gert það þarf að vita um ástandið og gera áætlanir hvernig á að breyta og bæta, þegar og ef þess þarf með. Hvað er sýrustigið, hvað er æskilegt að það sé og hvað þarf að gera til að laga það? Er sjáanleg jarðvegþjöppun, hvað er hægt að gera í því og hvernig má fyrirbyggja hana eða minnka? Er framræslu ábótavant, hverjar geta verið afleiðingar af því og hvernig má bæta hana? Eru næringarefni og/eða lífrænt efni að tapast, hvernig komum við í veg fyrir hugsanlegt tap? Er þörf á að hvíla land, hver er ávinningur af sáðskiptum?

En það er sama hvort verið er að vinna land, sá í það, bera á lífrænan eða tilbúinn áburð eða hvað annað sem gert er við ræktun landsins, við þurfum að muna að það er besta mjólkurkýrin okkar.

Vitum, greinum, gerum

En hvar á að byrja? Jú, við þurfum alltaf að byrja á því að vita hver staðan er, svo tökum við meðvitaðar ákvarðanir um framhaldið í þá átt sem við viljum fara. Það eru ekki allir á sömu leið og því er ekkert eitt svar rétt fyrir alla. Ræktunarsagan er dýrmæt og með vönduðum skráningum höldum við utan um hana, ekki má vanmeta þann þátt.

Sprotinn er almenn jarðræktarráðgjöf í boði hjá RML. Hægt er að aðlaga ráðgjöfina að þörfum hvers og eins og áhersluatriði geta verið breytileg. Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu RML eða hjá undirritaðri.

Þórey Gylfadóttir
jarðræktarráðunautur

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður.
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.
Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.
Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.
Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði

40 ár á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

LESENDARÝNI

Stöðugleiki á óvissutímum möguleiki fyrir ylræktarbændur?

Það er margt í dag sem veldur því að verðlag á vöru fer hratt hækkandi. Stríðið í Úkraínu hefur þar mest að segja sem og hækkandi verð á orku í Evrópu og Asíu.

Þessara áhrifa er farið að gæta verulega í sveitum landsins eins og annars staðar og förum við garðyrkjubændur ekki varhluta af því. En þrátt fyrir ástandið í heiminum, þá er það rafmagnið sem veldur mestri óvissu hjá ylræktarbændum. Það vandamál er ekkert nýtt af nálinni en þar hefur ríkisstjórnin öll verkfærin til að bregðast við og gera betur án þess að það taki langan tíma.

Þarna er ég að tala um dreifingarhluta raforku, dreifingin er ekki á samkeppnismarkaði og borga því ylræktarbændur sem nota vaxtarlýsingu sama taxta og hver annar, sama hvað þeir nota mikið rafmagn. Ríkið setur fjármagn í pott til stuðnings við greinina, vandamálið er að potturinn er alltaf sá sami. Alls óháð því hvort nýir aðilar hafa áhuga á að hefja búskap, hvort bændur stækka við garðyrkjustöðina sína til að mæta aukinni eftirspurn, þurfi að lýsa meira eða hvort verðhækkanir séu á rafmagnsverðinu til þeirra. Ríkið

Axel Sæland.

er að hvetja bændur til að framleiða meira en um leið að segja að þeir muni fá minna fyrir vöruna. Þannig kerfi getur ekki virkað hvetjandi fyrir innlenda framleiðslu.

Í búvörusamningum er talað um allt að 95% mótframlag við dreifingarkostnaði raforku, hljómar vel. En í ár er verið að greiða miðað við 74%, sem þýðir mikinn kostnaðarauka fyrir bændur og endar með því að þeir draga úr lýsingu og þar af leiðandi framleiðslu. Dreifing raforku hækkaði um 6% síðastliðin áramót sem er stærsta ástæðan fyrir því að ríkið lækkaði hlutfallið til að potturinn (375 milljónir) kláraðist ekki of snemma.

Í búvörusamningum er talað um allt að 95% mótframlag við dreifingarkostnaði raforku, hljómar vel. En í ár er verið að greiða miðað við 74%, sem þýðir mikinn kostnaðarauka fyrir bændur og endar með því að þeir draga úr lýsingu og þar af leiðandi framleiðslu.

Í stjórnarsáttmála segir nákvæmlega **„Aukinni framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforku til ylræktar“**, þá fyrst geta bændur farið að gera raunhæfar rekstraráætlanir. Þessi sveifla á niðurgreiðsluhlutfallinu gerir bændum það ómögulegt og í raun þrýstir á bændur að hækka vöruverð til að hafa axlarbönd á sínum rekstri. Í sáttmálanum segir einnig „með auknum áhuga á hreinum afurðum, sem framleiddar eru með endurnýjanlegri orku og grunnu kolefnisspori á Íslandi, skapast mikil sóknarfæri í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða.

Við viljum búa þessari starfsemi samkeppnishæft umhverfi til að gera henni kleift að standa enn betur undir því fjölþætta umhverfi sem hún gegnir í íslensku samfélagi …“

Það er svo sannarlega kominn tími til þess að halda hátt á lofti þeim gríðarlegu tækifærum og einstöku aðstæðum sem við höfum til að rækta framúrskarandi afurðir fyrir íslenska neytendur.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur nú allt í hendi sér til að sýna vilja í verki og standa við góð orð. Þarna á ríkisstjórnin að gera betur og búa til fyrirsjáanlegra umhverfi fyrir ylræktarbændur, tryggja ákveðinn stöðugleika og hvetja þannig bændur til að rækta meira án þess að þurfa að taka stóra áhættu í nafni fæðuöryggis.

Við höfum hér alveg einstakar aðstæður á heimsmælikvarða til ræktunar á matvælum með lágu kolefnisspori, án notkunar eiturefna, og þar sem launamenn fá sómasamleg laun fyrir sitt vinnuframlag.

Axel Sæland,
formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands

Faun glussa krani - Faun RTF - 40 - 3
Vinnuvélastundir: 20.931.
KM staða: 25.031.
Verð: 5.300.000kr + vsk.



Liebherr 900 Hjólagrafa
Árgerð: 2009. Vinnustundir:14.000.
Verð: 6.400.000 kr +vsk.

Pallur á vörubíl til sölu.
Verð 250.þús + vsk.

Til sölu!

Urð og Grjót ehf

Lyngháls 12, 110 Reykjavík • sími: 660 0040 / 660 0045 • netfang: urdoggrjot@urdoggrjot.is

Lely Center Ísland
Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson.

Katrín Oddsdóttir.

Opið bréf til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa!

Til hamingju með að ná kjöri. Nú er mikilvægt að vanda sig.

Eitt af því sem kjörnir fulltrúar bera ábyrgð á er að þeirra sveitarfélag hafi samráð við fatlað fólk. Nú er lag að nýjar og endurkjörnar sveitarstjórnir gæti að lagaskyldu sinni til að koma upp notendaráðum fatlaðs fólks í hverju sveitarfélagi. Fjölmörg sveitarfélög hafa nú þegar góða reynslu af slíku fyrirkomulagi sem skilar sér í betri ákvörðunum og betri nýtingu á fjármagni, auk þess sem samfélög sem viðhafa samráð verða betri staðir til að búa á.

Hvort sem sveitarfélög hafa starfrækt notendaráð áður, eða hyggjast leggja af stað í þá vegferð núna, þá er mikilvægt að kalla strax eftir tilnefningum frá hagsmunafélögum fatlaðs fólks um einstaklinga á svæðinu til að sitja í þessum ráðum.

Undirrituð hafa verið í sambandi við fatlað fólk í notendaráðum um allt land undanfarin misseri á reglulegum fundum. Auk þess höfum við átt samtal við starfsfólk sveitarfélaga og kjörna fulltrúa um þessi mál. Af þeirri reynslu höfum við lært að það virkar vel að kjörnir fulltrúar sitji í slíkum ráðum og séu þannig í beinu talsambandi við fatlaða íbúa í stefnumótun og ákvarðanatöku. Vel hefur gefist að starfsfólk sveitarfélaganna sé frekar í stuðningshlutverkum í þessum nefndum.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við skipan og starfrækslu notendaráða:

- Leitast við að hafa hóp fulltrúa fatlaðs fólks ekki of lítinn þannig að fjölbreytileiki náist.
- Tryggja að fatlað fólk sé ekki í miklum minnihluta í notendaráðinu.
- Greiða fyrir setu í ráðinu líkt og greitt er fyrir í öðrum fastanefndum.
- Passa að fundir séu haldnir í aðgengilegu húsnæði og að gögn séu send með hæfilegum fyrirvara fyrir fundi til að hægt sé að kynna sér þau í þaula.

Við skorum hér með á sveitarstjórnarfulltrúa sem þetta lesa, að gera málið að sínu og tryggja að samráð við fatlað fólk sé til fyrirmyndar í ykkar sveit.

Ekki hika við að hafa samband, hvort sem er í síma eða tölvupósti, mottaka@obi.is. ÖBÍ er boðið og búið að aðstoða ykkur varðandi þessi mál og auðvitað til þess að fá tilnefningar um fatlað fólk til samstarfs.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður Öryrkjabandalags Íslands

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson,
formaður NPA-miðstöðvarinnar

Katrín Oddsdóttir,
mannréttindalögfræðingur

LÍF & STARF

Árni Bragason landgræðslustjóri, Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson á Kaldbak á Rangárvöllum ásamt Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra. Myndir / Landgræðslan

Bændurnir á Kaldbak og Landvernd hlutu Landgræðsluverðlaunin 2022

Bændurnir á Kaldbak á Rangárvöllum og Landvernd hlutu Landgræðsluverðlaunin 2022.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhenti þau á ársfundi Landgræðslunnar 27. maí.

Þau eru afhent einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum sem hafa þótt sýna góðan árangur við landgræðslu og landbætur og voru fyrst afhent 1990.Í rökstuðningnum fyrir valinu á Kaldbaksbændum er tiltekið að þau Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson hafi stundað öflugt og árangursríkt uppgræðslu- og landbótastarf á jörð sinni – og fleiri svæðum á Rangárvöllum – um áratuga skeið. Svæði sem áður voru ógróinn sandur séu nú meira og minna uppgróin og ekki marga ógróna bletti að finna á jörð þeirra í dag.

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands hlýtur verðlaunin fyrir *„afar öflugt fræðslustarf síðustu árin tengt vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu,“* eins og segir í rökstuðningnum. Í því sambandi eru nefnd verkefni eins og Grænfáninn, Vistheimt með skólum, Græðum Ísland (CARE), Öndum léttar, Loftslagsvernd í verki – auk fræðsluritsins Vörsluskylda búfjár sem kom út vorið 2021.

Verðlaunahafarnir fengu afhent Fjöregg landgræðslunnar, verðlaunagripi sem unnir eru úr tré í Eiklistiðju, í Miðhúsum við Egilsstaði.

/smh

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Um er að ræða húsnæði og rótgrólnn rekstsur sem hefur verið í sömu fjölskyldunni s.l. 34 ár.

Um er að ræða mjög gott og vel við haldið hús alls 190 fm sem stendur í alfaraleið á 2,503 fm malbikaðri lóð með góðri eldsneytis- og þjónustuaðstöðu fyrir umferð um svæðið.
Verslunin þjónar mjög stóru svæði, þ.e. Árnesi og nágrenni ásamt ógrynni sumarhúsa og lögbýla, bílaumferð ferðamanna, þjónustu-,og atvinnubifreiða.
Í nágrenninu er tjaldsvæði Árness og sundlaug með mikilli umferð sumarið um kring sem nýta sér verslun og þjónustu verslunarinnar.
Það styttist í að Þjórsárbrúin verði að veruleika sem mun mjög líklega auka umferð og viðskiptin ásamt frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal

Ólafur B. Blöndal
Löggiltur fasteigna- fyrirtækja- og skipasali
s. 690 0811
olafur@gimli.is

Reksturinn samanstendur af veitingasölu, grilli, fjölbreyttri matvöruverslun með allar helstu nauðsynjar ásamt bensín og olíusölu með samningi við N1

GIMLI FASTEIGNASALA

BIRCHMEIER®
SMART UND SWISS SEIT 1876

Streymi heildverslun ehf. | Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | www.streymi.is

VÉLABÁSINN

Margverðlaunaður sendibíll – prufukeyrsla á Peugeot Partner

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Nýlega fór sá er þetta skrifar á stúfana og prufukeyrði hinn margverðlaunaða Peugeot Partner sendibíl sem Brimborg selur.

Ástæðan fyrir áhuga mínum á að prufa þennan bíl frekar en annan er vegna þess hve mörg verðlaun billinn hefur hlotið. Hann ber meðal annars titilinn *International Van of the Year 2019*, sem eru verðlaun fjölþjóðlegs hóps bílablaðamanna, auk þess sem breska tímaritið *Parker* setti þá á toppinn yfir bestu litlu sendibílana í nokkur ár.

Billinn sem ég prufukeyrði var L1-Van Pro útgáfan. L1 stendur fyrir styttra hjólabil, en hægt er að fá aðeins lengri L2 útgáfu.

Pro stendur fyrir aukahlutapakka og þrjú sæti, þannig að umræddur bíll var vel útbúinn.

Stór ættbogi sendibifreiða

Peugeot Partner tilheyrir fjölskyldu sendibíla sem allir eru í raun sami billinn fyrir utan smá blæbrigðamun á útliti og búnaði. Systkini Peugeot Partner eru Citroën Berlingo, Opel Combo og Toyota Proace City. Það er því hægt að yfirfæra margt af því sem hér kemur fram yfir á hina bílana.

Að þessu sinni keyrði ég 1,5 l dísilvél, en allir áðurnefndir bílar munu koma til landsins sem rafmagnsbílar á næstu vikum eða mánuðum og mun ég eflaust reyna einhvern þeirra til samanburðar.

Ökumannshúsið

Í ökumannshúsinu má finna ýmsar sniðugar lausnir hvað varðar hirslur og notagildi rýmisins afar gott.

Ég vil sérstaklega nefna hliðarborðið sem er staðalbúnaður í Pro útfærslunni. Með því að fella niður sætisbakið á miðjusætinu dregur maður fram lítið borð sem er mátulega stórt til þess að vera með fartölvu eða spjaldamöppu. Ég hef oft rekið mig á að handfrjálsi búnaðurinn í sendibílum sem þessum er svo lélegur að hann er alveg ónothæfur. Ég prufaði hins vegar að tengja símann í gegnum Bluetooth sem var mjög fljótlegt og einfalt og heyrðist rödd mín hátt og skýrt við notkun.

Pro útfærslan er líka með sniðuga lausn í farþegasætinu. Ýmist er hægt að lyfta sessunni upp til þess að fá pláss fyrir háan kassa inni í ökumannshúsinu. Þá er einnig hægt að draga sætisbakið fram og fella sætið niður í gólfið. Fyrir aftan sætisbakið leynist lúga aftur í farangursrýmið og með hana opna lengist farangursrýmið um 1,2 metra.

Farangursrýmið

Farangursrýmið er eins og við er að búast af sendibíl af þessari stærð; rúmgóður og einfaldur kassi sem rúmar auðveldlega tvö vörubretti. Rýmið er með góðu aðgengi frá öllum hliðum, með rennihurðum beggja vegna og afturhlerum sem hægt er að opna í 180 gráður. Peugeot býður upp á topplúgu að aftan sem getur verið gagnleg ef flytja þarf langar fjalir eða stiga. Hins vegar er ekki hægt að fá bæði, svo velja þarf annað hvort topplúgu eða tvær rennihurðir.

Ég tel þó algjöran óþarfa að vera með topplúgu á Pro bílnum vegna áðurnefndrar lúgu yfir í ökumannshúsið. Afturhlerarnir eru þannig útbúnir að hægt er að hafa annan þeirra opinn í akstri. Því er hægt að flytja hluti sem ná frá mælaborðinu og út um afturhlerann.

Styttri L1 billinn er með 559 kg hleðslugetu á meðan lengri útgáfan L2 má bera 843 kg.

Aksturseiginleikar

Á þeim tíma sem reynsluakstur fór fram lagði ég mig fram við að prufa bílinn við sem flestar aðstæður sem standa til boða snemma sumars; akstur í þungri umferð, á þjóðvegi og á grófum malarvegi.

Ég fann það strax að billinn er ekki hugsaður til langferða en við akstur heyrast mikil veg- og vindhljóð ásamt því að ökumannssætið er ekki það þægilegasta. Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að maður verði þreyttur í eyrunum og skrokknum eftir langa bílferð. Fjöðrunin á þessum Peugeot er hins vegar mjög mjúk og þegar ég ók á malarveginum tók ég eftir því hversu vel billinn tókst á við gróf þvottabretti og holur. Lausamölin virtist ekki valda miklum vandræðum heldur. Þó svo að þetta sé smár bíll þá jafnast aksturseiginleikar bílsins á malarvegi á við jeppling eða jeppa, fyrir utan áðurnefnt veghljóð.

Á þjóðvegum er billinn fljótur að ná upp aksturshraða og gírkassinn léttur og þægilegur í meðförum.

Ég er sjálfur 191 á hæð og mér fannst gírstöngin vera heldur langt frá mér eins og ég var með sætið stillt.

Það sem skilur þennan Peugeot Partner frá áðurnefndum systkinum sínum er smágert stýrið og smekkleg innréttingin. Stýrið er það lítið og mælarnir það hátt uppi að maður horfir á hraðamælinn fyrir ofan stýrið, ekki í gegnum það eins og gengur og gerist. Mér þykir það mjög þægileg uppsetning og smátt stýrið ákjósanlegt í innanbæjarakstri.

Samantekt

Peugeot Partner er smár og knár sendibíll með mjög vel útfærða innréttingu. Farangursrýmið er rúmgott og nytsemi þess eykst umtalsvert vegna lúgu inn í ökumannshúsið. Billinn er með mjúka fjöðrun og er þægilegur í keyrslu. Helsti gallinn er veg- og vindhljóð við akstur, en það sama á líklegast við um flesta sendibíla í þessum stærðarflokki.

Listaverðið á Peugeot Partner L1 er 3.990.000 krónur með vsk. Billinn sem ég prufaði var af Pro útgáfunni með nokkrum aukahlutum, eins og rennihurðum báðum megin og margmiðlunarskjá með bakkmyndavél. Sá bíll kostar 4.525.000 krónur með vsk.

Peugeot Partner er smár og knár sendibíll með mjög vel útfærða innréttingu og smekklegur í útliti. Myndir / ÁL

Farþegasætið lagt niður og lúgan aftur í farangursrýmið opin. Með þessu lengist farangursrýmið um 1,2 metra.

Nytsamlegt farangursrými.

Lúgan góða.

Skrifborð sem hentar undir fartölvu eða spjaldamöppu.

Smátt stýri sem er einkennandi fyrir Peugeot.

ELDVARNIR

Forvarnir og viðbrögð vegna gróðurelda

Mikið er rætt um breytt veðurfar um þessar mundir og eru allar líkur á því að þessar breytingar leiði til aukinna þurrka og hækkandi hitastigs hér á landi sem getur aukið líkur á gróðureldum til muna.

Ræktun trjágróðurs er mikil hér á landi og með hlýnun verða aðstæður gróðrinum hagstæðari og því líklegt að aukning verði á trjávexti á komandi árum. Lággróður á landinu er mikill í formi grass og mosa. Lággróðurinn er kjörin leið fyrir útbreiðslu elds yfir í hágróður. Einnig geta eldar í þurrum jarðvegi logað lengi og djúpt niður í jörðina langtímum saman.

Í þurrkatíð verður allt þetta lífræna efni eldnærandi og getur eldur borist mjög hratt um lággróðursvæði og hágróðursvæði. Mikilvægt er í skipulagningu gróðursvæða að huga að skiptingu svæða niður í brunahólf til þess að minnka líkur á því að eldur berist á milli hólfa. Þetta er hægt að gera með samsetningu lauftrjáa og barrtrjáa auk þess sem mikilvægt er að akturshæfir stígar og vegir séu settir á gróðursvæðið til þess að tryggja aðkomu björgunaraðila.

Gróður við sumarhús

Bændur og sumarhúsaeigendur þurfa sérstaklega að huga að sínu nærumhverfi. Víða má sjá sumarhúsahverfi í þéttum skógum eða trjálundum þar sem tré og runnar vaxa alveg upp að sumarhúsum. Þetta eykur mjög líkurnar á því að gróðureldur berist í mannvirkin. Mikilvægt er að alla vega einn og hálfur metri í kringum húsin séu alveg gróðurlausir og enginn hágróður sé í að minnsta kosti níu metra radíus í kringum húsin. Ágætar leiðbeiningar og upplýsingar um þetta eru á grodureldar.is.

Í þurrkatíð er heillavænlegt að halda gróðri safaspenntum í nærumhverfi bygginga með vökvun, sé þess kostur. Það minnkar verulega líkur á því að eldur berist að húsum. Einnig er mikilvægt að tryggja aðkomu slökkviliðs og annarra

Vigdís Häsler.

Garðar H. Guðjónsson.

björgunaraðila með því að gæta þess að vegir beri þung ökutæki og að trjágróður þrengi ekki að aksturleiðum. Dýrmætur tími getur tapast ef byrja þarf á því að klippa greinar eða höggva niður tré til þess að björgunartæki komist leiðar sinnar.

Aðgangur að slökkvivatni

Ekki er alls staðar greiður aðgangur að vatni til slökkvistarfa á sumarhúsa- og landbúnaðarsvæðum en umtalsvert vatn þarf til slökkvistarfa í gróðureldum. Slökkvilið bera oft og tíðum talsvert vatn með sér í dælubílum og tankbílum en það má sín lítils ef ekki næst að slökkva eldinn á upphafstigi.

Gera má ýmislegt til þess að tryggja aukið slökkvivatn. Þar má nefna niðurgrafnar safnþrær og stíflur í skurðum og lækjum. Auk þess er hægt að safna vatni frá heitum pottum í miðlæga safntanka. Best er að gera þetta með vitneskju viðkomandi slökkviliðs, svo björgunaraðilar viti hvar vatnið er að finna og svo hægt sé að tryggja að tæki slökkviliðsins nái vatni úr viðkomandi vatnslind.

Hvað varðar flótta fólks frá sumarhúsasvæðum þar sem eldur hefur komið upp í gróðri er mikilvægt að flóttaleiðir séu að minnsta kosti tvær, helst úr gagnstæðum áttum. Eldur og reykur geta bæði hindrað og heft för fólks ef vindátt er þannig að flóttaleið lokast.

Gætum að eigin öryggi og annarra

Það er afar mikilvægt að huga að sínu nærumhverfi með fyrirbyggjandi hætti til þess að lágmarka þá hættu sem að okkur og okkar nánustu getur steðjað. Það getur verið langt í næstu björgunaraðila og þegar eldur hefur náð sér á strik getur hann breiðst út með ógnarhraða.

Við berum heilmikla ábyrgð sem einstaklingar og þurfum því að gæta öryggis og haga leik og störfum þannig að hvorki okkur né öðrum stafi hætta af. Lykillinn að öruggu nærumhverfi er góður undirbúningur og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Kvikni eldur í gróðri er nánast alltaf hægt að slökkva hann á auðveldan hátt í upphafi hafi maður til þess réttu áhöldin. En fái hann að dafna, þótt ekki sé nema í örfáar mínútur, getur voðinn verið vís.

Vigdís Häsler,
framkvæmdastjóri
Bændasamtakanna

Garðar H. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri
Eldvarnabandalagsins

Allar almennar bílaviðgerðir

Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

Smiðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is

Húsnæði til leigu

Til leigu á Vopnafirði:

Til leigu 2ja herbergja raðhús, 55,9 m² við Skálanesgötu 8 H.

Leiguverð er 125.000 kr. á mánuði tengt vísitölu neysluverðs. Hiti og rafmagn er ekki innifalið í leigu.

Leigusamningur getur verið ótímabundinn eða tímabundinn til eins eða tveggja ára. Leggja þarf fram tryggingu sem nemur 2ja mánaða leigu.

Til leigu á Rifi Snæfellsnesi:

Til leigu 2 herbergja parhús, 70,3 m² við Háarif 91A.

Leiguverð er 115.000 kr. á mánuði tengt vísitölu neysluverðs. Hiti og rafmagn er ekki innifalið í leigu.

Leigusamningur er tímabundinn til eins eða tveggja ára. Leggja þarf fram tryggingu sem nemur 2ja mánaða leigu.

Nánari upplýsingar um eignirnar er að finna á vefsíðu Leigufélagsins Bríetar, https://briet.is

Leigufélagið Bríet

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	176	PÓLL	ÆTÍÐ	FRJÓANGI	DÓTARÍ		KRAFTA	ROFNA	MIÐLA	ÆRSLIST				
	BARNA-LEIKFANG										HNJÓÐ			
	SKARPUR					FLJÓTA								
	SÉR-HVERJA					HORFT / ÍLÁT								
	ÖFUG RÖÐ / MÁLMUR			TÍUND / SAMBAND						MIKLU				
	↓	HÆRRA	HLAÐA / TVEIR EINS						ÞEFA / SJÁVAR-FALL					
MÆLI-EINING					EYRIR / SKÝRA			RÝJA				ÖFUG RÖÐ / HITA		
HLÉ						HIMINN / ÁSTÆÐUR					LEPPUR / HINKRA			
ÁTT			FISKUR / LÖSTUR					ÞOLDI / BYLGJAST						BLAÐRA
SKAR				DREITILL / ÖNUG					ÁÞEKKUR / YRKJA					
		ÞILFAR / SKYNFÆRI					ÞORA / ÍLÁT						SAFNA	
BINDA						LÆKNA / TVEIR EINS						TVEIR EINS / MEÐ-VINDUR		
JAPPLA					SLAPPI / LEIÐSLA						MIS-MUNUR / ÖFUG RÖÐ			
ÍSKUR				REIÐAST					GLOPPA					
FLOKKAÐ						DOKA								

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	175	BETRUN	RÁNDÝR	LITLAUS	HAGUR		STRÍÐNI	LÆSA	ÁSTAND	NAUÐ				
	BLANDA GEÐI VIÐ	U	M	G	A	N	G	A	S	T	SKIPAST			
	GREINAR-MUNUR	M	Ö	R	K	TIL BAKA	A	F	T	U	R			
	SKÁN	B	R	Á	K	FLETTA / FITU-LÍTILL	B	L	A	Đ	A			
	ÆR / SNÍKJUR	Ó	Đ	LEYFI / ELDS-NEYTI	U	M	B	O	Đ	TRAMPA	Đ			
	↓	AF-RAKSTUR	HLYNNA AÐ / TVEIR EINS	S	T	U	M	R	A	GÆLUNAFN / URMULL	K	A	T	A
MASSI	M	A	G	N	NÓTA / VÍÐUR	R	E	TÍMABIL	G	Ó	A	Í RÖÐ / NÁTTA	R	S
FJAR-STÆÐA	Ö	F	G	A	R	MULDUR / SÆGUR	T	A	U	T	MEGNAÐI / ÞEYTAST	G	A	T
TVEIR EINS	L	L	KATTAR-ÝR / SÍÐRI	P	Ú	M	A	EINFALT / PLAN	R	A	K	I	Đ	MÆLI-EINING
SKIL	B	I	L	MANNA-LÆTI / ÍLÁT	M	O	N	T	SKADDA / PRÝÐA	L	A	S	K	A
	R	SÁÐJÖRÐ / RÆNU-LEYSI	A	K	U	R	ÚR HÖFI / TÓNLIST	O	F	MÁLHELTI / LOFT-SIGLING	S	T	A	M
SPIL	J	Ó	K	E	R	SALTA / KALLORÐ	F	R	E	S	T	A	MERKI	P
HUGAR-BURÐUR	Ó	R	A	R	MEITLA / ÖFUG RÖÐ	H	Ö	G	G	V	A	ÖFUG RÖÐ / Í RÖÐ	F	E
DREITILL	T	Á	R	KK NAFN	J	Ó	N	GLÓÐAR	R	I	S	T	A	R
HLUT-TAKANDI	A	Đ	I	L	I	ORKA	K	R	A	F	T	U	R	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
kemur næst út 23. júní
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Seljatunga

Haukur og Herdís keyptu Seljatungu, þá í Gaulverjabæjarhreppi, árið 1997 og fluttu þangað með þrjá syni sína.

Þau hafa síðan þá bætt húsakost og aukið framleiðslu og ræktun til muna.

Býli: Seljatunga.

Staðsett í sveit: Flóahreppur í Árnessýslu.

Ábúendur: Haukur Sigurjónsson og Herdís E. Gústafsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Burtfluttir þrír synir, tvær tengdadætur og eitt barnabarn, hundurinn Svali og kettirnir Gosi og Katti.

Stærð jarðar? Um 200 ha.

Gerð bús? Mjólkur- og kjötframleiðsla.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 200 nautgripir á öllum aldri, 14 kindur og tvö hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagarnir byrja á mjöltum og gjöfum og svo eru öll þau störf sem til falla hverju sinni.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Alltaf gaman í heyskap í góðri tíð en slítandi og leiðinlegt í vætutíð.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Aðstaðan býður upp á meiri framleiðslu og vonandi verður hægt að auka hana.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Hreinleiki og góð markaðssetning.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Heimareykt hangikjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það var á öðru árinu okkar í Seljatungu.

Þá kveiktum við í sinu eins og tíðkaðist víða í þá daga og eldurinn fór úr böndunum.

Allt fór þó vel að lokum hjá okkur, en það var ekki brennd sina hér aftur.

MATARKRÓKURINN

Hálfgrillaðir kjúklingavængir

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Fátt er betra en djúsí kjúklingavængir sem þarf ekki að hafa mikið fyrir að ná af beininu.

Vængina er hægt að elda á marga vegu, en þeir eiga til að þorna svolítið. Til að forðast það er gott að forsjóða þá. Úr soðinu er svo hægt að búa til gljáa til að velta kjúklingnum upp úr í lokin.

Í staðinn fyrir að nota venjulegan pott er eitt heimilistæki sem vert er að kynna. Nei, ekki Air-fryer, loftsteikingarpottur, það þarf ekkert að kynna þá. Við erum að tala um þrýstingspott. Gamla góða hraðsuðupottinn beint frá síðustu öld. Þeir áttu reyndar til að springa á hellum um allar sveitir í gamla daga en nýtískuútgáfan gerir það ekki – eða við vonum það.

Heiti potturinn

Í hraðsuðupottinn fara tveir, þrír pakkar af vængjum. Skilja flata hlutann og trommukjuðann að.

Klippa svo bláendann af þeim flata. Allt fer hráefnið í pottinn, líka endarnir því í þeim er allt smekkfullt af kollageni sem umbreytt verður í gelatín.

Endarnir fara í botninn ásamt bolla af vatni og vængirnir fara út í en ofan á gufusoðsgrind, allsberir og ókryddaðir. Sjóða kjúklinginn í 2-3 mínútur undir þrýstingi.

Potturinn er svo látinn standa og þrýstingurinn látinn hjaðna náttúrlega í 5 mínútur. Allt tekur þetta þó tæpar 15 mínútur því þrýstingurinn þarf jú að að byggjast upp. Ef enginn er þrýstingspotturinn er kjúklingurinn látinn malla í eins litlu vatni og hægt er í 20 mínútur eða svo.

Grillið

Á meðan er grillið undirbúið; kol sett í stromp eða gasgrillið hitað upp í rúmlega miðlungshita.

Beint af grillinu.

Myndir / Hari

Þegar kjúklingurinn er búinn að baða sig í þrýstingspottinum mun hann ekki líta vel út. Allur fölur og bara frekar óaðlaðandi en tilbúinn að fá á sig krydd.

Ekki vera hrædd við smá MSG, það gerir mat ljúffengan og hefur engan skaðað – held ég.

Kjúklingurinn er svo gott sem fulleldaður og þarf því bara að dökkna smá. Kannski 10 mínútur á grillinu eða svo. Snúa nokkrum sinnum svo ekkert brenni.

Á meðan kjúklingurinn fær á sig lit er vökvinn sem eftir er í pottinum, ásamt vængjaendunum, settur í stóra pönnu og soðinn niður þangað til um desilítri verður eftir. Þegar allt er að verða tilbúið eru endarnir veiddir upp úr soðinu og vökvinn kryddaður með nokkrum klípum af sömu kryddblöndu og vængirnir fengu ásamt vænum slurk af heitri sósu (hot sauce).

Smjörklípa, kannski matskeið eða svo er hrærð saman við sósuna í lokin. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er honum velt upp úr sósunni og þá er hann tilbúinn.

Hægt að breyta í BBQ vængi með því að setja slurk af grillsósu (barbecue) út í eða hafa soðið bara léttkryddað fyrir þá sem slíkt vilja. Þeim sem finnst gráðostur ómissandi geta stappað smá af honum í mæjónes og sýrðan rjóma en það þarf ekki því þetta er djúsí stöff.

Brokkólírunnar

Það er mjög fullorðins að fá sér brokkólí með vængjunum. Það er líka svakalega gott, er súpereinfalt og tekur bara nokkrar mínútur.

Brokkólíið er skorið í runna og smurt bragðlítilli olíu. Brokkólíið fer á grillið hjá kjúklingnum til að fá á sig smá lit.

Næst er að setja smjörklípu í pönnu og fínt saxaðan hvítlauk út í.

Þegar allt ilmar eins og hvítlaukur eftir 30 sekúndur eða svo er brokkólíinu bætt út í og blandað við hvítlaukssmjörið.

Þá er að sulla smá af kjúklingasoðinu á pönnuna og setja lok eða álpappír yfir.

Ef einhver er vegan í kjúklingavængjaveislunni er hægt að nota kranavatn. Gufusjóða þannig brokkólíið í mínútu eða tvær, þá er það tilbúið.

Hægt er að skipta brokkólíinu út fyrir blómkál, grænkál eða bara hvað sem hugurinn girnist.

Þunnar ræmur af gulrót eða kannski sellerí fyrir hreinstefnufólk.

Síðustu aldar hraðsuðupottur.

Kryddblanda

- 1 tsk. salt
- 1 tsk. pipar
- 1 tsk. paprikuduft
- 1 tsk. þurkuð steinselja
- ½ tsk. origano
- ½ tsk. Aromat (salt-MSG)
- ½ tsk. chiliduft
- ½ tsk. laukduft
- ¼ tsk. hvítlauksduft

HANNYRÐAHORNIÐ

Sumarlegur hattur

Heklaðir hattar eru að koma aftur í tísku og er þessi hattur heklaður úr 2 þráðum af DROPS Belle.

Ég heklaði hatt á dóttur mína eftir þessari uppskrift en skipti um garn til að fá rétta lúkkið. Dóttirin er mikill aðdáandi Eurovision og sló úkraínska atriðið rækilega í gegn hjá henni. Hattinn hennar heklaði ég úr tveimur þráðum af DROPS Safran og einum þræði af DROPS Kid-Silk. Allar þrjár tegundir af upptöldu DROPS garni eru á 30 prósent afslætti hjá okkur til og með 15. júní.

DROPS Design: Mynstur vs-083

Stærð: S/M - L/XL. Höfuðmál: ca 54/56 - 58/60 cm

Garn: DROPS Belle, 200-200 g, litur á mynd nr 25, skógarbrúnn

Bleikur hattur: DROPS Safran 100-100g, litur nr. 55 Cerise, DROPS Kid-Silk 25-25g, litur nr 13 kirsuber

Heklunál: 5,5mm

Heklfesta: 14 fastalykkjur og 16 umferðir = 10x10 cm.

STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Hatturinn er heklaður í hring ofan frá og niður. Hatturinn er ekki heklaður í spíral heldur er snúið við í byrjun hverrar umferðar. Hver umferð byrjar á 1 loftlykkju, þessi loftlykkja kemur ekki í stað 1. fastalykkju. Umerðin endar með 1 keðjulykkju í 1. fastapinna umferðar.

HATTUR:

Með heklunál 5,5 með 2 þráðum DROPS Belle. Heklið 4 loftlykkjur og tengið saman í hring með 1 keðjulykkju í fyrstu loftlykkju.

1. umf: Heklið 1 loftlykkju (telst ekki með), heklið 6 fastalykkjur um loftlykkjuhringinn, lokið umferð með 1 keðjulykkju í 1. Fastapinna. Snúið við.

2. umf: Heklið 2 fastalykkjur í hverja fastalykkju. Snúið við. = 12 fastalykkjur.

3. umf: Heklið *2 fastalykkjur í fyrstu fastalykkju, 1 fastalykkja í næstu fastalykkju*, heklið frá *-* út umferðina. Snúið við. = 18 fastalykkjur.

4. umf: Heklið *2 fastalykkjur í næstu fastalykkju, 1 fastalykkja í næstu 2 fastalykkjur *, heklið frá *-* út umferðina. Snúið við. = 24 fastalykkjur.

ATHUGIÐ HEKLFESTUNA!

Haldið svona áfram og aukið út um 6 lykkjur í hverri umferð, en í hverri umferð er hekluð 1 fleiri fastalykkja á milli hverra útaukninga. Þegar heklaðar hafa verið 12 umferðir eru komnar 72 fastalykkjur. Í stærð M/L er hekluð 1 umferð til viðbótar þar sem aukið er út um 2 fastalykkjur jafnt yfir = 74 lykkjur.

BÁÐAR STÆRÐIR:

Heklið eina umferð frá réttu þannig: Heklið 1 fastalykkju utan um hverja fastalykkju, þ.e.a.s. ekki er heklað í lykkjuna sjálfa, heldur er heklað utan um lykkjuna. Endið umferð með 1 keðjulykkju í fyrstu fastalykkju.

Haldið áfram að hekla fastalykkju í hverja fastalykkju þar til stykkið mælist ca. 10-11 cm. Mælt er frá umferðinni þar sem fastalykkjurnar voru heklaðar utan um fastalykkjur fyrri umferðar. Munið að snúa við í lok hverrar umferðar. Heklið barð.

BARÐ:

Heklið 1 umferð með 1 fastalykkju í hverja lykkju og aukið út um 3-6 lykkjur jafnt yfir = 75-80 lykkjur. Munið eftir að það er snúið við í lok hverrar umferðar í barðinu líka.

Nú eru sett 5 prjónamerki í stykkið með 15-16 lykkjur á milli prjónamerkja.

Haldið er áfram að hekla fastalykkjur í hring, jafnframt er aukið út um 1 lykkju á eftir hverju prjónamerki með því að hekla 2 fastalykkjur í sömu lykkjuna. (= 5 fastalykkjur fleiri í hverri umferð).

Haldið áfram útaukningu í hverri umferð þar til heklaðar hafa verið 6 umferðir með útaukningum = 105-110 fastalykkjur. Nú eru prjónamerkin færð þannig að þau verði staðsett mitt á milli fyrri útaukninga (þetta er gert til að formið á barðinu verði meira hringlaga). Haldið áfram með útaukningar við hvert prjónamerki (= 5 lykkjur fleiri í hverri umferð) 3 sinnum til viðbótar, jafnframt í síðustu umferð er jafnframt aukið út um 0-1 fastalykkju = 120-126 fastalykkjur.

KANTUR:

Heklið 1 fastalykkju í byrjun á umferð, *3 loftlykkjur, 1 keðjulykkja í 1. loftlykkju (hnútur gerður), sleppið 1 fastalykkju, heklið 1 fastalykkju í næstu lykkju*, heklið frá *-* út umferðina, en endið með 1 keðjulykkju í 1. fastalykkju í umferðar í stað þess að hekla 1 fastalykkju. Slítið frá og gangið frá endum.

Heklkveðjur,

***Mæðgurnar í Handverkskúnst**, www.GARN.is*

ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Létt

6		9	5			8		
	3					7	4	5
1			8	3				
	8		1	5			6	7
3			7		9			4
9	1			2	6		5	
				6	5			1
4	2	1					3	
		8			4	2		9

Miðlungs

	1						3	
6			3		5			8
		3	9		7	4		
	8		7	3	1		2	
		5				9		
	7		5	9	2		8	
		1	2		3	7		
9			6		8			2
	6						4	

Þung

	3				5	4		
6	1		7			5		
7			9					1
							2	8
		3				7		
4	9							
5					9			6
		7			4		8	5
		1	3				4	

Þyngst

		1	9				2	
					4			
	9	8						3
	4			8				7
	6						2	
2				1			4	
3						8	6	
			2					
		5			9	7		

Galdurinn við Sudokuþrautirnar er að setja inn réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Uppáhaldsdýrin eru hestar og kindin mín

Vigdís Anna er hestastelpa og finnst fátt skemmtilegra en að hleypa á stökk og hoppa á trampólíni.

Nafn: 8 ára.

Aldur: Naut.

Stjörnumerki: Naut.

Búseta: Hofsstaðir, Borgarbyggð.

Skóli: Kleppjárnsreykjaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Frímínútur.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hestar og Kría, kindin mín.

Uppáhaldsmatur: Pitsa.

Uppáhaldshljómsveit: Disco.

Uppáhaldskvikmynd: Zombie.

Fyrsta minning þín? Þegar við fengum nýtt trampólín.

Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Nei.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Veit ekki.



Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Kenndi hesti hindrunarstökk og reið berbakt.

Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Fer til Svíþjóðar.

Næst » Ég skora á Valgerði Karin systur mína að svara næst.

FUGLINN: HÁVELLA

Hávella er fremur lítil kafönd og er eina öndin okkar sem skiptir um ham eftir árstíðum. Útlitsbreytingarnar á steggnum eru sérstaklega dramatískar en hann er nánast alveg ljós á veturna og alveg dökkur á sumrin. Hávella verpir um nær allt land á láglendi og tjörnum niðri við sjó. Hávellur verpa líka inn til landsins og hefur hún verið einkennisfugl hálendisvatna og tjarna. Vetrarstöðvarnar eru síðan allt í kringum landið, bæði við strendurnar og í stórum hópum talsvert frá landi. Íslenska hávellan er staðfugl að mestu en talið er að einhver hluti þeirra dvelji við Grænland á veturna ásamt því að við Ísland bætast við vetrargestir frá norðlægari löndum. Eitt af helstu einkennum hávellunnar eru áberandi langar miðfjaðrir stéls sem steggurinn lætur standa út í loftið á pörunartíma. Það verða gjarnan mikil læti og miklar erjur milli steggja á pörunartímanum. Steggirnir keppast við að ganga í augun á kollunum með því að synda í kringum þær og kalla í sífellu nafnið sitt há-á-vella.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

UMHVERFISMÁL - TÍSKA

Hringrás úrgangs er varðar gerð textíltrefja:

Samstarf IFC & móðurfyrirtækis Tommy Hilfiger

Móðurskipið PVH, sem stofnað var á því herrans ári 1881, hefur staðið af sér öldurnar í nú rúm 140 ár en upphaflega hönnuðu stofnendurnir og bræðurnir Moses og Endel Phillips og seldu skyrtur ætluðum kolanámumönnum Pennsylvaníu.

Dótturfélög fyrirtækisins í dag eru tískuveldi á borð við Tommy Hilfiger og Calvin Klein og eru núverandi stjórnendur svo sannarlega með hugann við framtíðina. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu PVH hafa þeir nú í nokkur ár verið í samstarfi við finnska líftæknifyrirtækið Infinited Fiber Company (IFC), sem hefur einkaleyfi á því sem kallast náttúruleg hringrás textíls.

Á vefsíðu IFC kemur fram að þeir nýti úrgang, ríkan af sellulósa sem annars væri urðaður – s.s. gamla vefnaðarvöru, pappa, uppskeruleifar á borð við hrísgrjón eða hveitstrá – og umbreyti þessu í hágæða trefjar fyrir textíliðnaðinn. Í samvinnu við PHV er svo m.a. einnig verið að reyna aðrar trefjar á borð við afganga af þrúgum vínframleiðslu.

Með fullkomlega hringrænt hagkerfi á stefnuskránni

Þessi einkaleyfisskylda endurgerð textíltrefja IFC, sem kallast Infinna, verður notuð í framleiðslu stuttermabola nú í sumar undir merkjum Tommy Hilfiger í Evrópu. Áætlað er að vörumerkið Calvin Klein bjóði að sama skapi upp á slíkt á næstu mánuðum, en þessi ákvörðun PVH er hluti af áframhaldandi umhverfisstefnu fyrirtækisins.

Með þessari tilhögun við gerð vefnaðarvara myndast nær enginn úrgangur, engin kolefnislosun og engin hættuleg efni notuð í ferlinu – en við meðhöndlun hráefnis til framleiðslu, t.d. bómullar eru í sumum tilvikum notuð varnarefni, til að koma í veg fyrir skemmdir á plöntunni sem eru í raun ekki holl okkur mönnunum. Stefnan er að allar vörur undir merkjum PVH fylgi hringrænu hagkerfi árið 2030 og lítur allt út fyrir að fyrirtækið hafi einnig möguleika á að endurvinna eigin óseldan klæðnað sem hráefni í ferli Infinited Fiber.

Nú í sumar býður merki Tommy Hilfiger í Evrópu viðskiptavinum sínum upp á stuttermaboli unna úr úrgangi sem umbreyttur hefur verið í hágæða textíltrefjar, undir nafninu Infinna.

Gæði í hönd við gæslu umhverfis

Á vefsíðu Vouge Business kemur fram að Esther Verburg, framkvæmdastjóri sjálfbærra viðskipta og nýsköpunar hjá Tommy Hilfiger á heimsvísu, auk PVH í Evrópu, hafi látið frá sér þá yfirlýsingu að þau séu staðráðin í að vera brautryðjendur og eiga í samstarfi við leiðandi fyrirtæki með svipað hugarfar sem knýja áfram nýsköpunar- og sjálfbærari vörur.

Með þeirri hugmynd að breyta úrgangi í nýjar vörur geti fyrirtæki lokað hringrás framleiðsluferla án þess að fórna gæðum.

Mikið er um að tískufyrirtæki samræmi sig þessu hugarfari og eru þegar umhverfisvænni valkostir við bómull, skinn og leður að sækja í sig veðrið. Í apríl síðastliðnum hóf íþróttafatafyrirtækið Pangaia samstarf við IFC um að framleiða skyrtur úr efni sem einungis var gert úr Infinna textíltrefjunum og hið ágæta danska tískuveldi Ganni tilkynnti í nóv- ember á síðasta ári, áætlaða notkun textíl- trefjanna við framleiðslu sína við hönnun í framtíðinni.

Fleiri fyrirtæki í sama báti

Á síðasta ári safnaði IFC 30 milljónum evra til rannsókna sinna og var meðal annars stutt af íþróttafatarisanum Adidas og tískufyrirtækjunum Bestseller (Vero Moda, Vila, Jack&Jones, Selected, Name it) og H&M. Af öðrum fyrirtækjum sem eru á þessari braut – framleiða vörur sínar úr endurunninni bómull a.m.k. eins og er – eru t.a.m. Stella McCartney og gallafatarisinn Levi's. Á sama tíma hefur Prada einnig byrjað að skipta út sumum af þekktustu nælonvörum sínum fyrir Econyl, einnig þekkt sem Re-Nylon.

Á vefsíðu Prada má finna þær upplýsingar að Prada Re-Nylon verkefnið sé afrakstur samstarfs milli Prada og Aquafil, ítalsks textílgarns-framleiðanda með yfir hálfrar aldar sérfræðiþekkingu í gerð gervitrefja. Aquafil er þekkt fyrir fjárfestingu sína í byltingarkenndum rannsóknum og þróun sjálfbærra efna, sem framleiðir nýtt úr gömlu. Nælonefni Prada, Re-Nylon er semsé gert úr ECONYL®, endurnýjuðu nælongarni sem hægt er að endurvinna nær endalaust, án þess að slíkt hafi áhrif á gæði efnisins. ECONYL® garnið er annars búið til með því að endurvinna fargað plast sem safnað er frá urðunarstöðum og höfum um alla plánetuna.

/SP

Dæmi um létta tösku frá veldi Prada – gerða úr endurunna nælonefninu Re-Nylon.

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókhálsi 5f – Sími 414 0000
Akureyri: Óðinsnesi 2 – Sími 464 8600
lci.is

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

• Tjaldvagninn • Fellihýsið • Húsbílinn • Bátinn • Hjólhýsið • Sumarhúsið • Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Meistarar að verki

Gerum við þök og veggi
Skiptum um klæðingar

Málum þök
Þéttum lek þök
Vanir menn
Vönduð vinna

Mávar byggingalausnir ehf
mavar@mavarehf.is
868 8030

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar

Arvirkinn

Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is

Bændablaðið

Kemur næst út 23 júní

OPEL Bílabúð Benna

Varahlutir á lager framleiddir af Opel á 35% afslætti í þjónustumiðstöð okkar. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við varahlutir@ benni.is, í s. 590-2000 eða mætt í þjónustumiðstöð okkar að Tangarhöfða 8-12.

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm,L - 170 cm x B - 200 cm x hæð - 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is

Kane vagnar á lager. Rúlluvagn/ flutningavagn 16t 10 metrar Verð kr. 3.500.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.

Blóðberg. Óskum eftir að kaupa þurrkað blóðberg í sumar. Frábær leið til þess að fá aukatekjur. Borgum gott verð per kíló. Upplýsingar í s. 462-2226.

Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Krakkaborg

Leikskólinn Krakkaborg leitar að kennurum til starfa skólaárið 2022-2023. Uppl. í s. 480-0151.

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými.Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar-og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm.Hákonarson ehf , s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Ekki liggur einhver á varahlutum úr Fella, einnar stjörnu múgavél TS 340-350-390 DN sem hann vill selja? Magnús s. 868-3528.

Gámarampar á lager- Heitgalfaniserað stál. Burðargeta - 8000 kg. Stærð - 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf, hak@hak.is S. 892-4163.

Einföldu fjárgrindurnar. Rækt saman án aukahluta. Stærð breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.

Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Gömlu góðu bússurnar (klofstígvél) fást í Veiðiportinu. Verð aðeins kr. 10.900. Koma í stærðum 37-48. Sendum frítt um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.is

MARÁS

TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir
Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ

John Deere, Ford, Zetor, Fiat, Case IH, New Holland, McCormick, Deutz-Fahr, Steyr, Massey Ferguson, Claas

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
LUNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

TIL LEIGU

Steinhella 17

- Hafnarfirði -

Lager - geymsluhúsnæði

500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu

Mikil lofthæð, laus nú þegar.

Upplýsingar í síma **893-9777**

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjólofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.

Ruddasláttuvél með safnkassa Vinnslubreidd 2 m sturtar upp í vagn. Aflþörf minnst 40 hp. Verð kr. 862.000+vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050

Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf.Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.

Til sölu Hunnebeck Manto 3ja metrakranamót, 40 lengdarmetrar með stífum, stillans og öllum fylgihlutum. Upplýsingar í s. 892-2221.

Drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn 100% frostfrítt. Einfalt í uppsetningu. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Verð kr. 118.000 +vsk. Til á lager Formax Paralamp ehf. Upplýsingar í s. 562-6800

JarMet sláttuvélar. Diskasláttuvél 2,9mverð kr. 890.000+vsk. Tromlusláttuvélar 165 cm verð kr. 312.000 +vsk. 185 cm verð kr. 350.000 +vsk, Vallarbraut.is s. 454-0050.

Mercedes Benz 230 SLK 1997. Ekinn 84.000 km. Beinskiptur. Uppl. í s. 820-1071.

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.

2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vikta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163,hak@hak.is, www.hak.is

Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör, erum staðsettir bæði á Suður-og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

Stórviðarsög á braut. Aflgjafar- 3 fasarafmótor 5,5 KW eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut- 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol 66 cm Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

Eigum til á lager Sailski slöngubáta í stærðum 270-500 cm. Verð frá kr. 149.000. Sendum um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.is

Sterkar og vandaðar PVC vöðlur, frábærar í veiði og alls kyns útivinnu. Verð aðeins kr. 15.900. Koma í stærðum 39-48. Sendum frítt um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.is

Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur- Traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is

Eigum Solis 90 vélar á lager. Verð kr.5.695.000 +vsk. Með tækjum, skóflu og rúllugreip Verð kr. 6.970.000 +vsk. Vallarbraut.is S. 454-0050.

SOLIS 26 HST sjálfskipt Verð kr. 1.880.000 +vsk. Með tækjum og skóflu. Verð kr. 2.480.000 +vsk. Vallarbraut.is S- 4540050.

Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta - 1500 kg, 2500 kg, 3000 kg, 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is

Deleks ruddasláttuvélar. 120 cm verð kr. 307.500 +vsk. 140 cm, verð kr. 345.000 +vsk. 165 cm verð kr. 380.000 +vsk. Vallarbraut.is S. 454-0050

Taðklær, lagerhreinsun. Breiddir - 1,2 m og 1,8 m, eurofestingar og slöngur fylgja. Mjög öflugar klær, stutt á milli tínda. Eigum einnig taðkvíslar 1,4 m með eurofestingum. Hákonarson ehf, s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu vegna breytinga. Sjö tonna ónotaður Weckman sturtuvagn. Verð kr. 980.000 (kostar nýr 1.510.000 m.vsk) þarf að seljast strax. Guðmundur s. 894-5759 og Helga s. 861-1849.

Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Kane vagnar á lager. Vélvagn 24 t loft og vökvabremsur með breikkunum. Verð kr. 4.190.000 +vsk. Malarvagn 20/23t verð kr. 5.500.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.

Diskasláttuvél KUHN GMD-600 árgerð 2013. Notuð á 4 hektara tvisvar á ári. Er í Skagafirði. Nánari upplýsingar í s. 860-4100.

Mercedes Benz Unimog U1300 LAmbulance herútgáfa til sölu. 1988 módel. Ekinn 33.000km OM366 vél, 6.0 lítra línu sexa með túrbínu. Verð kr. 5.500.000. Fluttur inn frá Þýskalandi árið 2017. Bíll í toppstandi. Hafið samband í s. 846-4896.

Bátakerrur frá Póllandi. Heitgalf. stál,mjög vandaðar. Heildarþyngd báts- 575 kg. Þýskar hásingar, vatnsheldar legur. Taka báta frá 3,8 m til 5 m. Spil, nefhjól og losanleg ljósabretti fylgja. Hákonarson ehf. s. 892-4163 hak@hak.is og www.hak.is.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Unimog 1836 (1700), 1981 árg. ek. 70.000 km. Mjög gott eintak. Uppl. í s. 663-0710.

Scania R 142H 6x2 1981 árgerð, ekinn heilan helling. Ökufær en ekki á númerum, nokkur góð dekk önnur minna góð, var í notkun síðasta haust. Verð kr. 500.000 eða tilboð. S. 892-0124, Pálmar.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm.Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta - 10 tonn. Hákonarson ehf, s. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu Ford escape. Góður bíll til hvers konar flutninga, rúmgott afturrými og afbragðs krókur. Skoðaður 2023. Fer ávallt í gang. Árgerð 2007. Sumar- og vetrardekk fylgja með. Ekinn 218.000 km. Smurþjónusta í topplagi. Mjög nýlegur rafgeymir. Skipt um vinkildrif, skipt um gormasett að aftan, skipt um hemladiska að framan x 2, skipt um hemlaklossa að framan x 2, skipt um hemlaborða að aftan x 2, skipt um splitti v/legu, skipt um hjólalegu STA, skipt um síu, skipt um hluta af hljóðkútskerfi. Ásett verð kr. 400.000 en er til skrafs um annað. Er líka með hann á bílasíðu Facebook. Uppl. netfang- dagmarolafsdottir@gmail.com

Man 8 136. Tilboð óskast S. 892-3793.

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf, www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Kurlari, tekur 20 cm boli. Aflþörf 40-70 hp, vökvadrifinn matari með hraðastillingu. Verð kr. 980.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050.

Til sölu 2 rakkar frá Grágásarræktun. Hreinræktaðir ísl. fjárhundar 8 vikna. Verða bólusettir, örmerktir með ættbókarvottorð og hvolpapakka. svalaagust@gmail.com s. 899-5056.

Jeep Grand Cherokee jeppi til sölu. Árgerð 2006 ekinn 218.000 km. Vélin 5.7L Limited, Hemi vél. Sjálfskiptur, 4x4, leðursæti, veltistýri og dráttarkúla. Upplýsingar í s. 895-0239.

Kane vagnar á lager. Vélavagn 16 t verð kr. 2.990.000 +vsk Vallarbraut.is s. 454-0050.

Opel Crossland X Enjoy, árg. 2018, bensín, sjálfskiptur, ekinn 27.000 km. Verð kr. 2.550.000. notadir.bennis.is s. 590-2035.

Þessi Massi Harris Ferguson. Óökuhæfur og ónotaður í ein 20 ár, fæst fyrir lítið gjald, gegn því að verða sóttur í Svarfaðardal sem fyrst. Upplýsingar í s. 861-8884.

Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd- 4,5 m. Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd - 100 kg, burðargeta - 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is

Til sölu M.Benz O404 rútubíll, árgerð 2000. Tekur 44+2 farþega. Bíll í góðu ástandi. Nánari upplýsingar gefur Indriði í s. 893-1565.

Til sölu Dodge Royal 1956 Verð kr. 3.400.000. Upplýsingar í s. 615-4335.

JOBMAN WORKWEAR Nýjar vörur!
Frábærar buxur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT Réttu fötin fyrir þig!
J2317 Verð: 6.990 kr.
J2324 Verð: 8.990 kr.
J2325 Verð: 10.900 kr.
Nýjar vörur
Smíðavasar
Teygjuefni innra læra
Hnjápúða-vasar
Endurskin
Litir
Vefverslun: Khvinnufot.is
Öryggi: Fyrst og fremst
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

ALK 150
ÞETTA SEM VIRKAR og er einstaklega gott á verkstæðið, í hesthúsið, fjárhúsið og fjósið.
Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óhreinindi. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, veggi, áhöld, vélar og fl. Virkar sérstaklega vel á fitu og sót.
Verð: 5L, 3.949 kr
20L, 12.815 kr
Ultrasonic Cleaner
Nokkrar stærðir
Sandblásturskútar
3 stærðir
Sandblásturskútur m/ryksugu 80L
Amerískir Sandblásturskassar
Sandblásturskassar með/án ryksugu
Nokkrar stærðir
- HREINSIEFNI - Íslensk
- SANDBLÁSTURSSANDUR
- SANDBLÁSTURSKASSAR
- SANDBLÁSTURSKÚTAR
- SANDBLÁSTURBYSSUR
- KERAMIKSPÍSSAR
- ÞVOTTAKÖR
- ULTRASONIC CLEANER
- O.m.fl.
SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA
Gildir ekki fyrir tilboðsvörur
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA SÍÐAN 1985
JÁKÓ vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600
Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

VÍKURVAGNAR EHF.
ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM
Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

LANDSTÓLPI
TÆKI OG TÓL
SULKY

SULKY - DX20
- Með upphækkun og loki
- Vökvaopnun
- Án jaðarbúnaðar
- Rúmtak 1.500 lítrar
- Kastbreidd 9-18 metrar
- **Með jaðarbúnaði**
1.090.000 + vsk.

GIANT BY TOBROCO



GIANT - G2700
- Vél: 50ha Kubota mótor
- Mesta lyftigeta: 1.900 kg. án þyngingar
- 30 km/h aksturshraði
- Dekk: 31x15.5-15 X-trac
- Niðurfellanlegt þak
- Umferðarljós
- 2x tvívirk auka vökvaúttök
- Dráttarkrókur
- 2x62 kg þyngingar
- Skófla eða gafflar fylgja með!

McHale

Hálmblásari/Gjafavagn

NOTAÐAR VÉLAR



Deutz Fahr Master Press Fastkjarnavél
- 2006 árg.
- Notkun: 19.000 rúllur
- 5 belti
- Vélin hefur fengið gott viðhald og verið geymd inni.
- Staðsett í Gunnbjarnarholti

McHale - Fusion Vario
Nánast ónotuð vél!
- Famleiðsluár: 2020
- Notkun: 1.000 rúllur
- Brautarlaus sópvinda
- 25 hnífa valfrjáls söxun
- Stillanlegt beisli fyrir þýskan krók
- Staðsett á Norðurlandi

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Sláttutraktor Antonio carraro, árgerð 1997 til sölu. Snjótönn fylgir með. Upplýsingar í s. 892-0330.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Nýtt. Solis 16, 16 hestafla vél með 120 cm ruddasláttuvél. Kynningarverð kr. 1.250.000 +vsk. Tilboð kr. 1.400.000+vsk með ruddasláttuvél, Vallarbraut.is s. 454-0050.

Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is

Er með til sölu Benz 814 árgerð 1991, Krone rúlluvél, Kverneland pakkara. Upplýsingar í s. 660-0371, Hjörtur.

Nýir vatnabátar til sölu. Smíðaðir úr trefjaplasti í Póllandi. Extra styrktur botn. Frábærir í vatnaveiði. Lokuð flothólf í framstafni og að aftan, CE merktir. Mál - Lengd - 3 m x Breidd - 1.25 m og þyngd - 60 kg. Tvær fallegar tréárar, tveir veiðistangahaldarar og geymsluhólf í afturstafni. Takmarkað magn. Verð kr. 289.000 m/vsk. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is Vefsíða- www.hak.is

<SsangYong Korando Dlx, árg. 2017, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 61.000 km. Verð kr. 2.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.

M.B. Sprinter 519 CDi 4x4 2021 3 way kipper 2001 til sölu. Sjálfskiptur. Heildarþyngd 5010 kg. Ekinn 1000 km. Uppl. S. 820-1071 kaldasel@islandia.is

Gripaflutningakerra til sölu, þarf ekki skráningu, smíðuð 1992, uppl. terry@simnet.is og s. 892-2032.

HR MÁLUN

HR málun tekur að sér alla almenna málningarvinnu, innan sem utan. Áratuga reynsla tryggir hraða og örugga þjónustu sem hægt er að stóla á. Við höfum mikla reynslu í málun á bröttum og erfiðum þökum, í mikilli hæð. HR málun. S. 778-6673 og 888-3003. Hr.malun@gmail.com

Þrýstisett fyrir neysluvatn.Til á lager - 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163 , netfang- hak@hak.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
5630300

ÁSCO
Alternatorar og startar í miklu úrvali

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá *Alpine*. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanapéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxullrosur. Spennustillar. Diðurr. *Rafgeymaskór.* Jarðsamband. Dlöðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternarora.* Vörur á 5.000 upp í 90kr. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is
BÍLARAFMAGN

Lely Center Ísland
Grammer sæti

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Til sölu

Dekk í ýmsum stærðum: Öll verð eru stykkjaverð án vsk. 400/60-15,5- kr. 25.000.- 540/65R 34- kr. 160.000.- 14/65-16- kr. 27.000.- 500/50-17- kr. 55.000.- 500/50R- 17 kr. 90.000.- 11,2 – 28- kr. 35.000.- 12,4 – 28- kr. 42.000.- Upplýsingar í tölvupósti á a.larsen.agro@gmail.com

Zetor 5011 framleiðsluár 1981. Ekinn 3885 vst. Hann þarfnast viðgerðar, eða til notkunar í varahluti. Uppl. í s. 865-8679.

Vatnsaflstöð 2 kw rafall og túrbína í góðu ástandi. Upplýsingar í s. 893-2636.

Til sölu einn gangur af sumardekkjum á felgum af Toyota Hiace sendibíl, árg.´99. Er í Reykjavík. Uppl. í s. 893-3397.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Trjákurlari til sölu. Staðsettur í Mosfellsbæ. Verð kr. 50.000. Upplýsingar veitir Kristinn Bjarnason í s. 660-0783.

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir ribs, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 800 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið. Uppl. í s. 857-7363 (Er í Reykjavík).

Hyundai Santa fe árg. 2012, keyrð 155.000 km. Stangalegur í vél eru farnar. Að öðru leyti í góðu standi. Óska eftir góðu tilboði. Uppl. í s. 760-5518.

Óska eftir

Óska eftir ristahliði (rimlahliði) ekki undir 3 m breiðu. Einnig óska ég eftir ódýrum litlum jarðtætara aftan í traktor. Einnig ef einhver á 50 cm ræsisrör. S. 892-0124 Pálmar. pks@emax.is

Óska eftir verkfærum og tækjum frá skósmiðum eða söðlasmiðum, vinsamlega sendu myndir á sigisl@gmail.com eða s. 837-4757.

Óska eftir smágröfu-beltavél í kringum 1-2 tonn, má vera gömul, biluð og ryðguð. Skoða allt, jafnvel Backhoe sem hægt væri að mixa á Bobcat eða litla dráttarvél. S. 848-2164.

Atvinna

Starfsmenn óskast í sumarvinnu á Reykjavíkursvæðinu. Húsnæði í boði. Uppl. í s. 894-7010.

Óska eftir hressum meira-prófsbílstjóra til starfa á höfuð-borgarsvæðinu. Uppl. veittar í netfangi jh@johannhelgi.is.

Jarðir

Til sölu 23 ha. land í Kjós. Nánari uppl. á visir.is og mbl.is. Götuheiti-Sandslundur.

Leiga

Ertu traust, barngóð stúlka á leiðinni í bæinn í skóla? Erum með mjög gott herbergi og aðstöðu til leigu með haustinu. Einhver barnagæsla gæti komið á móti leigu. Göngufæri við Flensborg og stutt í strætó. S. 861-9016.

Tilkynningar

Kaupi gamlar 78 snúninga plötur og vínylplötur, kassettur og stundum CD-diska líka.Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710olisigur@gmail.com.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

A.O.Verktakar Nýsmíði, endur-bætur og viðgerðir. Alhliða byggingaþjónusta. S. 761-8055 Netfang: aoverkt@gmail.com

SPORTBÁTAR
GÆÐIN SKIPTA ÞIG MÁLI

ZODIAC VATNA OG INNFJARÐARBÁTAR Á LAGER . FRÁBÆRT VERÐ Á HÁGÆÐABÁTUM FRÁ ZODIAC. GÆÐIN SKIPTA ÞIG MÁLI.

ZODIAC CADET 350: KR. 430.000.- M/VSK
ZODIAC TYPHOON 360: KR. 336.000.- M/VSK
ZODIAC TYPHOON 420: KR. 530.000.- M/VSK
ZODIAC TYPHOON 470 KR. 560.000.-M/VSK

HAFÐU SAMBAND
Sími 7605000
Netfang
lutheresportbatar.is
www.sportbatar.is

Verkstæðisþjónusta

Við tökum að okkur viðgerðir og þjónustu á vélum, tækjum og búnaði á þjónustuverkstæði Verkfæra ehf, bæði í Tónahvarfi 3, Kópavogi og á Dalsbraut 1, Akureyri.

Við rekum einnig verkstæðisbíla og getum þjónustað viðskiptavini út um land allt.

VERKFÆRI EHF
www.verkfaeriehf.is
S. 544-4210
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS
Vorsendingin okkar er loksins komin í hús
Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - Takmarkað magn
FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU
www.volundarhus.is

44 mm bjálki / Tvöföld nótun
GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

VH/21-02

volundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán
VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

volundarhus.is · Sími 864-2400

www.volundarhus.is

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA
GOTT AÐ NORÐAN
MERKIÐ TRYGGIR UPPRUNANN
Íslenskt úrvalslamb frá Kjarnafæði Norðlenska, alið í sveitum Norðurlands og vottað með upprunamerki Íslensks lambakjöts. Þú getur treyst merkinu, það vísar alltaf á upprunann hjá norðlenskum bændum.
Íslenskt lambakjöt – náttúrulega gott að norðan.
KJARNAFÆÐI